Landamæri í kringum lífið

**JENNY DOWNHAM HEFUR SLEGIÐ Í GEGN MEÐ BÓK SINNI ÁÐUR EN ÉG DEY**





R. SIGMUNDSSON



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júlí 2008 — 196. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## SUNNUDAGUR



**RITHÖFUNDURINN OG ODDVITINN**

Óttar M. Norðfjörð og Guðríður Arnardóttir vita ekki mikið um hvort annað en eru sammála um að evran sé málið. Óttar og Guðríður settust á rökstóla.


RÖKSTÓLAR 12





## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP** Í dag verða suðlægar áttir, 3-8 m/s. Léttskýjað norðaustan og austan til en þykknar smám saman upp sunnan til og vestan með rigning þar í kvöld. Hiti 10-20 stig, hlýjast norðaustan til.


VEÐUR 4


# Strætó býður aksturinn út

**Strætó mun bjóða ríflega helming aksturs síns út í haust. Stjórnarformaður Strætó segist vilja bjóða út allan akstur en fyrir því sé ekki pólitískur vilji. Heildarverðmæti útboðsins er nálægt tíu milljörðum króna.**

**SAMGÖNGUR** Í haust verður akstur á nítján akstursleiðum Strætó bs. boðinn út.

Útboðið tekur til átta ára og er heildarvirði samningsins metið nálægt tíu milljörðum króna. Er þetta með stærri útboðum hins opinbera hér á landi. Verkefnið er útboðsskylt á Evrópska efnahagssvæðinu.

Borgarráð samþykkti útboðið á fundi sínum á fimmtudag og þar með hafa öll sjö sveitarfélög byggðasamlagsins gert svo.

Einkaaðilar hafa ávallt séð um hluta aksturs Strætó, því þegar byggðasamlagið var stofnað rann saman rekstur Strætisvagna Reykjavíkur (SVR) og Almennisvagna, sem önnuðust akstur í nágrannasveitarfélögum.

Leiðakerfi Strætó hefur tekið miklum breytingum frá stofnun félagsins en hefur í grófum dráttum verið þannig að gömlu SVR-leiðirnar voru á hendi Strætó.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætó, segir að eftir útboðið muni einkaaðilar sjá um ríflega fimmtíu prósent af akstri fyrirtækisins. Hann segist persónulega telja að bjóða ætti allan aksturinn út. Kostnaður við hvern kílómetra sé lægri á þeim leiðum sem einkaaðilar sjái um en hinum.

„Sjálfur tel ég skynsamlegast að bjóða allan aksturinn út. Ég sé ekki að það sé hlutverk sveitarfélaga að reka fyrirtæki sem sér um almenningsakstur. Þetta hefur verið rætt innan stjórnarinnar en það er ljóst að ekki er pólitískur vilji nú fyrir því að stíga það skref til fulls,“ segir Ármann. Hann undirstrikar að starfsfólki verði ekki fækkað við útboðið.

Svandís Svavarsdóttir, sem sat í stjórn Strætó í tíð 100 daga meirihlutans í Reykjavík, segir að með útboðinu sé ljóst að enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar sé stigið.

„Það ber allt að sama brunni hjá meirihlutanum í Reykjavík og hér er verið að einkavæða almannaþjónustu. Þá eru loforð um samráð við starfsfólk að engu höfð, en því hafði verið lofað að ekki yrði gengið til breytinga nema í samráði við það,“ segir Svandís.

Hörður Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Strætó, segir málið ekki hafa verið kynnt starfsfólki, enda eigi stjórn Strætó eftir að samþykkja útboðið. **- kóp**




**ÚRVALS ÚTSÝNI** Um tuttugu starfsmenn Ístaks hafa síðan í vor unnið við viðgerðir á turni Hallgrímskirkju. Turninn, sem er 75 metra hár, var illa farinn af steypuskemmdum og er verkið með viðameiri viðgerðarframkvæmdum sem ráðist hefur verið í hér á landi. Verkið hefur gengið vel, enda veðurskilyrði góð upp á síðkastið. Áætlað er að verkið taki um það bil eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Páfi um barnaníð presta:

# Biður fórnarlömb afsökunar

**ÁSTRALÍA** Benedikt XVI páfi bað í gær öll þau fórnarlömb sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun af hendi kaþólskra presta í Ástralíu afsökunar. Hann lýsti því yfir að rétta ætti yfir hinum seku.



BENEDIKT XVI PÁFI

Páfi, sem er í opinberri heimsókn í landinu, hefur ekki áður tekið jafn djúpt í árinni þegar kemur að glæpum af þessu tagi. Í apríl hitti hann fórnarlömb í Bandaríkjunum, en ekki er ljóst hvort svo verður nú.

„Ég er miður mín yfir þeirri þjáningu sem fórnarlömbin hafa upplifað. Þessar misgjörðir, sem eru algjört brot á trúnaðartrausti, verðskulda skilyrðislausa fordæmingu. Rétta verður yfir þeim sem bera ábyrgð á þessari illsku,“ sagði páfi í messu í gær. Margir áhrifamenn kaþólsku kirkjunnar í Ástralíu voru viðstaddir. **- kóp**

Íslenskt sorp er eftirsótt hráefni til endurvinnslu í útlöndum:

# Sorpa gríðarstór útflytjandi

**UMHVERFISMÁL** Á hverri viku fara fjörutíu gámar fullir af dagblöðum, tímaritum og sléttum pappír frá Sundahöfn til Gautaborgar á vegum Sorpu. Byggðasamlagið er stærsti útflytjandi til Svíþjóðar, en þar er pappírinn endurunninn og notaður í frekari framleiðslu.

„Úrgangsmálin hafa breyst þannig undanfarið að við lítum mun meira á sorp sem afurð en úrgang,“ segir Ragna I. Halldórsdóttir hjá Sorpu. „Umhverfisvitund fólks hefur aukist mjög á síðustu árum og hráefnið frá okkur er eftirsótt. Það er tiltölulega hreint og lítið um að fólk blandi öðru saman við pappírinn.“

Ragna segir að síðast þegar mælt var hafi um fjörutíu prósent af dagblöðum komið inn til endurvinnslu. „Við hvetjum almenning til frekari skila. Þá njótum við oft góðs samstarfs við félagasamtök og fyrirtæki; til dæmis við Fréttablaðið þegar kemur að Blaðberanum,“ segir Ragna og vísar þar til söfnunartösku sem Fréttablaðið hefur dreift til að auðvelda fólki að skila blöðunum til endurvinnslu.

Hér á landi eru endurunnin um 82 prósent af plast- og álflöskum og -dósum. Ef til dæmis Bandaríkjamenn næðu því hlutfalli mætti loka nokkrum álverum, því mun hagkvæmara er að endurvinna ál en frumvinna. **- kóp** / sjá síðu 14



**VERÐMÆTI** Mikil verðmæti eru falin í úrgangi sem fellur til á íslenskum heimilum, til að mynda í áldósum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


OPIÐ
til 20
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

NÚ ER KATT Í HÖLLINNI
RISA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
DVD MYNDIR - DVD TÓNLIST
TÓNLIST - TÖLVULEIKIR
Þúsundir titla í boði á ótrúlegum verðum
OPIÐ 11 - 19
ALLA DAGA VIKUNNAR

**SPURNING DAGSINS**



*Tryggvi, missirðu spón úr Aski þínum?*

„Nei, ég held ekki. En ég legg hann til hliðar í sex mánuði.“

Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og forstjóri Aska Capital, hefur verið ráðinn til að sinna ráðgjöf í efnahagsmálum í forsætisráðuneytinu í sex mánuði.

Skipverjar á ferðamannabátnum Víkingi björguðu kajakræðara í gærdag:

# Á réttum stað á réttum tíma

**VESTMANNAEYJAR** „Röð tilviljana gerði það að verkum að við björguðum karlinum,“ segir Sigurmundur Gísli Einarsson, skipstjóri á ferðamannabátnum Víkingi frá Vestmannaeyjum. Skipverjar Víkings björguðu kajakræðara sem lent hafði í sjónum skammt frá Faxasundi við Heimaey sídegis í gær. Maðurinn hafði verið í sjónum í rúmar fjörutíu mínútur og reynt árangurslaust að synda í land.

Maðurinn, sem er frá Litháen en býr í Reykjavík, reri út frá Eiðinu og hugðist róa í kringum Heimaey. Kajakinn fylltist af sjó og hvolfdi skömmu eftir að maðurinn lagði af stað.



**TAKK** Litháíski kajakræðarinn (fyrir miðju) þakkar hér Sigurmundi Gísla Einarssyni kærlega fyrir frækilega björgun.

Vegna tafa lagði Víkingur frá bryggju um tuttugu mínútum síðar en venjulega og sigldi því aðra leið en vanalega. Sigurmundur Gísli Einarsson, skipstjóri á bátnum, segist ekki vilja hugsa til þess sem hefði orðið, hefði Víkingur hefði ekki átt leið hjá manninum á þessum tímapunkti. „Maður vonar auðvitað að allt hefði verið í lagi, en allt stefndi í óefni hjá honum,“ segir Sigurmundur. Hann segir kajakræðarann hafa verið afar þakklátan fyrir björgunina. „Karlinn var brattur og vel á sig kominn, líklega vanur svona volki.“

Fjöldi ferðamanna var um borð í Víkingi. Kláraði báturinn útsýnissiglinguna áður en haldið var aftur til Eyja. Kajakræðarinn hafði því útsýnissiglingu upp úr krafsinu. **- kg**

Hryðjuverkaárás í Kasmír:

# Indverskir hermenn drepnir

**KASMÍR Í það minnsta nítján létust og fjöldi særðist í árás hryðjuverkamanna á bílalest indverskra hermanna sem fór um borgina Srinagar í Kasmír í gær.**

**Samtök, sem styðja pakistönsk yfirráð yfir landsvæðinu, lýstu ábyrgð á tilræðinu á hendur sér. Þetta er mannskæðasta hryðjuverkaárás síðan pakistönsk og indversk yfirvöld hófu friðarviðræður árið 2004.**

**Sprengingin varð tveimur dögum áður en næsta hrina friðarviðræðna hefst. Indland og Pakistan hafa háð tvö stríð um Kasmír síðan breskum yfirráðum á svæðinu lauk. - kóp**

Könnun fyrir SI um ESB:

# Meirihluti hlynntur aðild

**KÖNNUN** Meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru, samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins.

Sex af hverjum tíu segjast hlynnt því að hefja aðildarviðræður við ESB. Spurð um sjálfa aðildina kvaðst 51 prósent fylgjandi, 25 prósent á móti og 24 prósent hvorki hlynnt né andvíg.

58 prósent eru hlynnt upptöku evru, en 25 prósent á móti.

Meirihluti stuðningsmanna allra flokka er hlynntur því að hefja aðildarviðræður við ESB. Hjá Sjálfstæðisflokki eru 45 prósent með en 34 prósent á móti. Hjá Samfylkingu eru 85 prósent með en fimm prósent á móti. **- kg**

Alþjóðleg verkalýðshreyfing:

# Fjárfestar en ekki fólk hjá G8

**FÉLAGSMÁL Alþjóðlegu verkalýðssamtökin telja leiðtoga G8 hafa fjallað of lítið um efnahagslegar þrengingar og hættu á atvinnuleysi á fundi G8 ríkjanna í Tókýó í síðustu viku.**



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON**

**Samtökin telja að leiðtogarnir hafi einblínt um of á stuðningsaðgerðir fyrir alþjóðlega fjárfesta, í stað þrenginga almennings.**

**Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, er sammála því. „Það er áhyggjuefni að ekki skuli hafa verið tekist á við stóru vandamálin í veröldinni eins og hungurvofuna. Fókusinn var allt of mikið á fjármagn í stað fólksins, því miður.“ - kóp**

# Yngsta Byrgisstúlkan á leið á götuna aftur

**Yfirvöld hafa ekki staðið við loforð um að veita stúlkunum sem misnotaðar voru í Byrginu aðstoð. Sú yngsta sem kærði var aðeins sextán ára þegar brotin hófust í skjóli meðferðarúrræðisins. Hún óttast að lenda á götunni aftur.**

**FÉLAGSMÁL** Móðir yngstu stúlkunnar sem kærði Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, fyrir kynferðisbrot segir að yfirvöld hafi ítrekað brugðist loforðum um að koma dóttur hennar til hjálpar.

„Hún komst í meðferð í gegnum klíkuskap og til þess að hún fengi sálfræðihjálp þurfti ég í raun að hegða mér eins og ruddi,“ segir Sesselja G. Garðarsdóttir, móðir stúlkunnar. Hún tekur þó fram að hún vilji síður en svo nota klíkuskap og frekju til að fá hjálp fyrir dóttur sína en annað virðist ekki vera í boði.

Dóttir hennar Íris Dögg Héðinsdóttir var aðeins sextán ára þegar misnotkun Guðmundar hófst árið 2003 en þá hafði hún farið í Byrgið með leyfi barnaverndaryfirvalda. Íris er nú 21 árs. Hún hefur verið edrú í eitt ár, stundar vinnu og stefnir á að komast í nám í Borgarholtsskóla í haust. „Það lítur samt út fyrir að ég lendi á götunni 1. ágúst,“ segir Íris en hún og móðir hennar segjast orðnar mjög langeygar eftir svörum frá Jórunni Frímannsdóttur, formanni velferðarráðs Reykjavíkur, sem átti að finna húsnæði fyrir Írisi. Þau svör fengust hjá velferðarráði þegar Fréttablaðið ætlaði að inna Jórunni eftir svörum um málið að hún væri í sumarfríi og ekki væri von á henni aftur fyrr en í ágúst. Um það vissu mæðgurnar ekki.

Íris segist nú dvelja í húsnæði sem hún hafi engan veginn efni á miðað við tekjur sínar. Hún hafi verið við það að lenda á götunni í síðasta mánuði og því hafi hún fengið sérstakar húsaleigubætur þá. Sú hjálp sé þó allt önnur en sú sem yfirvöld hafi lofað á sínum tíma. „Það var sagt að við ættum að njóta forgangs í húsnæðismálum og fá sálfræðiaðstoð,“ segir Íris. Hún bendir þó á að af þeim átta stúlkum sem kærðu Guðmund hafi hún fengið sálfræðihjálp og ein stúlka fengið úthlutað húsnæði.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands frá því í maí kemur fram að Guðmundur „misnotaði aðstöðu sína og fjárhagslega yfirburði, veikleika skjólstæðinga sinna og leit þeirra í trúna á Guð, í þeim tilgangi að fullnægja eigin hvötum og kynlífsfíkn.“

Það var því mat dómsins að ákærði hafi unnið markvisst að því að fá kærendur til fylgilags við sig og virðist hann hafa valið sér fórnarlömb sem áttu mjög erfiða kynlífsreynslu að baki. Hann var því dæmdur í priggja ára fangelsi og til að greiða fjórum ungum konum miskabætur. **karen@frettabladid.is**



**ÍRIS DÖGG HÉÐINSDÓTTIR** Íris lenti á glapstigum fíkniefna þegar hún var aðeins um tólf ára gömul. Síðar glímdi hún við sprautufíkn og samþykktu yfirvöld að hún dveldi í Byrginu þegar hún var aðeins sextán ára gömul. Þar varð hún fyrir misnotkun Guðmundar Jónssonar, þáverandi forstöðumanns. Hún hefur nú verið edrú í eitt ár en óttast að lenda á götunni aftur fái hún ekki aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁSTANDIÐ KANNAÐ** Carlos Ferrari, eigandi og flugmaður, hugaði að véinni á Reykjavíkurflugvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ónógt eldsneyti í flugvél:

# Viðbúnaður vegna flugvélar

**SAMGÖNGUR** Lögregla og slökkvilið á Keflavíkurflugvelli voru í viðbragðsstöðu á föstudagskvöld vegna flugvélar á leið frá Grænlandi til Reykjavíkur. Flugmaðurinn hafði drepið á öðrum hreyfli vélarinnar.

Búist var við að vélin lenti í Keflavík, enda styst þangað. Þegar til kom óskaði flugmaður hennar eftir að lenda í Reykjavík, en þangað var ferð hans upphaflega heitið. Ástandið var metið þannig að slíkt væri óhætt.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknaenefnd flugslysa féll olíuþrýstingur á vélinni. Flugmaðurinn hafði nýlega keypt vélina og var ekki með nægilegt eldsneyti. **- kóp**

**BJÖRGUNARSVEITIR**

### Týndist í skoðunarferð

Víðtæk leit var gerð að níu ára dreng sem varð viðskila við foreldra sína í hellaskoðunarferð við Fljótstungu um tvöleytið í gær. Björgunarsveitir voru kallaðar út víðs vegar að. Vegfarandi fann drenginn fjórum tímum síðar, heilan á húfi.

**LÖGREGLUMÁL**

### Enginn í steininum

Enginn gisti fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardags. Samkvæmt lögreglu er þetta saga til næsta bæjar, enda ár og dagar síðan fangageymslur voru mannlausar á laugardagsmorgni.






Sumarstarfsmaður Veðurstofunnar ólst upp í Svíþjóð og les veðurfréttir:

# Erfitt að beygja tölurnar rétt

**FÓLK** Hannes Larsson hefur að sumarstarfi að lesa veðurfréttirnar í Útvarpinu. Hannes sem ólst upp í Svíþjóð á sænskan föður og íslenska móður.

„Ég hef alltaf kunnað íslensku,“ segir Hannes. „Mig langaði bara að koma hingað að vinna til þess að læra hana betur.“ Hannes er nítján ára og er frá Uppsölum. Hann er sumarstarfsmaður á Veðurstofunni.

„Ég sinni meðal annars eftirliti með veðri, ég fer út og kíki á skýin og fylgist með hita og skyggni auk þess að lesa veðurfréttirnar.“ Hann segir stemninguna góða á Veðurstofunni en að það hafi ekki verið auðvelt að byrja að lesa upp veðrið í beinni útsendingu.

„Það var alveg hræðilegt að byrja að tala í útvarpið,“ segir Hannes. „Ég reyni að vanda mig mjög mikið.“ Beygingar í íslensku máli eiga það til að stríða honum og aðspurður segir Hannes að það sé „erfiðast að beygja tölur“.

Hannes segir að útvarpslesturinn hafi komið fljótt. „Ég er búinn að vera að lesa síðan 23. júní og núna er þetta ekkert mál.“

Í haust stefnir Hannes á háskólanám í Svíþjóð en hefur enga ákvörðun tekið um hvaða nám verður fyrir valinu. **- hþj**



**HANNES LARSSON** ákvað að vinna á Íslandi í sumar til þess að fínstilla íslenskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




THULE TOPP BOGAR



THULE HJÓLAGRINDUR



THULE BACK UP BOX



THULE® SWEDEN

## Upplifðu Ísland með THULE ferðavörum.

Margvíslegar lausnir fyrir mismunandi þarfir.



Allar upplýsingar um THULE® ferðaboxin
er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

## GENGIÐ 18.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79 | 79,38 |
| Sterlingspund | 157,69 | 158,45 |
| Evra | 125,22 | 125,92 |
| Dönsk króna | 16,79 | 16,888 |
| Norsk króna | 15,545 | 15,637 |
| Sænsk króna | 13,218 | 13,296 |
| Japanskt jen | 0,7408 | 0,7452 |
| SDR | 129,1 | 129,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

16,4258

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meðlimir Saving Iceland mótmæltu á lóð Norðuráls í Helguvík í gær:

# Mótmælandi handtekinn

**MÓTMÆLI** Einn var handtekinn við mótmæli Saving Iceland-hópsins á lóð Norðuráls í Helguvík í gær. Honum var gefið að sök að hafa neitað að sinna tilmælum lögreglu og segja til nafns.

Tæplega fjörutíu mótmælendur komu til Helguvíkur klukkan hálf tíu í gærmorgun. Hlekkjuðu sumir þeirra sig við vinnuvélar og klifruðu upp í krana. Verkstjórar og vinnumenn lögðu samstundis niður vinnu og héldu til búða sinna skammt frá. Fjórtán lögreglumenn voru á svæðinu, og var eina handtaka dagsins gerð um klukkan hálf fjögur síðdegis. Stuttu síðar höfu mótmælendurnir að tínast á brott.



**MÓTMÆLI** Meðlimir Saving Iceland hlekkjuðu sig við vinnuvélar og klifruðu upp í krana. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Skúli Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Suðurnesjum, segir örlitlar ryskingar hafa orðið þegar lögreglumenn ætluðu að losa mótmælanda sem hafði hlekkjað sig við vinnuvél. Einnig hafi allir mótmælendurnir brotið lög með því að neita að hlýða tilmælum lögreglu þegar þeim var sagt að yfirgefa svæðið. Tekin hafi verið niður nöfn allra mótmælendanna, en ekki hafi þótt ástæða til að taka fleiri en einn höndum. Ekki sé ljóst hvort mótmælendurnir verði ákærðir.

Snorri Páll Jónsson, meðlimur Saving Iceland, segir mótmælin hafa tekist vel og vakið athygli á málstað þeirra. Mótmælunum var ætlað að vekja athygli á eyðileggingu jarðhitasvæða á suðvesturhorni landsins og mannréttinda- og umhverfisbrotum Century Aluminum í Afríku og á Jamaíku. Hópurinn stendur fyrir Þjórsárgöngu á hádegi í dag, sunnudag. - kg

Orkuveita Reykjavíkur:

# Guðmundur á dýrasta bílnum

**STJÓRNSÝSLA** Bílafríðindi lík þeim sem fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar, Guðmundur Þóroddsson, naut gilda ekki um starfandi forstjóra.

Hjörleifur B. Kvaran forstjóri segir marga starfsmenn fyrirtækisins njóta bílafríðinda, ýmist að fullu eða til takmarkaðra nota.Sjálfur aki hann sama bílnum og hann hafi fengið til afnota þegar hann var framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Orkuveitunnar.

Fram hefur komið að Guðmundur hefur til umráða jeppa sem kostar nýr um sjö milljónir. - kóp

Utanríkismálanefnd Alþingis:

# Óskar gagna um mannvirki

**STJÓRNMÁL** „Að sjálfsögðu mun ég verða við ósk Steingríms um fund,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, hefur óskað eftir fundi með nefndinni vegna meintra misvísandi upplýsinga um eignarhald á mannvirkjum á og við Keflavíkurflugvöll.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Bjarni segist ekki ætla að draga lappirnar með fundinn, en segir að samkvæmt reglum séu ekki haldnir fundir í júlí nema brýna nauðsyn beri til. „Ég hef óskað eftir því við ráðuneytið að teknar verði saman upplýsingar til undirbúnings fundinum. Hann gæti þó ekki orðið fyrr en eftir verslunarmannahelgi,“ segir Bjarni. - kg

Kjarnorkuáætlun Íran:

# Íranar svöruðu ekki tilboði

**KJARNORKA Samningamenn Írans og hóps stórvelda og alþjóðastofnana ákváðu í gær að ræðast frekar við um kjarnorkuáætlun Írana eftir tvær vikur.**

**Fundað var í Genf í gær. Samkvæmt Javier Solana, utanríkismálastjóra Evrópusambandsins, gáfu Íranar engin skýr svör við tilboði um ýmsar tilslakanir á refsiaðgerðum gegn ríkinu, gegn því að Íranar hætti að auðga úran.**

**Fyrir fundinn hafði fulltrúi Írans sagt að ekki kæmi til greina að hætta að auðga úran. Dró það nokkuð úr miklum væntingum sem menn höfðu haft um árangur af fundinum fyrir fram.** - kg

# Menn gefi sér ekki of mikið fyrir fram

**Borgarstjóri segir skipulagsráð eiga eftir að fjalla um tillögu um nýtt hús Listaháskólans í miðborginni. Borgaryfirvöld vilji vernda götumynd Laugavegar.**

**MIÐBÆRINN** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fagnar því að Listaháskólinn „með sína miklu starfsemi og mannauð komi í miðborgina“.

Borgaryfirvöld vilji sjá kröftugt mannlíf blómstra í sátt við sögu og götumynd Laugavegarins.

Borgarstjóri minnir þó á að tillöguna að nýjum Listaháskóla við Laugaveg eigi eftir að leggja fyrir skipulagsráð borgarinnar. Hann hvetur menn því til að „gefa sér ekki of mikið fyrir fram“.

Á fimmtudag var kynnt tillaga +Arkitekta að nýbyggingu Samson Properties og gerir hún ráð fyrir því að öll gömlu timburhúsin á reitnum hverfi, utan eitt.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Í málefnasamningi núverandi meirihluta borgarstjórnar stendur hins vegar að leitað verði leiða til að „varðveita 19. aldar götumynd Laugavegarins og miðborgarinnar eins og kostur er“.

Ólafur segist „viss um að hægt verði að samræma þarfir Listaháskólans og við vilja borgaryfirvalda um verndun götumyndar“. Stefna meirihlutans sé mjög skýr.

„Við höfum haldið uppi öflugri húsverndarstefnu og lagt megináherslu á uppbyggingu á baklóðum, líkt og á Laugavegi 4 og 6,“ segir hann.

Hann efast ekki um að það takist að ná góðri sátt um þetta: „Við ætlum að leysa vandamálin í miðborginni, en ekki búa þau til.“

Sumar aðrar tillögur sem kynntar hafa verið gera ráð fyrir að öll gömlu húsin standi en að skólinn sjálfur verði hærri.

„En það er enginn að tala um háhýsi þarna. Skipulagsyfirvöld hafa unnið markvisst gegn því að háhýsi rísi á þessu svæði og slík umræða hefur verið þýðingarlaus gagnvart núverandi meirihluta,“ segir Ólafur. Hann minnir á að eitt af hans meginstefnumálum sé að ekki verði leyft að eyðileggja miðborgina. Reykvíkingar muni bera gæfu til að eiga áfram svokallaðan gamlan borgarhluta.

Spurður hvort húsin standi þá áfram segir Ólafur að heppilegast sé að „vera ekki með mjög bindandi yfirlýsingar á þessu stigi málsins“. Húsverndarstefna gangi ekki út á það eitt að hreyfa ekki við gömlum húsum. Meginatriðið sé varðveisla götumyndar og tíðaranda. klemens@frettabladid.is



**TILLAGA AÐ LISTAHÁSKÓLA** Þessi tillaga gerir ekki ráð fyrir því að öll timburhúsin þrjú standi áfram, heldur eitt þeirra. MYND/SAMSON

### ÆTTI AÐ KLÆÐA SIG EFTIR TILEFNINU

Vinningstillagan veldur Snorra Frey Hilmarssyni, formanni Torfusamtakanna, vonbrigðum. „Ef menn eru að leggja mikið á sig til að bjarga gamalli götumynd neðar á Laugaveginum væri skrítið að fara að leggja allt í rúst þarna,“ segir hann.

Forskrift samkeppninnar hafi gefið fyrirheit um að tekið yrði tillit til götumyndar og gamalla húsa. „Þetta stígur alveg á þær hugmyndir. Listaháskólinn gefur sig út fyrir að koma niður í bæ til að taka þátt í bæjarlífinu og vera svolítið bóhem. Manni finnst þá að hann ætti að koma klæddur eftir tilefninu. Svo mætir þetta bákn,“ segir Snorri.

Brown heimsækir Írak:

# Heimkvaðning í vinnslu

**IRAK, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, segir að verið sé að vinna að áætlun um fækkun hermanna í Írak, en óákveðið sé hvenær hinir 4.000 bresku hermenn sem enn dvelja í landinu verði kallaðir heim. Brown heimsótti Írak í gær.**



**GORDON BROWN**

**Hermennirnir, sem flestir eru fyrir utan borgina Basra, taka nú lítinn þátt í hernaðaraðgerðum og sinna aðallega þjálfun íraskra öryggissveita.**

**Brown segir mikinn árangur hafa náðst í Írak, árásum hafi fækkað til muna og efnahagsleg uppbygging sé nú hafin víða um landið.** - ag

Barack Obama á ferðalagi:

# Fer um Kúvæt og Afganistan

**AFGANISTAN, AP** Bandaríski forsetaframbjóðandinn Barack Obama er nú í kosningaherferð um Kúvæt og Afganistan. Obama hélt til Kúvæt í gær þar sem hann heimsótti aðalherbúðir Bandaríkjamanna og hélt síðan til austurhluta Afganistans áður en hann fór til höfuðborgarinnar Kabúl.

Obama segist vilja kynna sér sjálfur ástandið á svæðunum. Í heimsóknum sínum svaraði hann spurningum, sat fyrir á myndum og spilaði körfubolta við hermenn.

Heimsókn Obama til Afganistans er hans fyrsta fyrir forsetakosningarnar sem fara fram í nóvember. - ag




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BREYTINGAR**
Það eru dálitlar breytingar í kortunum. Hæðarsvæðið sem var yfir landinu í gær er að gefa eftir og lægðir að taka völdin. Það þýðir að það þykknar upp sunnan og vestan til í dag og þar má búast við rigningu í kvöld. Á morgun kemur önnur lægð með vætu mjög víða síst þó reyndar á norðaustan og austanverðu landinu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Helsinki | 23° |
| Eindhofen | 19° |
| Amsterdam | 19° |
| London | 19° |
| Berlín | 24° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 26° |
| París | 20° |
| Basel | 26° |
| Barcelona | 27° |
| Alicante | 30° |
| Algarve | 29° |
| Tenerife | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Betri tilboð!



GOÐI

40% afsláttur

LAMBALÆRI M/FERSKUM KRYDDJURTUM

**1.299 kr/kg**

~~2.168~~ kr/kg



40% afsláttur

GOÐA LÆRISNEIÐAR M/SALTI OG PIPAR

**1.587 kr/kg**

~~2.645~~ kr/kg



40% afsláttur

FERSKUR GRÍSAHNAKKI

**1.099 kr/kg**

~~1.834~~ kr/kg



30% afsláttur

HAMBORGARAR 2x175g

**398 kr**

~~568~~ kr



25% afsláttur

PYLSUR 10 STK. Í PAKKA

**269 kr/pk**

~~540~~ kr/pk




GRILLBRAUÐ
2 TEGUNDIR
**299 kr**



30% afsláttur

FORMIDABLE PASTA
7 TEGUNDIR



43% afsláttur

MYLLU SNÚÐUR PAKKAÐUR

**97 kr/stk**

~~170~~ kr/stk




50% afsláttur

NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ

**98 kr/pk**

~~195~~ kr/pk

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 17. - 20. JÚLÍ

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## KJÖRKASSINN



*Er iPod-spilari upptökutæki?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,3% |
| Nei | 73,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er þörf á að rannsaka Hafskipsmálið betur?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Hollendingurinn sem var með kókaín innvortis í ellefu daga:

# 18 mánuðir fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Hollendingur, sem smyglaði 770 grömmum af kókaíni til landsins í maí, var á fimmtudag dæmdur í átján mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness.

Maðurinn kom hingað til lands með flugi frá Amsterdam þann 29. maí síðastliðinn. Í dómnum kemur fram að fíkniefnaleitarhundur hafi gefið til kynna að fíkniefnalykt væri af manninum. Þegar ekkert fannst við gegnumlýsingu farangurs og líkamsleit vaknaði grunur um að hann væri með fíkniefni innvortis. Hann skilaði af sér einu hylki með kókaíni nóttina eftir að hann kom og viðurkenndi þá að hafa gleypt fleiri hylki. Maðurinn neitaði að taka hægðalosandi lyf og tók því ellefu daga að fá efnin úr iðrum hans. Alls skilaði maðurinn niður 42 fíkniefnahylkjum með 770,33 grömmum af kókaíni.

Maðurinn játaði sök í málinu og gerði ekki athugasemdir við gögn málsins. Hann sagðist sjá eftir gjörðum sínum og upplýsti að hann ætti ungt barn í Hollandi. Fram kemur í dómnum að ljóst þyki að hlutur mannsins í málinu hafi aðeins snúið að því að flytja efnin til landsins. Hann var því dæmdur í átján mánaða fangelsi og til þess að dæma allan sakarkostnað. **- þeb**



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Hollendingurinn var handtekinn í Leifsstöð þann 29. maí þegar fíkniefnahundur gaf til kynna að fíkniefnalykt væri af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Fjórir létust og sjö slösuðust:

## Krani féll á olíuhreinsistöð

**HOUSTON, AP Fjórir létust og sjö særðust þegar krani steyptist yfir olíuhreinsistöðina LyondellBasell í Houston í Bandaríkjunum á föstudag. Um 4.500 manns vinna í stöðinni.**

**Kraninn, sem var tæpir 92 metrar á hæð, féll til jarðar þegar unnið var að lagfæringum á honum.**

**Vinnueftirlitið rannsakar slysið ásamt nokkrum öðrum svipuðum slysum sem orðið hafa í Bandaríkjunum á undanförnum mánuðum. Til dæmis létust níu manns í tveimur kranaslysum í New York á síðustu fjórum mánuðum.** **- ag**

# Saknar fámennisins á hálendi landsins

**Hollenskur hjólreiðamaður og ljósmyndari telur ævintýrablæ landsins hafa lotið í lægra haldi fyrir auknum ferðamannastraumi. Merkingum sé víða ofaukið.**

**FÓLK** „Þegar ég fór fyrst yfir Sprengisand fyrir tíu árum mætti maður í mesta lagi fjórum eða fimm bílum á dag. Nú í sumar mætti ég fjórum til fimm bílum á fimm mínútna fresti. Ævintýrablærinn er nánast alveg horfinn. Ég hef ekki lengur á tilfinningunni að ég sé einn í heiminum, eins og mér fannst þegar ég kom hingað fyrst,“ segir Gerti Van Hal, 37 ára gamall Hollendingur sem hefur hjólað vítt og breitt um Ísland á síðustu tíu árum. Á ferðum sínum um landið hefur hann tekið ógrynni svarthvítra ljósmynda og haldið á þeim sýningar í Hollandi. Hann hefur einnig í smíðum bók um hjólaferðalög sín á Íslandi.

Gerti segist finna fyrir miklum áhuga á Íslandi nánast alls staðar þar sem hann stígur niður fæti í heiminum. „Ísland er eftirlætisstaðurinn minn og að sjálfsögðu er ég ánægður með þennan mikla áhuga ferðamanna á landinu fyrir hönd Íslendinga, því ferðamennska er mjög mikilvæg fyrir hagkerfið. Persónulega finnst mér þessi þróun hins vegar dálítið dapurleg. Ég kem til Íslands til að komast í almennilega snertingu við náttúruöflin. Ísland er einstakt í heiminum að þessu leyti og í fyrstu heimsókninni minni fyrir tíu árum var afar lítið um merkingar í óbyggðunum. Það jók mikið á ævintýrablæinn. Núna er allt merkt í bak og fyrir og maður rekst víða á kappfullar rútur af fólki. Þetta er orðið að ævintýramennsku fyrir óævintýragjarnt fólk. Það er kannski ljótt að segja það, en að mínu mati eru þeir latir sem vilja láta sjá um allt fyrir sig á ferðalögum.“



**ÍSLANDSVINUR** Gerti Van Hal kann ákaflega vel við sig á Íslandi að eigin sögn. Hann segist, merkilegt nokk, taka síður eftir háu verðlagi nú en árin á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gerti dvelur vanalega á landinu í þrjár til fimm vikur í senn. Í þetta sinn hafði hann í hyggju að vera hér í níu vikur, en eftir fjögurra vikna barning í mótvindi og norðangarra fannst honum komið nóg og fer heim í dag. „Þegar ég var 27 ára var ég til í allt og vildi sanna mig. Núna leitar hugurinn oftar og oftar til heitari landa þegar verstu veðrin ganga yfir,“ segir Hollendingurinn hjólandi og skellir upp úr. **kjartan@frettabladid.is**



**MILTISBRANDSSÝKTUR JARÐVEGUR** Miltisbrandur er skæður dýrasjúkdómur, en getur einnig lagst á menn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Miltisbrandur frá Garðabæ:

## Sýkt hræ enn geymd í gámi

**HEILBRIGÐISMÁL Miltisbrandssýktar dýraleifar og jarðvegur sem fundust í nóvember og júní í Garðabæ eru enn í gámi og bíða förgunar, að sögn Gunnar Arnar Guðmundssonar héraðsdýralæknis.**

**Gunnar segir þó förgunar ekki lengi að bíða. „Það er loksins að komast lausn í þetta mál. Við eigum von á því að það verði jafnvel í þessum mánuði. Þetta er búið að vera í biðstöðu ævalengi,“ segir hann.**

**Kaupa á ofn til förgunar dýraleifanna. Jarðvegurinn verður hreinsaður og urðaður.** **- gh**

Óli Olsen um lánagjöld:

## „Þjófnaður hjá bönkunum“

**VIÐSKIPTI** Óli Olsen, sem er 75 prósent öryrki, þurfti að greiða tæplega ellefu þúsund króna uppgreiðslugjald þegar hann borgaði 370 þúsund krónur til að lækka höfuðstól rúmlega átta hundruð þúsund króna láns sem hann er með hjá Sparisjóði Keflavíkur.

Óli er ósáttur við gjaldtökuna. „Mér finnst þetta mjög óeðlilegt, hvernig bankarnir geta alls staðar náð sér í peninga,“ segir hann. „Þetta er stór þjófnaður hjá bönkunum.“ **- gh**



**VAFRAÐ UM VEFINN** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri vígði heitan reit á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Borgin þjónar netþyrstum:

## Heitur reitur á Austurvelli

**FJARSKIPTI** Opnaður hefur verið „heitur reitur“ á Austurvelli.

„Heitur reitur“ er þráðlaus háhraða nettenging sem allar nýlegar fartölvur eiga að geta tengst. Því geta fartölvueigendur skoðað veraldarvefinn á meðan slappað er af í grasinu á góðviðrisdögum. Verkefnið er samstarf Reykjavíkurborgar og Vodafone.

Þjónustan verður í boði fram á haust og verður notendum að kostnaðarlausu. **- hþj**

SI óttast aukið atvinnuleysi:

## Fleiri opinberar framkvæmdir

**VINNUMARKAÐUR „Ég held að einhver samdráttur í byggingariðnaði sé óhjákvæmilegur en menn verða að reyna að draga úr honum með einhverjum hætti,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.**

**Hann telur að ríki og sveitarfélög eigi að auka sínar framkvæmdir nú þegar kreppir að. „Eitt af því er viðhald á mannvirkjum og húsnæði í eigu hins opinbera. Sumarið er mikill framkvæmdatími svo ég held að við séum ekki farin að sjá atvinnuleysið að fullu komið fram ennþá.“** **- ovd**




Langanesvíkingurinn snýr aftur á Kátum dögum á Þórshöfn:

# Aflraunakeppni almennings

**SKEMMTUN** Á Kátum dögum sem haldnir eru á Þórshöfn á Langanesi nú um helgina er meðal annars efnt til kraftakeppni fyrir „venjulegt fólk“ úr þorpinu.

„Við vildum setja upp keppni fyrir fólk sem er að koma úr vinnunni, ekki vöðvatröll,“ segir Jóhanna Eiríksdóttir, formaður Íslenska kraftlyftingasambandsins, sem stendur að keppninni. „Fólk vill nefnilega líka taka þátt, ekki bara að horfa á,“ segir Jóhanna. Keppt er í sex greinum og eru keppendur sextán; átta konur og átta karlar. Segir Jóhanna að færri hafi komist að en vildu.

Ein keppnisgreinanna er útkastarakeppni. „Við búum til „einstakling“ með því að fylla kraftgalla og náum honum upp í 40-50 kíló, svo er látið sem hann sé ölvaður og því þurfa keppendur að kasta honum út.“



**STERKAR STELPUR** Átta konur og átta karlar reyna með sér í kraftakeppni „venjulega fólksins“ á Þórshöfn um helgina.

Jóhanna segir markmiðið vera að fá fleiri bæjarfélög til þess að taka þátt. „Hugmyndin er að við förum með keppnina um landið og svo geta bæirnir keppt innbyrðis.“ **- hþj**

R.SIGMUNDSSON

LAND | SJÓR | SPORT



R.SIGMUNDSSON

R.SIGMUNDSSON ehf. I Klettagörðum 25 I 104 Reykjavík I S: 520 0000 I F: 520 0020 I www.rs.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað höfum við lært af Hafskipsmálinu?

## Aðgát skal höfð

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Yngri Íslendingar gætu gert margt verra en að kynna sér minningarorð sem skrifuð voru um Ragnar heitinn Kjartansson fyrrverandi stjórnarformann Hafskips, sem jarðsettur var síðastliðinn föstudag. Óvenjulega harður undirtónn birtist þar sem rauður þráður í skrifum ýmissa þjóðkunnra Íslendinga og veitir innsýn í eitthvert heiftúðugasta deilumál íslensks samtíma: Hafskipsmálið, sem skók íslenskt samfélag árum saman og þar sem átök á sviði stjórnmálanna og í heimi viðskiptanna birtust með óvenjulega beinskeyttum og ógeðfelldum hætti.

„Hafskipsmálið er vonandi síðasta „galdrabrennan“ á Íslandi, reit Pétur Sveinbjarnarson til minningar um Ragnar vin sinn, Sigurður Hafstein kallaði Hafskipsmálið „stærsta og alvarlegasta réttarfarshneyksli Íslandssögu síðari tíma“ í sinni grein. Í sérstakri rammagrein skrifuðu þeir Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson, nánustu samverkamenn Ragnars innan fyrirtækisins, meðal annars að það yrði hlutskipti þeirra sem eftir lifðu að gera langþráðan draum Ragnars um uppreist æru að veruleika. Jafnframt sagði í grein þeirra félaga:

„Að undanförnu hefur bakgrunnur Hafskipsmálsins og málareksturinn verið tekinn til gaumgæfilegrar skoðunar með það að markmiði að leiða allan sannleika málsins í ljós. Ragnar fylgdist af miklum áhuga með framvindu þeirrar vinnu allt fram á síðasta dag. Hafskipsmálið er ekki uppgert af okkar hálfu og í því munum við þremenningar hér eftir sem hingað til tala einum rómi enda þótt einn okkar hafi verið óvígur um langa hríð og loks fengið líkn frá þraut.“

Þetta eru athyglisverð ummæli sem sýna auðvitað svart á hvítu hversu gífurleg raun er fyrir hvern mann að sæta alvarlegum ásökunum, ákærum og tilheyrandi fjölmiðlaumfjöllun. Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson og félagar máttu verja mannorð sitt í einhverjum umfangsmestu réttarhöldum Íslandssögunnar, sem stóðu á árunum 1986-1990. Það að æ síðan hafi þeim félögum verið umhugað að leiða allan sannleika málsins í ljós, sýnir hversu djúpstæð áhrif slík mál geta haft. Til verða sár sem aldrei gróa. Ljóðlínur Einars Benediktssonar koma ósjálfrátt upp í hugann: „Þel getur snúist við atorð eitt. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.“

Því er sérstakt fagnaðarefni að bók um tilurð og baksvið þessara mála sé nú tilbúin til útgáfu. Kannski rætist þá sá spádómur Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra, sem skrifaði í minningargrein um Ragnar að íslenskt samfélag ætti eftir að horfast í augu við sjálft sig vegna Hafskipsmála og annarra mála.

Hvaða önnur mál gætu það verið? Hvað höfum við sem þjóð lært af Hafskipsmálinu? Fellum við enn dóma undir eins og sakir eru bornar á einstaklinga? Erum við enn tilbúin að trúa nánast hverju sem er upp á náungann? Þurfa sakborningar ekki enn að sæta ákærum og berjast fyrir mannorði sínu árum saman? Þurfum við nokkuð að leita lengi að málum sem upphófust með miklum sakarefnum og sannkölluðu fjölmiðlafári en lyktaði svo með allt öðrum og veigaminni hætti eftir margra ára þóf?

Um leið og tekið er undir hina hinstu kveðju til Ragnars Kjartanssonar við hans leiðarlok og samúð vottuð aðstandendum hans, skal þess óskað að draumur hans fái fljótt ræst um að brátt verði öll sagan sögð og ekkert dregið undan. Og hið sanna fái loks að koma í ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bjargar hann Geir eins og Greifunum?

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur, sem ráðinn hefur verið sem ráðgjafi forsætisráðherra í efnahagsmálum, var afar úrræðagóður þegar hann var hljóðmaður hjá Greifunum hér á árum áður. Fyrir nokkrum árum röktu hljómsveitarmeðlimir þá sögu þegar þeir voru að spila á balli einu en þá varð tæknivandi þess valdandi að ekkert hljóð kom úr stórum hátölurunum. Töldu þá flestir að ballið væri búið en ekki Tryggvi Þór. Hann sneri mónitorunum þá einfaldlega út í sal og þannig nutu ballgestir tónlistarinnar fram á rauða nótt. Það verður því spennandi að sjá hverju hann stingur upp á til að vinna á efnahagsvandanum.



### Bjargvættir úr tónlistargeiranum

Það er greinilegt að menn úr tónlistargeiranum hafa ráð undir rifi hverju þegar yfirvaldið er komið í klemmu. Miðbærinn var kominn í hálfgerða rúst þegar Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fékk Jakob Frímann Magnússon Stuðmann til liðs við sig og virðist nú snyrtimennskan vera þar í fyrirrúmi.



### Nýlunda í embætti borgarstjóra

Ólafur fer sem sagt ekki troðnar slóðir við að leysa vandamál borgarinnar eins og sést á öðru dæmi. Löggæslumál í miðborginni hafa verið mikið til umræðu í fjölda ára. Á bloggsíðu sinni segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að frá því að hann hafi tekið við ráðuneytinu árið 2003 hafi enginn borgarstjóri fundað með honum um þessi mál fyrr en Ólafur tók upp á því. Við hverja ræddu hinir borgarstjórarnir eiginlega til að reyna að leysa þennan vanda?

jse@frettabladid.is

# Afvegaleidd umræða



Eftir Elliða Vignisson

Okkur Íslendingum hefur vegnað vel í samstarfi þjóða. Þátttaka okkar í NATO, EES, Schengen og EFTA sýnir okkur að ýmsir kostir geta fylgt samstarfi þjóða. Þannig eru til dæmis líkur á lækkun á verði matvæla í kjölfarið á breytingum á markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu vegna aukinnar samkeppni við innflutning. Einnig yrði rekstrarumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi einfaldara og stöðugra. Þá myndi afnám tolla til dæmis á unnar sjávarafurðir auðvelda markaðssókn slíkra verðmæta á þetta markaðssvæði. Ekki þarf að efast um að ýmsir hagsmunir hvetja til að aðild sé ígrunduð.

### Hverjir eru gallarnir?

Með þátttöku værum við að afsala okkur hluta af fullveldinu og skerða möguleika okkar til sértækra aðgerða á ýmsum sviðum. Sumum kann að finnast slíkt léttvægt og sannarlega erum við þegar undir þá sök seld að þurfa að innleiða lög og reglur frá Brussel. Það er þó óumdeilanlegt að í Evrópusambandinu hefðu stjórnvöld ekki jafn mikið svigrúm til að laga sig að breytingum í alþjóðlegu umhverfi og nú er. Áhrif okkar innan sambandsins yrðu sennilega hverfandi og með breytingum á Lissabon-sáttmálanum verða áhrif smáþjóða enn minni.

Utan Evrópusambandsins hefur okkur vegnað vel og EES-samningurinn tryggir okkur þegar mikið af þeim hagsmunum sem aðild að Evrópusambandinu fylgja. Þetta er ákvörðun sem ekki bara snertir núverandi kynslóðir Íslendinga heldur komandi kynslóðir. Í mínum huga er ljóst að það þarf brýna og ótvíræða þjóðarhagsmuni til þess að ráðast í aðildarumsókn.

Fyrir okkur í Vestmannaeyjum snýst þetta að stóru leyti um stöðu sjávarútvegs og þegar sjávarútvegsmál Evrópusambandsins eru skoðuð þá er það síst til þess að hvetja til aðildarumsóknar. Alkunna er að 80% af fiskistofnum innan lögsögu sambandsins eru ofveiddir (heimsmeðaltalið er 25%) og sjávarútvegur aðildarlanda óarðbær. Þá óttumst við í sjávarbyggðunum eðlilega að fjarlægðin milli ákvörðunarvaldsins og atvinnuvegarins verði enn aukinn. Í dag er atvinnuvegurinn á landsbyggðinni en ákvörðunarvaldið (og vísindastarfið) í Reykjavík og við finnum vægast sagt sterkt fyrir þessari fjarlægð. Það er því von að við gjöldum varhug við því að vísa ákvörðunarvaldinu til Brussel. Innan sambandsins er lokaákvörðun um aflamark tekin af ráðherraráði ESB að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar sem aftur leitar til sérstaks vísindaráðs sem sjálft leitar til sérfræðinga á hverjum stað fyrir sig. Slíkt bákn með sínum flóknu boðleiðum gerir ekkert annað en valda búsifjum til dæmis þegar taka þarf ákvörðun um veiðar á torfufiski sem gefur sig í örfáa daga eftir að hann mælist. Atburðarásin frá seinustu vertíð þegar stopp var sett á loðnuveiðar sýndi að fjarlægðin milli ákvörðunarvalds/vísindamanna og atvinnuvegar er þegar of mikil og nær að stytta hana en lengja.

### Sínar hvorar öfgarnar

Að sjálfsögðu eiga þessi mál að vera í umræðunni og til stöðugrar skoðunar. Umræðan þarf hins vegar að vera af meiri ábyrgð en hingað til hefur verið. Samfylkingin hefur gengið fram sem hreintrúarflokkur í Evrópuumræðunni og einangrað sig við kosti aðildar. Slíkt hið sama hafa Vinstri græn gert en þó með öfugum formerkjum því þau finna aðild allt til foráttu. Sjálfstæðisflokkurinn, með forustumenn sína í broddi fylkingar, hefur hins vegar verið óhræddur við að halda á lofti kostum og göllum í umræðunni um Evrópusambandið.



Það á ekki að hafna aðild umsvifalaust en það á heldur ekki að nálgast aðild eins og hún sé hókus pókus í efnahagsmálum frekar en í öðrum málum.

Sennilega væri það farsælast að bíða og sjá til en þó ekki með því að vera skoðunarlaus á hliðarlínunni. Íslendingar þurfa að koma sér upp vegvísi og ljúka heimavinnunni áður en hægt er að fara að tala um aðildarviðræður. Hvaða brýnu og ótvíræðu þjóðhagslegu hagsmunir eru lagðir til grunns? Á hvaða tímapunkti á að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu? Hvenær á að breyta stjórnarskránni? Hvaða reglur eiga að vera um þjóðaratkvæðagreiðslur? Með öðrum orðum, hvernig á að fara í málið? Það er brýnasta spurningin sem þarf að svara.

### Vegvísirinn lykilatriði

Við erum langt frá því að geta sótt um aðild umsvifalaust. Því miður hefur umræðan verið afvegaleidd með því að nota stöðu krónunnar og þróun í efnahagsmálum til að sprengja upp umræðuna. Fólk sem vill láta taka sig alvarlega hefur talað um sambandsaðild eins og magnyl við hausverk. Það er alveg ljóst að innganga í Evrópusambandið kemur okkur ekki til aðstoðar í núverandi efnahagslægð. Ferlið er miklu lengra en svo, þannig að til þess þarf aðrar og nærtækari leiðir. Ef af aðildarumsókn verður þá er þar um einhverja stærstu ákvörðun að ræða í sögu lýðveldisins. Ákvörðun sem haft getur slæm eða góð áhrif á daglegt líf okkar og komandi kynslóða. Við eigum ekki að taka slíka ákvörðun á grundvelli skammtímasjónarmiða og dægurumræðu.

Lykilatriðið er að koma upp vegvísi eins og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur ítrekað bent á. Þar á m.a. að leggja upp línurnar um efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir og fjalla um tímaramma.

*Höfundur er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.*



# R.SIGMUNDSSON

## LAND | SJÓR | SPORT



Vélapúðar



Dælur



Síur



Loftþjöppur



Lyftur



Vélastýringar



Slægingarvélar



Rafstöðvar



Gröfustýringar

R.SIGMUNDSSON

R.SIGMUNDSSON ehf. I Klettagörðum 25 I 104 Reykjavík I S: 520 0000 I F: 520 0020 I www.rs.is




# Ríkisstjórnin á fallandi fæti

**UMRÆÐAN**
Guðni Ágústsson skrifar um efnahagsmál


GUÐNI ÁGÚSTSSSON

Ríkisstjórnin hefur brugðist stjórn efnahagsmála. Hún hefur sýnt deyfð með því að nota ekki stýrið og bremsurnar í að takast á við innanlandsvandann auk heimskreppunnar. Ríkisstjórnin er aðgerðalaus, ósamstíga í mörgum málum, ráðherrar hennar skiptast á skotum í fjölmiðlum og vandræðin bitna á þjóðinni.

### Einmana Geir í efnahagsumræðunni

Forsætisráðherra reynir að svara fyrir efnahagsmálin í fjölmiðlum en hann hefur frá engu að segja. Samstarfsflokkurinn Samfylkingin þegir þunnu hljóði, enda hafa almannatenglar Samfylkingarinnar ráðið fólki sínu frá að koma nálægt umræðunni um efnahagsmál þjóðarinnar, það er best að láta Geir taka hitann og þungann. En hvar eru fjármálaráðherra, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún, í þessari umræðu? Allir inni í skelinni og vilja hvergi óhreinka hendur sínar. Samfylkingin, sem hefur aldrei þurft að axla ábyrgð á stefnu sinni áður, stendur ekki undir þeirri ábyrgð nú þegar á hólminn er komið. Samfylkingin hefur reynst fullkomlega óábyrg í efnahagsmálum og hefur dregið allan mátt úr forsætisráðherra.

### Hagstjórnarmistök sem koma beint við almenning

Mestu hagstjórnarmistökin voru að taka ekki lánið strax sem heimild hafði fengist fyrir í vor til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Sú staðreynd að lánið hefur ekki enn verið tekið eykur vantrú á íslenskt fjármálakerfi og á ríkisstjórnina. Geir segir menn í kringum sig ráða sér frá því að taka lánið, það sé of dýrt. Geir á að vita sem hagfræðingur að sá samdráttur sem ella verður í þjóðarframleiðslu er það sem kostar þjóðfélagið margfalt á við kostnað af slíku láni. Forsætisráðherra segir að verið sé að vinna í málinu en getur ekkert gefið upp, en segist vera með fulla stjórn á efnahagsmálunum. En það er ekki nóg að segjast fara með stjórnina, það verður þá að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að stýra ríkinu og þjóðfélaginu í gegnum beygjurnar sem verða á veginum og taka ábyrgð á gjörðum sínum eða athafnaleysi. Ríkisstjórnin virðist hafa einhvern allt annan skilning og sjónarhorn á kreppuna heldur en fyrirtækin, atvinnulífið og nánast allur almenningur sem kallar eftir styrkari hönd á stýrið. En eyru ríkisstjórnarinnar eru lokuð. Geir talar um að afstýra fjöldaatvinnuleysi, og tekur þar með undir eitt helsta baráttumál framsóknarmanna í gegnum tíðina. Samt sem áður talar ríkisstjórnin um aðgerðir gegn landbúnaðinum og vinnslu afurða, vinnu þúsunda manna í landinu sem stefnt er í hættu með vitund, vilja og að undirlagi Samfylkingarinnar. Forsætisráðherra veit betur að mörg fyrirtæki standa nú á brauðfótum, og eigið fé þeirra er að brenna upp í vaxtaokri Seðlabankans. Forsætisráðherra gerir lítið úr þeirri hættu að stórfyrirtæki geti horfið héðan á brott. Það er augljóst að hann verður að ná jarðtengingunni á ný.

### Upptaka evru tekur mörg ár, þurfum aðgerðir núna

Evruumræðan er þörf en það er önnur umræða. Það veit Björn Bjarnason vel, sem nú reynir að spila með almenning, að drepa umræðu um efnahagsvandann á dreif, enda gagnrýnin sár fyrir ríkisstjórnina og réttmæt. Það verður að taka á efnahagsvandanum sem við okkur blasir núna. Evruupptaka tekur mörg ár. Við þurfum að uppfylla ákveðin skilyrði svo að við getum mögulega tekið upp evruna. Þau skilyrði eru langt frá því að vera uppfyllt í dag, fyrir utan sterka stöðu ríkissjóðs sem fyrri ríkisstjórn skildi eftir sig skuldlausan.

*Framsóknarflokkurinn hefur bent á skynsamar lausnir, að taka erlenda lánið til að styrkja gjaldeyrisforðann, lækka stýrivexti fyrir fyrirtækin og einstaklingana, styrkja íbúðalánakerfið sem eru hagsmunir allrar þjóðarinnar, og undirbúa arðbærar opinberar framkvæmdir fyrir atvinnustig og þjóðarframleiðslu.*

Framsóknarflokkurinn hefur bent á skynsamar lausnir, að taka erlenda lánið til að styrkja gjaldeyrisforðann, lækka stýrivexti fyrir fyrirtækin og einstaklingana, styrkja íbúðalánakerfið sem eru hagsmunir allrar þjóðarinnar, og undirbúa arðbærar opinberar framkvæmdir fyrir atvinnustig og þjóðarframleiðslu. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar hvort sem við stefnum að áframhaldandi krónu eða upptöku evru. Þarna birtist sláandi aðgerðaleysið, umræðupólitík Samfylkingar reyndist kjaftapólitík án aðgerða.

### Með hulda hönd á stýri

Aðeins fjórðungur þjóðarinnar treystir Geir H. Haarde til þess að leiða Ísland út úr kreppunni sbr. könnun Capacent Gallup. Niðurstöðurnar koma mér ekki á óvart. Það er í samræmi við umræðu sem ég finn á götunni, að ríkisstjórnin sé á fallandi fæti. Geir er að líða fyrir forystuleysi ríkisstjórnarinnar og dugleysi og ábyrgðarleysi Samfylkingar sem dregur úr honum allan kjark. Þau Ingibjörg Sólrún hafa ekki staðið sig sem skyldi. Þau hafa tapað heilu ári úr, af því að þau unnu ekki þau verk sem ríkisstjórn ber að gera og aðrar ríkisstjórnir eru að gera annars staðar á Vesturlöndum við þessar aðstæður. En það eru ekki bara Geir og Ingibjörg sem hafa tapað, því þjóðin tapar á hverjum degi með þessa duglausu stjórn.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

# Dýrt að gleyma bílaskoðun

**UMRÆÐAN**
Kristján Möller skrifar um eftirlit með ökutækjum


KRISTJÁN MÖLLER

Það kom fram í vetur að 25 þúsund óskoðuð ökutæki voru skráð hér á landi. Þetta er um 10 prósent af bílaflota landsmanna og allt of hátt hlutfall. Ennfremur hefur komið fram að á undanförnum árum hafa tíu óskoðuð ökutæki tengst banaslysum.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun umferðarlaga í samgönguráðuneytinu. Þrátt fyrir það lagði ég fram breytingu á umferðarlögum sem samþykkt var í vor þar sem gert er ráð fyrir því að eigendur bíla séu sektaðir, trassi þeir að færa bíla sína til skoðunar á réttum tíma. Þetta var gert vegna þess að það er mikilvægt öryggismál að bílarnir í umferðinni séu í lagi. Með því að draga úr fjölda óskoðaðra ökutækja er unnt að gera eftirlit lögreglu með skoðun ökutækja skilvirkara. Ég skora því á ykkur, sem vitið uppá ykkur þennan seinagang, að fara nú með bílinn í skoðun.

### Fjöldi bíla stóraukist

Í lagabreytingunni sem samþykkt var í vor er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið „gjald allt að 15.000 kr. sem eigandi (umráðamaður) ökutækis skal greiða við skoðun hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar á réttum tíma,“ eins og sagði í frumvarpinu. Verði gjaldið greitt innan tiltekins frests getur ráðherra ákveðið að það skuli lækka um helming. Sé gjaldið hins vegar ekki greitt við skoðun, eins og krafist verður, getur það hækkað um 100%, samkvæmt ákvörðun þar um. Gjald vegna vanrækslu á skoðun bifreiðar getur því hæst orðið 30 þúsund krónur.

Samhliða þessu er gert ráð fyrir að eftirlit með ökutækjum á vegum úti verði aukið með meiri samvinnu eftirlitsmanna Vegagerðarinnar, lögreglunnar og skoðunarstöðva. Þegar er komin nokkur reynsla á slíka samvinnu í átaksverkefnum og lofar hún góðu.

Ökutækjaeign landsmanna hefur aukist geysilega á undanförnum árum. Þann 28. okt. sl. var alls skráð á landinu 290.831 ökutæki, en árið 1997 voru alls 175.573 ökutæki á skrá hér á landi. Af þessu leiðir að það kerfi sem verið hefur við lýði varðandi eftirlit með því að einungis skoðuð og vátryggð ökutæki séu í umferð getur ekki lengur annað þeim fjölda ökutækja sem nú eru skráð hér á landi. Þessum nýja veruleika verðum við að laga okkur að en þessi fyrsta breyting á lögunum miðar í þá átt. En fleiru þarf að huga að.

### Hægt að skoða sjaldnar

Reglur um skoðun ökutækja eru ennfremur í athugun með tilliti til þess hversu oft skuli færa ökutæki til skoðunar. Hér á landi er gengið lengra hvað þetta varðar en í nágrannalöndunum. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að skoða nýleg ökutæki sjaldnar eða fyrst eftir þrjú ár en síðan á tveggja ára fresti og leggja meiri áherslu á skoðun þeirra sem eldri eru og skoðun ýmissa atvinnuökutækja sem eru í stöðugri og mikilli notkun. Þá er unnið að mótun reglna um lögmælta skráningu eftirvagna bifreiðar, bifhjóls og dráttarvélar sem gerðir eru fyrir 750 kg heildarþyngd eða minni, um skoðun þeirra og um skoðun hjólhýsa og tjaldvagna. Í þessari vinnu verður leitast við að koma á skilvirku kerfi á skoðun ökutækja til að tryggja að einungis örugg ökutæki séu í umferð, og að eftirliti með því að ökutæki séu færð til skoðunar verði þannig háttað að enginn geti skorast undan þeirri skyldu að færa ökutæki sitt til skoðunar á réttum tíma.

*Reglur um skoðun ökutækja eru ennfremur í athugun með tilliti til þess hversu oft skuli færa ökutæki til skoðunar. Hér á landi er gengið lengra hvað þetta varðar en í nágrannalöndunum.*

*Höfundur er samgönguráðherra.*


R.SIGMUNDSSON
LAND | SJÓR | SPORT
Skipstjórastólar
Vélar
Slægingarvélar
Fjarskiptabúnaður
Siglingarhugbúnaður
Sjónvarpskúlur
R.SIGMUNDSSON
Dælur
Kortaradar
Siglingatæki
R.SIGMUNDSSON
R.SIGMUNDSSON ehf. I Klettagörðum 25 I 104 Reykjavík I S: 520 0000 I F: 520 0020 I www.rs.is

# Er kaleikurinn í Kolaportinu?

**Guðríður Arnardóttir** hefur ekki lesið neina af bókum **Óttars M. Norðfjörð.** Óttar viðurkennir að hafa kosið Samfylkinguna þótt hann viti varla hver Guðríður er enda gerir hann sér sjaldan ferð upp í Kópavog. *Þórgunnur Oddsdóttir* ræddi Evrópumálin, löggæsluna og leitina að hinum heilaga gral við rökstólapar vikunnar.

## Á RÖKSTÓLUM



**RITHÖFUNDURINN OG ODDVITINN** Óttar og Guðríður eru sammála um að Björn Bjarnason eigi að ganga til liðs við lögregluna og sinna eftirliti í borginni um helgar. Þau eru hins vegar ekki viss um hvort búningurinn færi honum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Hafið þið hist áður og hvað vitið þið um hvort annað?*

**Guðríður:** Nei aldrei.

**Óttar:** Ég fer svo sjaldan upp í Kópavog.

**Guðríður:** Og ég sjaldan til Reykjavíkur. Ég veit ekkert um þennan dreng. Nema ég þykist vita að hann stendur á réttum stað í pólitík.

**Óttar:** Ég stend kannski ekki beinlínis þar en við skulum orða það þannig að ég hef kosið Samfylkinguna.

**Guðríður:** Var ég kannski að uppljóstra einhverju?

**Óttar:** Nei, ætli það. Ef ég kýs einn ákveðinn flokk í næstu kosningum þá held ég að ég sé kominn hringinn. Ætli ég endi ekki á Sjálfstæðisflokknum. Er það ekki línan? Að byrja í Vinstri grænum átján ára og enda svo í Sjálfstæðisflokknum.

**Guðríður:** Það sýnir nú ekki mikla staðfestu. En svo ég sé alveg með það á hreinu þá ertu að skrifa hérna...

**Ótta:** Skjóttu bara.

**Guðríður:** Nei, nefndu bara einhverjar bækur.

**Óttar:** Ég er kannski þekktastur fyrir að hafa skrifað ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.

**Guðríður:** Nei, ég hef ekki lesið hana.

**Óttar:** Hún barst kannski aldrei upp í Kópavog en hún var mjög vinsæl í Reykjavík. Svo var ég með eina skáldsögu fyrir jól, Hnífur Abrahams, sem seldist ágætlega.

**Guðríður:** Ertu kominn út í Uglu? Um leið og þú kemur út í Uglu þá fer ég að lesa þig.

**Óttar:** Nei, en það er náttúrlega draumur hvers rithöfundar að komast þangað.

**Guðríður:** Já, þá fara svona menningarvitar eins og ég að lesa þig.

**Óttar:** Og peningarnir streyma inn.

### Aldrei X-D

*Nefnið þrjá hluti um hvort annað sem þið vitið ekki hvort eru sannir eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það?*

**Guðríður:** Ég held að þú eigir aldrei eftir að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

**Óttar:** Ég held það sé alveg rétt hjá þér.

**Guðríður:** Svo held ég að þú hafir engan áhuga á fótbolta.

**Óttar:** Ég hef mikinn áhuga á fótbolta, æfði meira að segja í nokkur ár þegar ég var yngri.

**Guðríður:** Nú? En hvað fleira... Hmm, stúdent af félagsfræðibraut?

**Óttar:** Nei eðlisfræði- og náttúrufræðibraut.

**Guðríður:** Andskotinn!

**Óttar:** Á ég þá að koma með eitthvað? Ég myndi halda, svona í ljósi kiljuklúbbsins Uglunnar, að þú sért mjög dugleg við að fara upp í sumarbústað.

**Guðríður:** Jaaá, hjólhýsið kannski frekar.

**Óttar:** Svo held ég að þú sért vinnusöm og öguð.

**Guðríður:** Vinnusöm já, öguð nei...

**Óttar:** Og jafnvel að þú hafir nýlega verið í útlöndum eða í sólinni. Þú ert svo brún.

**Guðríður:** Svakalega ertu glöggur, það er bara rétt hjá þér. Ég fór til útlanda í vor en þá bar ég á mig svo mikla sólarvörn að ég tók engan lit. Svo var ég í hestaferð við Heklurætur og brann.

**Óttar:** Ertu hestakona? Ég hefði nú átt að fatta það einhvernveginn.

### Evran og auðurinn

*Að málum vikunnar. Mikið hefur verið rætt um hvort Íslendingar eigi að taka upp evruna án þess að ganga í ESB, hvað finnst ykkur um það? Kæmi einhver annar gjaldmiðill til greina?*

**Guðríður:** Verandi brennimerkt Samfylkingarmanneskja er alveg augljóst hver mín skoðun er. Ég vil að við göngum alla leið í sambandið og það kemur ekkert annað til greina en að taka upp evru. Punktur.

**Óttar:** Ég er líka mikill Evrópusinni og hef alltaf verið. Mamma mín er tékknesk og það hefur litað mína sýn. Ég hef aldrei skilið þennan ótta og trúi ekki að Evrópusambandið sé þessi svakalega illi púki eins og margir vilja láta.

**Guðríður:** Þetta er sama umræðan og í aðdraganda þess að við gerðumst aðilar að EES, þá voru sömu raddir á lofti um að þetta ætti allt eftir að fara til andskotans. Ég held það sé bara bráðnauðsynlegt fyrir hinn almenna borgara að komast í Evrópusambandið.

**Óttar:** Er kominn botn í það hvort við megum taka upp evruna án þess að ganga í ESB? Það slengir þessu einhver fram og allt í einu eru allir farnir að tala um þetta sem möguleika án þess að vita hvort það er hægt.

> Ef ég væri kominn í bæjarráð Kópavogs myndi ég svara því í eitt skipti fyrir öll af hverju Smáralind lítur út eins og hún gerir. Var þetta tilviljun eða með ráðum gert? Þið vitið hvað ég er að tala um, er það ekki?

**Guðríður:** Ég held við getum gengið í ESB á fáeinum mánuðum, það er tiltölulega lítið sem þarf að semja um. En við getum ekki tekið upp evruna fyrr en við erum búin að ná einhverjum stöðugleika.

**Óttar:** Já, svo gætum við reyndar bara tekið upp pólskt zloty eða eitthvað.

*Talandi um peninga. Markaðurinn birti í vikunni lista yfir ríkustu menn landsins. Sjáið þið fram á að komast einhvern tímann á þennan lista? Hvernig vilduð þið þá hafa auðnast og hvað mynduð þið gera við alla peningana?*

**Guðríður:** Nei.

**Óttar:** Það er náttúrlega minn stærsti draumur að komast á þennan lista.

**Guðríður:** Kannski þegar þú ert kominn í Ugluna.

**Óttar:** Já, ég byrja á því að komast í Ugluna, síðan toppa ég Arnald og... nei... ég efast um það.

**Guðríður:** Ef ég kæmist á listann vildi ég hafa orðið rík á einhverju gáfulegu. Til dæmis að hafa fundið eitthvað upp. Eitthvað svona eins og ljósaperuna eða grammófóninn.

**Óttar:** Geturðu ekki blandað þessu tvennu saman? Grammófónn með ljósaperu!

**Guðríður:** Fyrir nokkrum árum síðan vorum við hjónin að keyra niðrí bæ og fengum þessa snilldarhugmynd hvað það væri frábært að vera með bók á diskettu og svo væri maður með eins og tölvuskjá og myndi hlaða diskettunni inn á skjáinn. Þetta væri svona digital bók. Svo liðu tíu ár og núna er auðvitað búið að finna þetta upp.

**Óttar:** Kannast við þetta. Þegar ég var krakki langaði mig að finna upp svona lítil stykki sem væri hægt að líma á lykla og svoleiðis og láta pípa ef maður týndi því. Svo sá ég löngu seinna að þetta er til.

**Guðríður:** Ef ég væri rík myndi ég kaupa mér rosalega flotta hesta.

**Óttar:** Eftir að ég fór frá því að vera í mínus yfir í að vera í plús breyttist líf mitt ekkert dramatískt. Ég sé ekki fram á að það myndi breytast neitt frekar ef ég væri í enn meiri plús. Ein af mínum hetjum er maðurinn sem stofnaði IKEA. Hann hefur ekki breytt neinu, ekur enn sama gamla Saabnum, býr í sama húsinu og samt er hann mjög ríkur. Það er eitthvað við það sem mér finnst áhugavert. Að flippa ekki alveg út þó maður eignist seðla.

**Guðríður:** Já ég er eiginlega sammála. Nema að ég myndi nú kannski ekki alveg keyra um á gamla bílnum frá 1985. Ætli ég myndi ekki kaupa mér nýlegan jeppa.

### Kaleikur Krists í Kolaportinu

*Menn ætla í leiðangur á Kjöl í sumar til að leita að kaleik Krists sem þar á að vera falinn. Haldið þið að þeir finni gössið? Ef þið þyrftuð að fela eitthvað á borð við hinn heilaga gral, hvaða felustað mynduð þið velja?*

**Guðríður:** Í einhverri gjótu í víðfeðmu hrauni. Nóg er af þeim, bara í Kapelluhrauni jafnvel.

**Óttar:** Innan um öll líkin. Ég veit ekki hvar er best að fela svona gral. Ef fólk sæi hinn heilaga gral þá myndi það örugglega ekki fatta að þetta væri hann. Hann gæti þess vegna verið í Kolaportinu.

**Guðríður:** Mér finnst alveg eins líklegt að kaleikur Krists sé á Kili eins og hvar annars staðar í heiminum en mér finnst fróðlegt að vita hvenær þeir hafa átt að leggja á sig ferð yfir Atlantshafið til að fela hann hér.

**Óttar:** Í Sturlungu er minnst á þrjátíu Fransmenn sem koma og hitta Snorra Sturluson og enginn veit hvað þeir eru að gera. Það eru ákveðnar kenningar uppi um að þeir hafi verið að koma með gralinn.

**Guðríður:** Er þetta ekki eins og að leita að nál í heystakki? Annars finnst mér að það þurfi að benda Dan Brown á þetta. Þú ert kannski kominn með metsölubók bara. Gætir komist á Forbes-listann.

**Óttar:** Bókin í fyrra var svolítið svoleiðis.

**Guðríður:** Nú verð ég að fara að lesa hana, jafnvel splæsi henni á mig þó að hún sé ekki komin út í Uglunni.

**Óttar:** Ég á svo sem ekki von á að þeir finni neitt en ef þeir finna það þá þarf bara að endurskoða allt. Það þyrfti að vera kamera í Háskóla Íslands til að mynda viðbrögðin hjá sagnfræðingunum þegar þeir fá fréttirnar um að gralinn sé fundinn.

### Ráðherra á vaktinni um helgar

*Löggæslu í miðborginni er ábótavant vegna manneklu. Hvernig á að ráða úr því? Hvaða þjóðþekkta Íslending vilduð þið sjá ganga til liðs við lögregluna, einhvern sem fólk verður hrætt við en tekur sig um leið vel út í löggubúningi?*

**Guðríður:** Þar hittir þú fyrir manneskju sem hefur mjög sterkar skoðanir á því. Ég held það sé alveg ljóst að ríkisvaldið hefur algjörlega brugðist í fjárveitingum til lögreglunnar og ég fagna því að nú loksins hefur lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins stigið fram og sagt að við svo komið verði ekki unað lengur.

**Óttar:** Mér líst vel á þessa miðborgarþjóna sem ganga um bæinn.

**Guðríður:** En já, varðandi þekkta persónu. Þarf hann endilega að taka sig vel út í búningnum?

**Óttar:** Má ég segja, má ég segja? Björn Bjarnason!

**Guðríður:** Ha ha ha, ég ætlaði einmitt að segja það. Þess vegna spurði ég hvort hann þyrfti að taka sig vel út í búningnum. Það ætti að setja hann á vaktina niðri í bæ á laugardagskvöldi.

**Óttar:** Það væri snilld, jafnvel í hermannabúningi. Hvað með Ólaf Ragnar og Dorrit? Í löggumyndunum eru oft kona og karl í bílunum, þau væru flott að krúsa á löggubílnum.

*Að lokum. Ef þið mynduð skipta um hlutverk, hvert yrði þitt fyrsta verk sem bæjarfulltrúi í Kópavogi Óttar og Guðríður, hvers konar bók myndir þú skrifa?*

**Guðríður:** Ég myndi skrifa ævisögu og það yrði sko ekki saga Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.

**Óttar:** Það er búið að skrifa hana svo það er allt í lagi. Um hvern myndir þú þá skrifa?

**Guðríður:** Ég myndi skrifa ævisögu einhverrar kraftmikillar konu sem hefði látið að sér kveða á Íslandi, ekkert endilega í pólitík heldur bara einhver kona sem ruddi brautina. Það er svo mikill lærdómur í svoleiðis bókum.

**Óttar:** Ef ég væri kominn í bæjarráð Kópavogs myndi ég svara því í eitt skipti fyrir öll af hverju Smáralind lítur út eins og hún gerir. Var þetta tilviljun eða með ráðum gert? Þið vitið hvað ég er að tala um, er það ekki?

**Guðríður:** Jú jú. Það er gaman að skoða þetta á Google Earth.

**Óttar:** Þetta er svo furðulegt, og flísarnar í gólfinu!

**Guðríður:** Bæjarráð getur kallað eftir þessum upplýsingum. Óskað eftir því að arkítektinn komi og geri grein fyrir sínum málum.

**Óttar:** Já sko! Það yrði mitt fyrsta verk – að svala eigin forvitni.


R.SIGMUNDSSON
LAND | SJÓR | SPORT
Sjóbátar
Vegleiðsögutæki
Sportbátar
Talstöðvar
Handtæki
Utanborðsvélar
Vatnabátar
Jeppa / Sleðatæki
Slöngubátar
R.SIGMUNDSSON
R.SIGMUNDSSON ehf. I Klettagörðum 25 I 104 Reykjavík I S: 520 0000 I F: 520 0020 I www.rs.is

# Ekki lengur rusl heldur hráefni

Hvað verður um ruslið okkar, blöðin, dósirnar og flöskurnar? Við erum vön að geta hent þessu í tunnuna, skilað í endurvinnslu eða komið á grenndarstöðvar, en hvað tekur þá við? *Kolbeinn Óttarsson Proppé* er í rusli og kynnti sér meðferð úrgangs.

Sorp og úrgangur hefur fylgt manninum frá örófi alda. Fornleifafræðingar nútímans lesa heilu þjóðarsögurnar úr gömlum ruslahaugum, enda er sagt að fátt segi meira um manneskju en það rusl sem hún skilur eftir sig. Óvíst er hvað fornleifafræðingar framtíðarinnar muni lesa úr ruslinu um okkur – enda er það markviss stefna að draga eins mikið úr því sem við skiljum eftir okkur og mögulegt er.

Segja má að við stöndum á tímamótum í sorpmálum. Hlutfall endurvinnslu eykst stöðugt og umsjá sorps er ekki lengur kvöð heldur eftirsóknarverð. Einkafyrirtæki eru farin að sjá sér hag í því að taka þátt í henni.

Tímar opinna ruslahauga eru löngu liðnir. Pétur Hoffmann Salómonsson, kynlegur kvistur í mannlífi Reykjavíkur á síðustu öld, leit á ruslahauginn við Ánanaust sem auðlind og nefndi hann Gullströndina. Margir þekkja það að hafa leikið sér á ruslahaugunum og rótað eftir verðmætum sem krakki. Enn fleiri lásu um Jón Odd og Jón Bjarna sem gerðu sér ferð upp í Gufunes til að leita gersema á haugunum þar. Í dag gæti slíkt reynst erfitt; orðið ruslahaugur er meira að segja horfið. Í dag tölum við um urðunarstaði, endurvinnslustöðvar og jarðgerðarsvæði.

Ísland er bundið af tilskipun Evrópusambandsins um að minnka urðun á lífrænum úrgangi. Sorpmál fara eftir Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Markmiðið með henni er að „draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka þannig það magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar“.

Samkvæmt landsáætluninni er gengið út frá árinu 1995 og 1. janúar árið 2009 má það magn lífræns úrgangs sem urðað er aðeins vera 75 prósent af því sem það var það ár (1995). Árið 2013, hinn 1. júlí, þarf heildarmagnið að vera komið niður í 50 prósent af því sem það var árið 1995 og eigi síðar en 1. júlí árið 2020 þarf það að vera komið niður í 35 prósent af magninu frá 1995.

Til þess að þetta verði að veruleika þurfum við nokkuð að taka okkur á. Íslendingar standa þokkalega hvað varðar markmiðið fyrir næsta ár, en ef markmiðið fyrir 2013 á að nást þá er ljóst að átaks er þörf.



**VERÐMÆTI** Starfsmenn Endurvinnslunnar fylgjast með dósunum á leið inn í pressuna. Mikil verðmæti eru fólgin í álinu enda kostar endurvinnsla áls aðeins fimm prósent af því sem frumvinnslan kostar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SORPMAGN Í SORPU

| | |
|---|---|
| **2006** | **39.113.135 tonn** |
| **2007** | **41.610.848 tonn** |
| **FARVEGUR** | |
| Í urðun | 33,06% |
| Endurnýtt | 47,00% |
| Jarðvegur | 18,34% |
| Sent til forvinnslu | 0,52% |
| Spilliefni | 1,08% |

Með því að draga úr úrgangi og stuðla að ábyrgri meðhöndlun hans er annars vegar dregið úr hættu á mengun umhverfisins og hins vegar dregið úr sóun á verðmætum og landrými til urðunar.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í meðhöndlun úrgangs hér á landi. Á árunum í kringum 1970 var úrgangi oftar en ekki brennt við venjulegan eld í opinni brennslu. Förgunarstaðir voru margir og nálægt byggð svo að ekki þyrfti að flytja úrganginn langar leiðir. Á áttunda áratugnum hófst bygging brennsluþróa. Þar var um lághitabrennslu að ræða með tilheyrandi mengun.

Áður fyrr heyrði til undantekninga að einhver kostnaður félli á þá sem losuðu sig við úrgang. Nú hefur orðið breyting á þeim þankagangi. Í dag ryður hugsunin um „að sá sem mengi þurfi að borga fyrir það“ sér æ meira til rúms. Því er komið skilagjald á spilliefni og komið hefur verið á fót svokölluðu úrvinnslugjaldi. Það er sett á til að stuðla að úrvinnslu úrgangs og á að standa undir kostnaði við meðhöndlun, endurnýtingu og förgun eftir því sem við á.

## VERÐMÆTI LIGGJA Í SORPINU

Sorpa er byggðasamlag um sorphirðu sem starfrækt er á höfuðborgarsvæðinu. Hver íbúi á svæðinu skilur að meðaltali eftir sig um 223 kíló af sorpi á ári. Mesta magnið berst í desember, rétt rúmlega fjögur tonn, en annars eru það um 3,1 til 3,7 tonn á mánuði. Sorpa starfar eftir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem aftur tekur tillit til landsáætlunar. Svæðið allt frá Markarfljóti og norður fyrir Blönduós hefur gert sér sameiginlega áætlun. Markmið landsáætlunarinnar um minnkandi urðun á lífrænum úrgangi, setur sitt helsa mark á starfsemi Sorpu. Þar eykst hlutfall endurvinnslunnar með hverju árinu. Nú er litið á sorpið sem verðmæti fremur en úrgang. Þó er alltaf eitthvað sem þarf að urða og er þá rætt um óvirkan úrgang.



**RAGNA I. HALLDÓRSDÓTTIR**

Sorpa hefur gert samning um leigu á landi á Álfsnesi, en hann gildir til ársins 2014. Hvað þá verður er óljóst nú. Ragna I. Halldórsdóttir, deildarstjóri markaðs- og fræðslusviðs Sorpu, segir að verið sé að móta stefnuna fyrir framtíðina. Meðal þess sem í athugun er er að koma upp háhitabrennslustöð. „Þá yrði sorpinu brennt við mjög háan hita þannig að engin mengun hlýst af. Við brunann verður til orka sem hægt er að nýta. Þetta er mjög dýr lausn, en er engu að síður í skoðun. Raunar hafa forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar á Akranesi lagt til að hægt væri að brenna sorpi í þeirra kerfi,“ segir Ragna.



**BLAÐABAGGAR** Blöð og sléttur pappír eru pressuð saman í bagga og flutt til endurvinnslu í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lífrænn úrgangur er ekki lengur urðaður heldur nýttur til jarðgerðar. Við þá vinnslu verður einnig til metan, sem er nýtt á vélar bifreiða. Það má því sjá fyrir sér að innan ekki of langs tíma verði sorpmálum þannig fyrir komið að meirihlutinn af úrganginum verði að afurðum, annars vegar metani og jarðgerðarefni og hins vegar orku í háhitabrennslu. Mun minna landrými mun þá þurfa fyrir urðun, þar sem hún verði einungis lítill hluti úrgangsins.

## 40 PAPPÍRSGÁMAR Á VIKU TIL SVÍÞJÓÐAR

Sorpa er stærsti íslenski útflytjandinn til Svíþjóðar. Á hverri viku fara fjörutíu gámar fullir af pappír til endurvinnslu frá Sundahöfn til Gautaborgar. Það eru 880 tonn. Pappírinn berst til fyrirtækisins IL Recycling sem endurvinnur hann og nýtir í nýjar afurðir.

Stærsti hluti þess pappírs sem er endurnýttur er dagblöð- og tímarit, en um fjörutíu prósent þeirra berast til endurvinnslu. Nýverið hóf Sorpa hins vegar að taka við sléttum umbúðum og nú má því skila pökkum undan morgunkorni og pakkapitsum í endurvinnslugámana, svo dæmi sé tekið, að ógleymdum mjólkurfernunum.

Grenndargámar eru tæmdir vikulega og farið með þá upp í Sorpu. Þar er innihaldið pressað saman í bagga, komið fyrir í gámum og flutt til Svíþjóðar. Frá því að þú, lesandi góður, hefur lokið lestri Fréttablaðsins og komið því fyrir í Blaðberanum – töskunni sem Fréttablaðið býður upp á til að safna saman lesnum blöðum – þarf ekki að líða mjög langur tími þar til þú heldur á blaðinu á ný í formi nýrra afurða. Í sumum tilvikum aðeins vikur eða mánuðir.

## GÆTUM LAGT AF FJÖLDA ÁLVERA

Endurvinnslan var stofnuð árið 1989 til að endurvinna öl- og gosdrykkjaumbúðir. Þá voru svo til allar gosdrykkjaumbúðir úr áli og blöskraði mörgum hve dósirnar dreifðust víða. Því tóku framleiðendur höndum saman við kaupmenn og hið opinbera og komu fyrirtækinu á fót. Það var ekki síst áhuga Jóns Sigurðssonar, þáverandi iðnaðarráðherra, að þakka að fyrirtækið varð að veruleika.

Endurvinnslan er nú í eigu ÁTVR, Vífilfells, Ölgerðarinnar, Kaupmannasamtakanna, Alcan, Bandalags íslenskra skáta, Gúmmívinnslunnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Íslenska járnblendifélagsins og ríkissjóðs. Fyrirtækið er ekki rekið með gróðasjónarmið í huga, en skilar engu að síður nokkurra milljóna króna hagnaði árlega.

Úrvinnslusjóður sér um skilagjald á drykkjarvöruumbúðir og er það í dag 10 krónur á flösku eða dós. Endurvinnslan greiddi á síðasta ári út 930 milljónir króna, sem ætti að þýða að 93 milljónir eininga komu í hús í fyrra. Hins vegar eru einhver brögð að því að meira sé sagt en efni standa til í pokum sem skilað er inn til fyrirtækisins.

Skil á drykkjarvöruumbúðum hafa hæst farið í 86 prósent hér á landi en eru í dag um 82 prósent. Stefnt er að því að vera með skilin í kringum 84-5 prósent, líkt og gerist á hinum Norðurlöndunum.

Áldósirnar eru pressaðar saman hjá fyrirtækinu og komið fyrir í böggum, sem hver um sig inniheldur um 800 dósir. Böggunum er síðan komið fyrir í gámum sem siglt er með til Immingham á Englandi. Þaðan eru þeir fluttir til Warrington, rétt utan við Birmingham, þar sem lakkið er brætt af við háan hita. Álið er síðan brætt og endurunnið.

Það er tuttugu sinnum hagkvæmara að endurvinna ál en frumvinna það, þar sem aðeins þarf um fimm prósent af þeirri orku sem þarf í frumvinnuna til þess að bræða dósirnar. Hráefnið er mjög gott, en ál er þeim eiginleikum búið að hægt er að endurvinna það margoft. Væru skilin hjá stærstu löndunum í líkingu við það sem er á Norðurlöndunum myndi gríðarleg orka og peningar sparast.

Þetta á sérstaklega við um Bandaríkin, en þar er neytt um helmingi meira af drykkjarvörum en gert er hér á landi. Þar er lítil endurvinnsla og gríðarlegt magn dósa er grafið í jörðu. Væri endurvinnslan þar í líkingu við það sem hún er hér væri hægt að loka fjölmörgum álverum af því að þörfin fyrir frumvinnslu myndi minnka til muna. Gríðarleg verðmæti eru því grafin í jörð þar árlega. Því er mikilvægt að skila sem mestu inn til endurvinnslu, bæði út frá umhverfislegum og hagrænum sjónarmiðum.



**ÁLBAGGAR** Lítið fer fyrir 800 dósum þegar búið er að pressa þær saman í bagga. 25 tonn fara í hvern gám sem fluttur er út. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki þarf að líða langur tími þar til áldósin sem skilað er inn til endurvinnslunnar er komin aftur í notkun. Neytandi á Íslandi getur skilað inn dós, hirt sínar tíu krónur, og verið farinn að drekka úr nýrri dós úr sama áli eftir nokkrar vikur eða mánuði. Álið er notað á hefðbundinn hátt, í dósir og ýmsa aðra framleiðslu; til dæmis flugvélar.

Endurvinnslan tekur einnig á móti plast- og glerflöskum. Glerið er mulið niður og urðað, en þar nýtist það meðal annars til að binda saman hauga sem urðaðir eru. Það dregur einnig úr rottugangi á urðunarstað, enda óhægt um vik fyrir dýrin að komast í sorpið sé utan um það glersalli.

Plastflöskurnar eru pressaðar saman í bagga, en hver slíkur inniheldur um 7.200 flöskur. Þeir eru einnig fluttir út í gámum, ýmist til Evrópu eða Bandaríkjanna, þar sem plastið er brætt. Þar er það notað aftur í ýmsan varning; allt frá plastflöskum til flíspeysa.

Ál og plastflöskur eru um 82 prósent af því sem kemur til Endurvinnslunnar og skiptist nokkurn veginn til helminga. Glerflöskurnar eru um átján prósent, eða um 6.000 tonn á ári. Þar er aðallega um vínflöskur að ræða. Ísland er eina landið í heiminum sem er með skilagjald á áfengisflöskum.

Íslendingar standa nokkuð framarlega í endurvinnslu á flöskum og dósum. Nú er verið að vinna að vélvæðingu hjá Endurvinnslunni þar sem verður hægt að telja hverja dós og flösku fyrir sig. Áfengisflöskurnar gera það ferli flóknara, þar sem þær koma víða að, úr ýmsum strikamerkjakerfum, og því þarf að sérhanna vélbúnað fyrir þær.

Endurvinnslan er í Knarrarvogi í Reykjavík og er með um fimmtíu umboðsmenn um land allt.


Depuis 1857
PUGET
Leyndarmál franskrar matargerðar afhjúpað
Frönsk matargerðarlist er heimsþekkt.
Puget-ólífuolían á sér yfir 150 ára sögu í frönskum eldhúsum.
Friðgeir Ingi Eiríksson, meistarakokkur á Gallery Hótel Holti, hefur stjórnað Michelin-veitingastað í Lyon og notar Puget jafnan í sinni matargerð. Puget-ólífuolía er bragðgóð, á hagstæðu verði og hentar vel í hverskyns matargerð – Náðu þér í flösku af Puget og töfraðu fram ljúffenga rétti strax í dag.
Uppskrift:
Léttgrilluð kjúklingaspjót, ferskt grænmeti og ólífuolía fyrir fjóra
4 kjúklingabringur, 24 konfekttómatar eða kirsuberjatómatar, 1 gul paprika, 1 rauð paprika, 1 búnt ferskt basil, Puget-ólífuolía.
Grillið paprikuna þar til hún brennur að utan, takið brennda skinnið af og skerið í ferninga. Skerið kjúklingabringurnar í bita og látið liggja í ólífuolíu og basil í minnst 1 klst.
Eldið á pönnu með ólífuolíunni en gætið þess að steikja ekki.
Raðið kjúklingnum, papriku, tómötum og basillaufum snyrtilega á grillspjót (2 á mann). Setjið á grill í 5-10 mínútur.
Tilvalið er að setja Puget- basilolíu yfir spjótin þegar þau eru borin fram.
Basilika
EXTRA JÓMFRÚARÓLÍFUOLÍA
PUGET
Basilika
Hrein náttúruafurð
0,5L
ÓLÍFUOLÍA EXTRA JÓMFRÚAROLÍA
Síðan 1857
PUGET
Leyndarmál franskra eldhúsa í yfir 150 ár

# Landamæri í kring um lífið

Rithöfundurinn **Jenny Downham** sló í gegn í heimalandi sínu Bretlandi og víðar með fyrstu skáldsögu sinni, sem fjallar um dauðvona unglingsstúlku sem reynir að láta drauma sína rætast. Bókin, sem kom nýverið út í íslenskri þýðingu Ísaks Harðarsonar, heitir Áður en ég dey og hefur slegið rækilega í gegn hjá íslenskum lesendum. *Vigdís Þormóðsdóttir* spjallaði við höfundinn.



**JENNY DOWNHAM** Fyrsta skáldsaga hennar, Áður en ég dey, hefur slegið í gegn í mörgum löndum. Hún vinnur nú að næstu bók sinni. MYND/ROLF MARRIOTT

Bókin Áður en ég dey segir sögu hinnar sextán ára gömlu Tessu. Hún býr með föður sínum og yngri bróður og finnst gaman að hitta bestu vinkonu sína. Hún er því að flestu leyti venjuleg unglingsstúlka, fyrir utan það að hún er dauðvona af völdum hvítblæðis. Hún útbýr lista með því sem hana langar til að upplifa áður en hún deyr og er fyrsta forgangsatriðið það að sofa hjá strák.

Áður en ég dey er fyrsta skáldsaga höfundarins Jenny Downham. Bókin kom út á síðasta ári í Bretlandi og vakti strax mikla athygli, fékk frábæra dóma og sópaði að sér verðlaunum. Rétturinn að bókinni hefur verið seldur til ríflega tuttugu landa og því sér ekki enn fyrir sigurgöngu þessarar ljúfsáru sögu.

**Nýtti reynsluna úr leikhúsinu**

Downham starfaði sem leikari áður en hún sneri sér að skriftum. Þegar hún eignaðist annað barn sitt fór henni að finnast sem rótlaust líf leikarans hentaði sér ekki lengur og því ákvað hún að láta gamlan draum um að skrifa skáldsögu rætast. Hún viðurkennir þó fúslega að aðferðir úr leiklistinni hafi nýst sér vel við skriftirnar.

„Sagan breyttist talsvert á meðan á skriftarferlinu stóð. Til að mynda vissi ég ekki í fyrstu að Tessa væri dauðvona, heldur lagði ég upp með að skrifa sögu um vinkonur sem væru afskaplega ólíkar persónur. Ég tók mér góðan tíma í að skapa þessar persónur og gerði samviskusamlega allt sem mér datt í hug varðandi þær, til dæmis uppáhalds matinn þeirra, vonir þeirra og drauma. Þetta er svipuð tækni og ég beiti þegar ég er að fara að leika persónu á sviði og hún hjálpar mér við að kynnast persónunni betur. Fljótlega varð mér ljóst að önnur stúlknanna, Tessa, væri veik. Ég vissi að ef ég gerði hana dauðvona myndi það umturna sögunni gersamlega og gera mér erfitt fyrir með að viðhalda spennu þar sem að ljóst er frá upphafi að aðalsöguhetjan deyr í lokin. Ég ákvað þó að fara þessa leið og því var ein helsta áskorun mín við skriftirnar sú að gera söguna áhugaverða þrátt fyrir augljósan endinn. Með því að láta Tessu útbúa listann tókst mér að skapa spennu í kring um það hvort henni tekst að framkvæma allt á listanum eða ekki."

Downham kveðst hafa safnað miklu efni á meðan á skriftum bókarinnar stóð og að aðeins lítill hluti þess hafi að lokum endað í sögunni. Meðal annars hélt hún dagbók fyrir hönd Tessu og kom sér þannig til þess að sjá heiminn með augum hennar. „Tessa las blöðin og fylgdist með fréttum og sagði sína skoðun á Bretlandi samtímans í dagbókinni sinni. Lítið sem ekkert af þessum dagbókarvangaveltum hennar enduðu þó í sjálfri skáldsögunni, en þannig vinn ég bara. Skriftarferlið sjálft var svo afskaplega strangt; ég skrifaði og endurskrifaði hvern kafla í bókinni oft og ritskoðaði sjálfa mig harkalega. Fyrir hver 40.000 orð sem ég skrifaði hélt ég kannski eftir 2000 orðum. En eftir tvö og hálft ár var bókin tilbúin."

**Saga um venjulegt fólk**

Sem fyrr segir hefur bókin hlotið nær einróma lof gagnrýnenda bæði í Bretlandi og víðar, þó svo að sumir þeirra hafi reyndar orð á því að Downham leiki sér meðvitað og óvægið með tilfinningar lesenda sinna. Persónusköpun Downham þykir einstaklega vel heppnuð, ljóslifandi og raunsæ. Ljóst er að nálgun leikarans Downham við persónur bókarinnar hefur sitt að segja varðandi útkomuna, en jafnframt segir Downham það hafa skipt sig miklu máli að hafa bókina sem raunsæjasta og gæta þess að persónurnar bregðist ávallt við sem ósköp venjulegt fólk sem lendir í óvenjulegum aðstæðum. „Ég sá Tessu alltaf fyrir mér sem dæmigerða unglingsstúlku sem gengur í skóla, á vini og óþolandi lítinn bróður. En ég vissi líka að hún byggi yfir ýmsum eiginleikum sem gerðu henni kleift að takast á við sjúkdóminn; þolinmæði, ákveðni, frekju og íhygli. Þótt ótrúlegt megi virðast fær hún ýmislegt jákvætt út úr veikindum sínum. Hún kemst nær fjölskyldu sinni og uppgötvar eigin hæfileika til þess að elska og finna til samkenndar. Veikindin neyða hana til þess að einbeita sér að því sem raunverulega skiptir hana máli í lífinu og má því segja að veikindi dragi að vissu leyti það besta fram í henni. Ég hafði einnig ákveðna skoðun varðandi það hvernig nánustu aðstandendur hennar ættu að bregðast við veikindunum. Ég vildi að fjölskyldan væri klofin í byrjun og að veikindin yrðu áhrifavaldur sem skapaði samstöðu á milli þeirra, þó svo að hver takist á við þetta áfall á sinn hátt. Faðir Tessu er til að mynda í afneitun þar sem hann getur ekki horfst í augu við staðreyndirnar og heldur í staðinn örvæntingartaki í vonina um lækningu. Bróðir hennar er aftur á móti eins konar sannleiksvera; hann þorir að tala um hvernig lífið verður eftir að Tessa fellur frá og er stundum óvæginn í skoðunum sínum, en líka hlýr og fyndinn."

**Viðhorfið til dauðans orðið firrt**

Downham er mjög nákvæmur höfundur sem lætur ekki svo mikið sem minnsta smáatriði fram hjá sér fara. Það skýtur því eilítið skökku við að hún ákvað, snemma á ritferlinu, að taka ekki viðtöl við hvítblæðissjúklinga til þess að kynnast upplifun þeirra af því að lifa með banvænan sjúkdóm þar sem hún óttaðist að enda á að miðla sögum þeirra fremur en sögu Tessu. „Upplifun Tessu af sjúkdómnum og dauðastríðinu er algerlega sprottin úr mínum eigin hugarheimi; ég hef persónulega enga reynslu af því að umgangast dauðvona fólk. En ég las heilmikið af bókum sem fjalla um málefnið, bæði fræðibækur og eins skáldsögur og ljóð. Til að mynda veitti bók Susan Sontag „Illness as a Metaphor" mér mikinn innblástur. Ég fékk svo leiðsögn við tæknilega hlið, ef svo mætti að orði komast, sjúkdómsins frá tveimur hjúkrunarkonum sem hafa unnið við umönnun unglinga með hvítblæði. Mér þótti þó afar mikilvægt að vera ekki of upptekin af þessari tæknilegu, læknisfræðilegu hlið málsins þar sem sagan átti aldrei að fjalla mikið um sjúkdóminn sem slíkan, heldur fremur vakninguna sem á sér stað innra með Tessu í kjölfar hans."

> Bókinni er þó ekki ætlað að hvetja fólk til að lifa lífinu í eilífu núi, enda væri það einfaldlega ekki hægt. Aftur á móti má benda á að maður þarf ekki að vera dauðvona til þess að semja sinn eigin „áður en ég dey"-lista.




**ÁÐUR EN ÉG DEY** Hefur selst vel hér á landi.

Í hugum flestra eiga æska og dauði litla sem enga samleið, en Downham teflir þessum ólíku fyrirbærum þó saman í sögu Tessu og átti á tíðum í nokkrum erfiðleikum með að finna veg á milli þeirra. Hún telur að fólk í vestrænum samfélögum hafi fjarlægst dauðann og geti því ekki tekist á við hann þegar hann knýr dyra í nánasta umhverfi þeirra. „Þegar ég starfaði sem leikari lék ég í sýningu sem tókst á við dauðann og sorgina. Það var ekki hlaupið að því að finna leikhús sem kærðu sig um að setja verkið upp þar sem að flest þeirra vildu laða að áhorfendur með gleðileikjum. Þetta þykir mér einkennilegt viðhorf þar sem að maður getur varla notið lífsins til fulls ef maður neitar að horfast í augun við endalok þess. Vestræn samfélög eru orðin afar firrt þegar kemur að dauðanum; látnir ástvinir hverfa strax í hendurnar á útfararstofum og því þurfum við ekki að takast á við áþreifanlega hlið dauðans. Það er þó ekki svo langt síðan fólk annaðist sjálft jarðneskar leifar ástvina og öðlaðist þannig vissa tengingu við dauðann, en við virðumst einfaldlega ekki geta tekist á við þetta lengur. Ég var afar meðvituð um þessa firringu þegar ég byrjaði að skrifa bókina. Lífið þjappast saman og verður bragðmeira þegar einhvers konar landamæri umlykja það og dauðinn er náttúrulega endanlegu landamærin í lífi okkar allra. Þegar maður getur ekki horft til framtíðar verður maður að lifa í núinu og þegar maður gerir það verður hversdagurinn skyndilega heillandi. Ég var því að vona að með því að fjalla svo náið um dauðann myndi ég geta fjallað um lífið sjálft. Tessa er unglingur og hefur því sterkan vilja og löngun til að lifa lífinu til fulls, enda er svo margt sem hún á enn óreynt. Lífsvilji hennar og óumflýjanleiki dauðans mynda þannig jafnvægi í sögunni. Tessu tekst að lifa í núinu sem er hæfileiki sem fæstum er gefinn; flest upplifum við sárafáar stundir í lífinu þar sem við erum algerlega upptekin af stað og stund og gleymum öllu öðru. Þetta á sér þó stað við fæðingar, dauða eða aðrar stundir þar sem við upplifum tilfinningar á borð við sorg eða ást á svo sterkan hátt að við gleymum öllu öðru og leyfum okkur að brjóta reglurnar. Bókinni er þó ekki ætlað að hvetja fólk til að lifa lífinu í eilífu núi, enda væri það einfaldlega ekki hægt. Aftur á móti má benda á að maður þarf ekki að vera dauðvona til þess að semja sinn eigin „áður en ég dey"-lista."

**Viðbrögðin komu á óvart**

Skáldsagan er fyrsta útgefna bók höfundar og hefur farið sannkallaða sigurför um heiminn. Viðbrögðin við bókinni hafa komið Downham í opna skjöldu, enda lagði hún aðeins upp með að reyna að fá bókina gefna út í litlu upplagi. Velgengnin hefur þó tryggt stöðu hennar sem rithöfundar og hún er nú þegar búin að skrifa undir samning vegna útgáfu næstu skáldsögu sinnar. „Þegar ég skrifaði bókina vonaðist ég bara eftir því að ég gæti fundið mér útgefanda og að bókin kæmist í það minnsta á markað. En aðstaða mín í dag er sannarlega uppfylling drauma minna og mikil forréttindi; ég er útgefinn höfundur með samning upp á aðra bók. Fyrir aðeins ári síðan var ég að leggja lokahönd á „Áður en ég dey" og var alveg óviss um hvernig færi fyrir bókinni, en nú hefur hún verið þýdd á fleiri en tuttugu tungumál. Nýverið hóf ég svo að vinna að næstu skáldsögu minni. Ég veit staðsetningu sögunnar og er búin að hugsa upp aðalpersónuna, en ég er samt ekki alveg viss hvert þetta mun allt saman leiða mig. Mér þykir gaman að láta koma mér á óvart og vil helst ekki vita of mikið um söguna fyrirfram. Ég er heppin að því leyti að ég hef mikinn sjálfsaga og get setið við skrifborðið mitt heilu dagana og bara skrifað og skrifað, þó svo að megnið af því sem ég skrifa endi svo bara í ruslakörfunni. En ég held áfram að vinna og finn þannig þráðinn sem leiðir mig á endanum að fullkláraðri sögunni."

## → JENNY DOWNHAM Í HNOTSKURN

Downham dreymdi um að verða kvikmyndastjarna þegar hún var lítil og lærði leiklist.

Downham er 44 ára gömul og býr í London ásamt tveimur sonum sínum, 13 og 8 ára.

Þótt Downham sé einstæð móðir ákvað hún að hætta að vinna þegar yngri sonurinn fæddist. Til að fá útrás fyrir sköpunargleðina byrjaði hún að skrifa. Mæðginin bjuggu við kröpp kjör en í dag þurfa þau ekki að hafa áhyggjur af peningum þar sem bókin hefur selst í bílförum.

Sumir hafa líkt Downham við J. K. Rowling, sem einnig var auralítil einstæð móðir þegar hún hóf að skrifa og sló svo í gegn með sína fyrstu bók.

Ef Downham ætti að búa til sinn eigin „áður en ég dey"-lista myndi hún byrja á að koma sér upp matjurtargarðinum sem hana hefur alltaf dreymt um. Síðan myndi hún láta undan suði barnanna og gefa þeim kanínu. Á listanum væru einnig atriði eins og að sigrast á flughræðslunni og geta þannig ferðast óttalaus um heiminn og síðast en ekki síst að segja fólkinu sem hún elskar allt þetta mikilvæga sem maður kemur sér aldrei til að segja.

# Matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

Júlí 2008

Valentína Björnsdóttir

## Kjötsúpa fyrir krakka

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

## Neyðaráætlun í farteskinu

Eldað uppi á fjöllum

## Glóðarsteikt lúða og gómsætt meðlæti



# *Á vit ævintýra*

Ljúffengir réttir fyrir ferðaglaða sælkera

SAMKOMUSTAÐUR SÆLKERA NEFND EFTIR ERKIENGLI
HUNDURINN LÍKA SÁTTUR GJAFIR MÓÐUR NÁTTÚRU

## BORGARBARN Í TJALDI

Klara Kristín Arndal skrifar

Ég er svo mikið borgarbarn að ég fer mjög sjaldan út fyrir þægindamörk mín, höfuðborgina.

Um síðastliðna helgi var haldið ættarmót á Hólmavík og ég ákvað að skella mér með. Alls staðar var fullt í gistingu og það eina í boði var að tjalda á tjaldstæði bæjarins. Stórborgarmærin saup hveljur við tilhugsunina en lét til leiðast þrátt fyrir að hafa ekki sofið í tjaldi í meira en áratug. Eitt var þó að sofa í tjaldi fyrir mína líka, annað var að finna út hvers konar mat er best að taka með sér í tjaldið.

Ég fór í matvöruverslun til að reyna að finna eitthvað matarkyns sem gæti hentað við svona ástand. Ég var í stökustu vandræðum með að finna mat sem ekki þurfti að skera, hita eða halda köldum. Eflaust þarf ekki að taka það fram að ég á engar græjur í útileguna, hvorki tjald, svefnpoka, prímus, dýnur né almennileg hlífðarföt, hvað þá einnota grill, þannig að hugmyndaskortur hvað útilegumat varðar ætti ekki að koma á óvart. Eftir marga hringi inn í versluninni endaði ég með Kelloggs-stangir, kex, rúsínupakka, sódavatn, gulrætur, kirsuberjatómata og drykkjarjógúrt í körfunni.

Þegar í tjaldið var komið var maturinn geymdur fyrir utan tjald því svalt var í veðri og þannig tókst mér að halda matnum köldum. Fyrir svefninn var gott að fá sér kex og sódavatn og næsta morgun hittu drykkjarjógúrtin, Kellogg's-stöngin og rúsínurnar beint í mark þótt samsetningin hafi verið eilítið skrítin. Af hverju mér datt ekki í hug að kaupa brauð og álegg veit ég ekki, en þar sem þetta var ævintýri af sæmilegri stærðargráðu fyrir stúlku eins og mig ákvað ég að gera ekki veður út af smámunum. Ég var að minnsta kosti nokkuð södd og í standi til að hanga fram að hádegi þar til alvöru málsverður byðist.

Eftir hádegi var farið í langa bátsferð og fyllti ég hliðartöskuna mína með gulrótum, kexi og sódavatni. Eftir tveggja tíma siglinu í ausandi rigningu var fólk orðið kalt og svangt og ég ein af fáum með nesti. Í örfáar mínútur leið mér eins og ég væri kannski ekki eins útileguskert og ég hafði talið mig vera og tilfinningin var góð. Framhaldið lofaði þó ekki eins góðu.

Skemmst er frá því að segja að það rigndi alla helgina og kulda- og kexþröskuldurinn var ekki hærri en svo að ég var komin í gistingu hjá prestinum seinni nóttina þar sem heitt te, brauð með áleggi og soðin egg voru á boðstólum um morguninn, alveg eins og í borginni.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · S Smáréttir · D Drykkir

Hvunndags · Hvunndags og til hátíðabrigða

Annað kjöt en fuglakjöt · Fiskur · Grænmeti

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Auðunn Níelsson **Pennar:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Klara Kristín Arndal, María Þóra Þorgeirsdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Mikael Marino Rivera **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones *spj@frettabladid.is*


Súpan er holl og saðsöm og hlýjar þeim yngstu seint á sumarkvöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Kristín Shurui elskar kjötsúpu móður sinnar.

# Sælkeramatur FYRIR SMÁFÓLKIÐ

Valentína Björnsdóttir, framkvæmdastýra Móður Náttúru, mælir með kraftmikilli og bragðgóðri kjötsúpu fyrir krakka í útilegur og önnur ferðalög.

Hollt og gott!

Vandasamt getur verið að finna góðan, hollan og næringarríkan ferðamat fyrir yngstu kynslóðina en Valentína Björnsdóttir, framkvæmdastýra Móðir Náttúru, kann ráð við því.

Móðir Náttúra framleiðir grænmetisrétti sem meðal annars eru seldir í verslanir og leggur Valentína þess vegna mikið upp úr því að heilsusamlegur matur sé hafður með í ferðalagið. „Þegar farið er með börnin í útilegu vill maður gefa þeim hollan mat. Ég elda oft kjötsúpu, sem dóttir mín elskar. Í kjötsúpunni er grænmeti, kjöt og alls kyns hollusta. Svo er hún líka mjög saðsöm.“

Valentína bendir jafnframt á að þar sem oft verði kalt þegar líða tekur á kvöldin geti kjötsúpan líka haldið hita á krílunum. „Þetta er frábær lausn í alla staði.“

Hún leggur til að kjötsúpan sé elduð heima degi áður en lagt er af stað í ferðalagið og höfð með í góðu boxi. „Það getur verið gott að grípa í súpuna því það tekur stuttan tíma að hita hana upp. Krakkar eru oft óþólinmóðir og hafa ekki eirð í sér að bíða eftir mat þeirra fullorðnu og því er alveg kjötsúpa tilvalin.“

*- kka*

### KJÖTSÚPA



**1 og 1/2 l vatn**
**300 g lambakjöt**
**1 laukur**
**2 gulrætur**
**2 kartöflur**
**3 msk. hýðishrísgrjón**
**1 msk grænmetiskraftur**
**2 msk. haframjöl**
**3 msk. súpujurtir**

*Skerið kjöt og grænmeti í litla bita. Setjið vatn í pott og kjötið út í. Látið suðuna koma upp og lækkið hitann. Fleytið froðunni af.*

*Bætið því sem eftir er af hráefninu út í og látið sjóða við vægan hita í eina klukkustund. Kryddið með salti og pipar.*




VERSLUN SÆLKERANS

## Mosfellsbakarí


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hjónin Ragnar Hafliðason og Áslaug Sveinbjörnsdóttir stofnuðu Mosfellsbakarí árið 1982. Í upphafi var rekin ein verslun í Mosfellsbæ en nú hefur önnur bæst við á Háaleitisbraut. Í bakaríinu má meðal annars finna brauð, kökur, sorbet, sem bakaríið framleiðir, og sælkeradeild, þar sem hægt er að kaupa handgert konfekt, eftirrétti og fleira. Algengt er að fólk á leið úr bænum komi við í bakaríinu til að hafa með sér eitthvert góðgæti í ferðalagið.

„Það er bæði að kaupa í samlokur og svo brauð og meðlæti til að rigga upp borði í sumarbústaðnum. Ég held að sérstaða Mosfellsbakarís sé bæði vörubreiddin og að geta sameinað það að vera með almenna vöru af góðum gæðum og líka út í fínni vöru. Við höfum alltaf lagt áherslu á að fólk geti fengið mikið af þeim vörum sem það vantar til að gera vel við sig,“ segir Hafliði Ragnarsson, framleiðslustjóri Mosfellsbakarís og sonur eigendanna. Óhætt er að segja að Mosfellsbakarí sé í raun mikið fjölskyldufyrirtæki því þar starfa nú foreldrar, sonur, dóttir og tengdadóttir og hefur sonurinn Hafliði getið sér gott orð fyrir handgert konfekt sem hann framleiðir undir eigin nafni.

*- mmf*


ÍSAM
www.isam.is
ora
Ástríða í matargerð
Hvað vantar
með steikinni?
ora
GRILLSOSA
með lauk og kryddjurtum
ora
GRILLSOSA
með hvítlauk
ora
GRILLSOSA
með sólþurrkuðum tómötum
Þrjár spennandi grillsósur með grillkjötinu
með hvítlauk, sólþurrkuðum tómötum eða kryddjurtum og lauk.
www.ora.is

# Lyftir salatinu upp



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Salattangirnar frá Rösle eru fallegar og handhægar en þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr ryðfríu stáli í nær hundrað ár. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is


1




NORDICPHOTOS/GETTY

2



NORDICPHOTOS/GETTY

**1. Hvönn hefur verið notuð í ýmsum tilgangi síðan á 10. öld og er enn mikið notuð bæði í lyf og krydd. 2. Hún á meðal annars að styrkja ónæmiskerfi og vinna gegn sveppa- og vírussýkingum. 3. Hvönn vex á norðlægum slóðum, sérstaklega á Norðurlöndunum en er einnig ræktuð í Frakklandi.**

3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HRÁEFNIÐ: **Hvönn**

# Nefnd eftir erkiengli

Hvönn vex á norðlægum slóðum, einkum á Norðurlöndunum en hún er einnig ræktuð í Frakklandi. Hún getur náð allt að tveggja metra hæð og í júlí koma gul- og grænleit blóm á hana. Jurtin vex helst í rakri jörðu nálægt ám og vötnum en einnig finnst hún í borgum, til dæmis Reykjavík.

Hvönn hefur verið ræktuð og notuð í ýmsum tilgangi frá því á tíundu öld. Hún varð mjög vinsæl í Skandinavíu á tólftu öld og er enn í dag mikið notuð í lyf og sem krydd. Einnig hefur holur stöngullinn verið notaður sem leikfangaflauta.



Frakkar nota hvönn í eggjakökur, sultur og silungsrétti og einnig til að bragðbæta líkjöra og ákavíti. Í persneskri matargerð og þar sem áhrifa hennar gætir er hvönnin notuð til að krydda hrísgrjóna-, kjúklinga- og baunarétti og fræ og rót hvannarinnar hafa verið notuð til að búa til absintu.

Hvönn inniheldur ýmis efni sem talin eru hafa lækningamátt. Hún á meðal annars að styrkja ónæmiskerfið og vinna gegn bakteríu-, sveppa- og vírussýkingum.

Hvönn heitir „angelica“ á ensku sem kemur frá gríska orðinu „arkhangelos“ og þýðir erkiengill. Heitið er dregið af þeirri sögu að engillinn Gabríel hafi sagt mannfólkinu frá lækningamætti hennar.

- mþþ

## LEYNIVOPNIÐ

# Hundurinn meira að segja sáttur

Hermann Fannar Gíslason, starfsmaður hjá Vélaborg, hefur ferðast töluvert innanlands og finnst mikilvægt að hafa meðferðis góð geymsluílát undir matvæli.

„Þessi kæli- og geymslubox eru algjör nauðsyn í ferðalög, en ég keypti þau í Húsasmiðjunni. Það er alveg út úr kortinu að þurfa að geyma mat og drykk í innkaupapokum eða stórum íþróttatöskum. Svona box eru málið því maturinn helst ferskur og drykkirnir kaldir,“ segir Hermann.

Hann fjárfesti nýlega í boxunum eftir að hafa brennt sig verulega á því að nota íþróttatöskur undir allt sitt á ferðalögum sínum. „Maturinn bragðaðist verr ef eitthvað er. En lífið varð allt annað og betra með tilkomu þessara boxa. Meira að segja hundurinn var ánægður með tilkomu þeirra,“ segir hann brosandi.



**Ferðagarpurinn Hermann Fannar og hundurinn Krummi eru ávallt tilbúnir í langferðir.**
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hermann ætlar með haustinu að leggja af stað í mánaðarlangt ferðalag til Evrópu og ætlar að sjálfsögðu að hafa boxin góðu með sér. „Þau eiga svo sannarlega eftir að standa fyrir sínu. Þetta er löng leið og hitinn getur orðið mikill. Því er nauðsynlegt að vera með gott kælibox á meðan á ferðinni stendur.“

Hann segist varla geta hugsað sér að fara af stað í slíkt ferðalag án boxanna og hvetur alla, sem eru mikið á ferðinni, til þess að fjárfesta í geymslu- og kæliboxum.

- mmr


KJARNAFÆÐI
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ...
BRAGÐIÐ SEM ÍSLENDINGAR ELSKA
GRILL
LEIKURINN
WWW.KJARNAFAEDI.IS
DREGIÐ ÚT Á BYLGJUNNI
BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI



# Vænt og grænt

NÆGTABÚR NÁTTÚRUNNAR



Villijurtasalat Kristbjargar er bæði næringarríkt og fallegt á að líta en henni finnst best að borða salatið úr fallegri skál með prjónum.



Best er að tína blóðberg rétt fyrir blómgun því þá býr það yfir mestri orku. Blóðberg er að sögn Kristbjargar blóðhreinsandi og gott fyrir lifrina, auk þess sem það ver gegn kvefi og hefur góð áhrif á meltingu. Blóðberg í formi blómdropa er gott fyrir hjartað og veitir gleði. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Í blóðbergi eru rokgjarnar olíur sem gefa mjög gott bragð. Blóðbergsplantan hefur útvíkkandi áhrif sem þýðir að hún kemur hreyfingu á vökvana í líkamanum, örvar hægðir og losar um ýmiss konar stíflur.

# Næring fyrir líkama og sál

Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir hefur unnið með jurtir frá því hún man eftir sér og leggur mikið upp úr því að nýta gjafir jarðar.

Villtar jurtir eru víða notaðar til lækninga og heilsubótar og gefast mjög vel við matargerð. Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir hefur lengi nýtt það sem landið gefur og stundað lífræna ræktun auk þess að vinna með blómadropa og kenna jóga. „Mamma mín og móðursystir kenndu mér að tína blóðberg þegar ég var lítil og mér fannst það rosalega spennandi. Um leið og ég fann bækur um verkan jurtanna var ég komin í feitt og þá var ekki aftur snúið“.

Kristbjörg segir það listgrein að setja saman jurtir þannig að lækna megi fólk eða í það minnsta bæta líðan þess og heilsufar. „Það ættu allir að drekka jurtate á hverjum degi af villtum íslenskum jurtum. Það myndi spara samfélaginu mikla peninga í heilbrigðismálum.“ Þegar Kristbjörg bjó í Vallarnesi stundaði hún þar lífræna ræktun. „Afi og amma voru mikið ræktunarfólk og nýttu það sem þau gátu frá landinu svo ég ólst upp við að njóta og nýta það sem landið gefur,“ útskýrir hún. „Villijurtasalatið geri ég nú á hverjum degi en þetta er aðalmáltíðin mín yfir sumarið. Ég nota það sem vex villt á landi forfeðranna ásamt öðru góðgæti,“ segir Kristbjörg einlæg. - hs



Móðir Kristbjargar kenndi henni að búa til blóðbergste þegar hún var lítil stúlka og afi hennar og amma voru mikið ræktunarfólk.

S D

## HEILNÆMAR NÁTTÚRUUPPSKRIFTIR

### BLÓÐBERGSTE

*Best er að tína blóðbergið rétt fyrir blómgun því þá býr það yfir mestri orku. Klippt er framan af vaxtarrenglunum á blóðberginu og leitast við að slíta það ekki upp með rótum eða drepa plönturnar. Þannig er hægt að koma að ári og þiggja gjafir móður jarðar enn á ný.*

*Hellið sjóðandi vatni á 1 matskeið af fersku blóðbergi í lítinn tepott og látið trekkjast í 5 til 10 mínútur. Ekki má sjóða blóðberg nema örskamma stund svo virkni jurtarinnar haldist óskert.*

### VILLIJURTASALAT

**græn ung blöð af Spánarkerfli**
**ung blöð af fíflum**
**lauf af túnsúru**
**haugarfi**
**smárablöð**
**blómtoppar af:**
**blóðbergi**
**hvítmöðru**
**gulmöðru**

**njólafræ, þegar þau eru þroskuð**
**nokkur salatblöð að eigin vali (Kristbjörg notar salat sem hún ræktar sjálf)**
**baunaspírur**
**graslaukur eða púrrulaukur**
**grænkál**
**rúsínur**
**smá fetaostur eða mozzarella**
**sólblómafræ**
**sesamfræ**

### SALATSÓSA

*Hvítt möndlusmjör hrært með ólífuolíu og blóðberg malað út í ásamt jurtasalti eftir smekk. Blágresisblóm í skreytingu en þau eru einnig æt.*

*Blandið öllu salatinu saman. Hver og einn þarf samt að prófa sig áfram með fíflablöðin þar sem þau geta verið mjög römm og því er gott að byrja með lítið af þeim sem og smárablöðunum. Setjið graslauk og/eða púrrulauk út í eftir smekk ásamt njóla-, sólblóma- og sesamfræjum, osti og rúsínum. Hellið salatsósunni yfir og blandið saman. Setjið blómtoppa í miðju og blágresisblóm allt í kring.*

*Kristbjörg velur að lokum einhverja góða blómadropa sem hún dreypir yfir salatið til að fá orku frá þeim líka. Hún setur um sjö dropa í salatið.*



**Apple IMC á Íslandi**
www.apple.is

# FJÁRMÁLASTJÓRI APPLE Á ÍSLANDI

Við óskum eftir að ráða ábyrgðarfullan, sjálfstæðan og metnaðargjarnan einstakling til að sinna starfi fjármálastjóra.

Apple IMC er ungt, drífandi og vaxandi fyrirtæki með yfir 20 verslanir ásamt heildsölu og fyrirtækjasölu á markaðssvæði Íslands og Norðurlanda. Hjá okkur starfa yfir 200 starfsmenn og sjáum við fram á áframhaldandi vöxt einkum þar sem vinsældir Apple fara sífellt vaxandi.

**Ábyrgðarsvið fjármálastjóra fyrir Apple á Íslandi (75%):**
- Almenn fjármálastjórnun, gerð og eftirfylgni áætlana
- Uppgjör, bókhald, reikningagerð og eftirfylgni með reikningum
- Innkaupaferlar og rekstur skrifstofu
- Fjárhagsleg skýrslugerð og mánaðarlegar upplýsingar um lykiltölur
- Kostnaðargreiningar

**Ábyrgðarsvið fjármálastjóra fyrir samsteypuna á Norðurlöndunum (25%):**
- Umsjón með áætlunarferli samsteypunnar
- Fjárhagsleg skýrslugerð (mánaðarleg, ársfjórðungsleg og árleg)
- Samskipti við endurskoðendur
- Fjárstreymisgreiningar og áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði viðskipta
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af starfi við reikningshald skilyrði
- Góð þekking á innflutningi
- Góð kunnátta á Navision
- Greiningarhæfni og talnagleggni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Þekkir þú Navision?

**Skýrr vill ráða einstaklinga með þekkingu á Microsoft Dynamics NAV (fyrrum Navision). Við leitum bæði að einstaklingi í ráðgjafastarf sem hefur mikla reynslu sem notandi NAV og aðila sem hefur kunnáttu og reynslu af forritun í NAV. Skýrr sækist eftir orkumiklu og jákvæðu fólki sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki.**

**Starfslýsing: Ráðgjafi og forritari**
Báðir aðilar munu ganga til liðs við samhentan og ört stækkandi hóp mjög öflugra einstaklinga með mikla reynslu.

Forritunarhópurinn ber ábyrgð á innleiðingu, þróun, nýsmíði og uppsetningu hugbúnaðarins ásamt þjónustu á hinum ýmsu kerfishlutum Microsoft Dynamics NAV fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

Starf ráðgjafa felst í innleiðingu, uppsetningu og þjónustu á hugbúnaðinum ásamt því að skilgreina þarfir og væntingar viðskiptavina, leiðbeina við notkun hugbúnaðarins og aðlaga þarfir að stöðluðum lausnum og sérkerfum Skýrr. Einnig hugsanlegri verkefnastjórnun í tengslum við innleiðingar.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, kerfis-, verk- eða tölvunarfræði eða sambærileg menntun/starfsreynsla
- Forritarinn þarf að hafa haldgóða starfsreynslu af þróun hugbúnaðarkerfa
- Ráðgjafinn þarf að hafa haldgóða reynslu af ráðgjafastörfum í upplýsingatækni
- Góð þekking/reynsla af Microsoft Dynamics NAV
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr, s. 569-5949 eða io@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til sunnudagsins 27. júlí nk. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr (www.skyrr.is) og vinsamlega setjið þar einnig inn ferilskrá. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.



Fíton / Sía

Allt á einum stað | 569 5100 skyrr.is | Skýrr

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus störf við:

HEILSUGÆSLAN

## Miðstöð heimahjúkrunar

### Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðinga vantar til starfa við Miðstöð heimahjúkrunar sem er til húsa að Álfabakka 16, Reykjavík. Miðstöð heimahjúkrunar sinnir sólarhringsþjónustu við íbúa Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga.
Starfssvið hjúkrunarfræðinga er umsjón með skjólstæðingum og ýmis sérhæfð hjúkrunarstörf. Leitað er eftir hjúkrunarfræðingi sem getur hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi, um er að ræða dagvinnu og morgunvakt fjórðu hverja helgi. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri reynslu og hæfileikum til að geta unnið sjálfstætt. Bíll til afnota á vinnutíma.

### Sjúkraliðar

Sjúkraliðar óskast til starfa við Miðstöð heimahjúkrunar sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða dag- og kvöldvaktir.

Starf sjúkraliða við Miðstöð heimahjúkrunar krefst sjálfstæðra vinnubragða og þurfa umsækjendur að búa yfir góðri reynslu og hæfileikum til að geta unnið sjálfstætt. Bíll til afnota á vinnutíma. Starfsemi heimahjúkrunar er ört vaxandi, fjölbreytt og mjög gefandi starf. Miðstöð heimahjúkrunar sinnir sólarhringsþjónustu.

**Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir Þórdís Magnúsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar heimahjúkrunar Heilsugæslunnar í síma 513 1300 eða á netfangi: thordis.magnusdottir@hhjuk.hg.is**

## Heilsugæsluna Miðbæ

### Hjúkrunarfræðingur

Heilsugæslan Miðbær auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa við heilsugæsluhjúkrun sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 70% starf þar sem starfssviðið er í ung- og smábarnavernd og almennri móttöku. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heilsugæsluhjúkrun eða búi yfir góðri reynslu í hjúkrun.

### Ljósmóðir

Ljósmóðir óskast til starfa við Heilsugæsluna Miðbæ sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 50% starf í mæðravernd.

Leitað er eftir ljósmóður sem hefur einnig lokið hjúkrunarfræðimenntun og býr yfir víðtækri klíniskri reynslu.

**Upplýsingar um stöðurnar veitir: Margrét Magnúsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar Miðbæ í síma 525-2600 eða á netfangi: margret.magnusdottir@mid.hg.is**

## Heilsugæsluna Seltjarnarnesi

### Hjúkrunarfræðingur

Heilsugæslan Seltjarnarnesi auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa við heilsugæsluhjúkrun.
Leitað er að hjúkrunarfræðingi til starfa þar sem starfssviðið er m.a. í ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæslu, heilsuvernd eldri borgara og almennri móttöku. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heilsugæsluhjúkrun eða búi yfir góðri reynslu í hjúkrun.

### Ljósmóðir

Ljósmóðir óskast til starfa við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða starf við mæðravernd og foreldrafræðslu.

Leitað er eftir ljósmóður sem hefur einnig lokið hjúkrunarfræðimenntun og býr yfir víðtækri klíniskri reynslu.

**Nánari upplýsingar veitir Emilía P. Jóhannsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi í síma 561 2070 eða netfangi:emilia.p.johannsdottir@seltj.hg.is.**

## Heilsugæsluna Árbæ

### Hjúkrunarfræðingur

Heilsugæslan Árbæ auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa við heilsugæsluhjúkrun sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræðastarf þar sem starfssviðið er í skólaheilsugæslu og almenni móttöku. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heilsugæsluhjúkrun eða búi yfir góðri reynslu í hjúkrun.

**Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigmundsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar Árbæ í síma 585 7800 og á netfangi: ingibjorg.sigmundsdottir@arbae.hg.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

**Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá og afrit af prófskýrteinum sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 5. ágúst 2008.**

**Sjá nánari upplýsingar um störfin á: www.heilsugaeslan.is**

Reykjavík, 20. júlí 2008.

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Starfsmannasvið,**
**Álfabakka 16, 109 Reykjavík www.heilsugaeslan.is**

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í grunnskólum skólaárið 2008-2009

**Áslandsskóli**
(664-5501 leifur@aslandsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Verkefnastj. v/fæðingarorlofs aðstoðarskólastjóra
Forstöðumaður heilsdagsskóla
Skólaliði

**Engidalsskóli**
(664-5867 audur@engidalsskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Smíði
Sérkennari (100%)

**Hraunvallaskóli**
(664-5874 agusta@hraunvallaskoli.is;sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Umsjónarkennari á miðstigi
Þroskaþjálfi
Skólaliðar
Stuðningsfulltrúi
Leikskólakennarar

**Hvaleyrarskóli**
( 664-5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Náttúrufræðikennsla á unglingstigi
Skólaliði

**Lækjarskóli**
(664-5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi

**Setbergsskóli**
(664-5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Kennari/þroskaþjálfi í sérúrræði vegna einhverfra nemenda
Skólaliðar

**Víðistaðaskóli**
(664-5891/664-5890 annakr@vidistadaskoli.is)
Umsjónarkennari á miðstigi
Tónmennt
Sérkennsla
Matráður í mötuneyti starfsmanna
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

**Öldutúnsskóli**
(664-5896 herla@oldutunsskoli.is)
Kennari /eða þroskaþjálfi í sérdeild
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Umsjónarkennari á miðstigi
Íslenska og stærðfræði á unglingastigi
Smíði og heimilisfræði
Skólaliði

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórnendur viðkomandi skóla.
Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
**Umsóknarfrestur er til og með 30. júlí.**

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

vinna.is



**Vinna.is**
Sími 511 1144 www.vinna.is

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

---

British Embassy Reykjavik

## The British Embassy in Reykjavik

**is seeking to recruit a trade and investment officer**

The successful applicant will be responsible for managing and developing all aspects of the Embassy's trade and investment activity under the guidance of the Ambassador.

**These include:**
Identifying business opportunities and undertaking market research for UK companies in Iceland.

Co-ordinating and running UK business events in Iceland.

Identifying investment opportunities in Iceland and the UK.

Working with the British Government Trade and Investment organisation to develop and execute the UK's strategic trade and investment policy in Iceland and the Nordic region.

The Trade and Investment Officer also participates fully in the wider work of the Embassy.

Application should be made in writing in English and Icelandic and sent to Simon Minshull along with a CV to reach the Embassy by the 12th of August 2008. British Embassy P.O. Box 460 121 Reykjavík. Kindly note that electronic applications will not be accepted.

The selection will be made through interviews and tests.

For further information please contact Simon Minshull on 550 5100.

---

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Aðstoð við heimilisstörf

**Roðasalir** – sambýli og dagþjálfun
- Sumarafleysingar:
- Dagþjálfun
- Aðhlynning
- Sjúkraliði

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig

**Hjallaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Hörðuvallaskóli:**
- Skólaliði II – gangavörður/ræstir
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

**Kársnesskóli:**
- Sérkennari
- Þroskaþjálfi

**Lindaskóli:**
- Starfsfólk í Dægradvöl hlutastörf
- Kennari í sérkennslu

**Salaskóli:**
- Skólaliðar II – gangav/ræstar hlutastarf eða fullt starf
- Starfsfólk í Dægradvöl hlutastarf

**Smáraskóli:**
- Umsjónarkennari á miðstig
- Matráður starfsmanna 80-100%

**Vatnsendaskóli:**
- Þroskaþjálfi
- Stuðningsfulltrúi

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***

---

# Bílstjóri

**Karl K. Karlsson ehf. óskar eftir bílstjóra með meirapróf**

**Starfslýsing:**
Tiltekt á pöntunum.
Útkeyrsla á vörum.
Samskipti við viðskiptavini.

**Starfsskilyrði:**
Meirapróf er skilyrði.
Nákvæmni og vandvirkni.
Þjónustulund og góð samskiptahæfni.
Góð ástundun og liðsandi.

Umsóknir berist til **stefanr@karlsson.is** fyrir 1. ágúst
Upplýsingar eru ekki veittar í síma.

KARL K. KARLSSON

Karl K. Karlsson hf. var stofnað árið 1946 og er í dag meðal öflugustu innflutningsfyrirtækja á sviði dag- og drykkjarvöru.
Karl K. Karlsson hf. flytur inn þekkt, alþjóðleg vörumerki í drykkjarvöru, áfengri sem óáfengri, matvöru, sælgæti og hreinlætisvöru. Í dag eru starfsmenn Karls K. Karlssonar hf. 32 talsins. Starfsaðstaða er sem best verður á kosið, í nýlegu húsnæði við Skútuvog 5 í Reykjavík.

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Skólaárið 2008 - 2009

## eru eftirfarandi stöður lausar í grunnskólum Reykjavíkur

**Álftamýrarskóli,** Álftamýri 79, sími 570 8100, 664 1111
- Íslenskukennari á unglingastigi og tölvukennari á yngri stigum, 100% staða

**Árbæjarskóli,** Rofabæ 34, sími 411 7700, 664 8120
- Íslenskukennari
- Enska og samfélagsfræði
- Íslenska og stærðfræði

**Austurbæjarskóli,** v/Vitastig, sími 411 7200
- Námsráðgjafi, 100% staða
- Starfsmaður á bókasafn, 60-70% staða
- Kennari á yngsta stigi, byrjendakennsla
- Íþróttakennari

**Breiðholtsskóli,** Arnarbakka 1-3, sími 411 7450
- Umsjónarkennari á miðstigi

**Brúarskóli,** Vesturhlíð 3, sími 520 6000
- Umsjónarkennari á miðstigi, 100% staða
- Umsjónarkennari á unglingastig, 100% staða
- Tónmenntakennari, 70% staða
- Stuðningsfulltrúi, 70-100% staða
- Skólaliði, 70% staða

**Engjaskóli,** Vallengi 14, sími 411 7600
- Deildarstjóri í sérkennslu
- Skólaliði í nemendaeldhús, 70% starf
- Skólaliði, 100% starf

**Fellaskóli,** Norðurfelli 17-19, sími 557 3800
- Umsjónarkennari í 2. bekk
- Umsjónarkennari í 4. bekk
- Heimilisfræðikennari, 50% staða.

**Foldaskóli,** Logafold 1, sími 540 7600
- Kennari á yngsta stigi

**Fossvogsskóli,** Haðalandi 26, sími 568 0200
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Þroskaþjálfi
- Starfsmaður skóla til að sinna nemendum í leik og starfi

**Hamraskóli,** Dyrhömrum 9, sími 664 8200, 664 8201
- Deildarstjóri í sérkennslu, 50% starf deildarstjóra og sérkennsla.
- Sérkennari eða þroskaþjálfi í sérdeild fyrir einhverfa, 100% starf
- Stuðningsfulltrúi í 2-3 bekk

**Háteigsskóli,** v/ Háteigsveg, sími 530 4300, 664 8215
- Dönskukennari á unglingastigi, afleysing vegna fæðingarorlofs
- Þroskaþjálfi, afleysing vegna fæðingarorlofs, 50 - 100%

**Hlíðaskóli,** Hamrahlíð 2, sími 552 5080
- Náms- og starfsráðgjafi
- Þroskaþjálfi
- Sérkennari

- Sérkennari, 50 % starf með daufblindum nemanda
- Táknmálstúlkur, hlutastarf kemur til greina
- Umsjónarkennari í 5. bekk

**Hólabrekkuskóli,** Suðurhólum 10, sími 557 4466
- Kennari á yngsta stigi
- Kennari á miðstigi
- Þroskaþjálfi

**Ingunnarskóli,** Maríubaugi 1, sími 411 7828, 664 8265, 664 8266
- Sérkennari
- Kennari á yngsta stigi
- Raungreinakennari á unglingastigi
- Samfélagsfræðikennari á unglingastigi

**Korpuskóli,** Bakkastöðum 2, sími 411 7880, 664 8276
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Náttúrufræðikennari á unglingastigi, afleysing vegna fæðingarorlofs
- Stuðningsfulltrúi

**Langholtsskóli,** Holtavegi 23, sími 553 3188
- Þroskaþjálfi með þekkingu og reynslu af atferlismótun, 80-100% staða
- Stuðningsfulltrúi

**Laugalækjarskóli,** v/Laugalæk, sími 588 7500
- Textílmennt, afleysing í eitt ár, 100% staða
- Hönnun og smíði, 80-100% staða

**Réttarholtsskóli,** v/Réttarholtsveg, sími 411 7720
- Samfélagsfræðikennari á unglingastigi

**Rimaskóli,** Rósarima 11, sími 411 7720
- Heimilisfræði, kennsla í 1. - 7. bekk

**Seljaskóli,** Kleifarseli 28, sími 411 7500, 664 8330
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliði

**Sæmundarskóli,** Gvendargeisla 168, sími 411 7848
- Þroskaþjálfi til að vinna í teymi með sérkennara og talmeinafræðingi
- Sérkennari á miðstigi

**Vesturbæjarskóli,** Sólvallagötu 67, sími 562 2296, 696 2299
- Heimilisfræðikennari
- Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Víkurskóli,** v/Hamravík, sími 545 2700, 664 8345
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi
- Umsjónarkennarar á miðstigi
- Smíðakennari

**Vogaskóli,** v/Skeiðarvog og Sólheima, sími 411 7373
- Stuðningsfulltrúi á mið- og unglingastigi, 80% staða

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.reykjavik.is/storf. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## TRÉSMIÐIR

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

## CIEŚLI SZALUNKOWYCH

lub osoby z doświadczeniem w pracach przy szalunkach, na swoje budowy w Reykjaviku i jego okolicach. Zainteresowani muszą wykazać się doświadczeniem w pracy z systemem szalunkowym DOKA. Mile widziana znajomość języka angielskiego.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 750 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

# WAREHOUSE

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í **fullt starf** og í **hlutastarf** við almenn verslunarstörf.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til **25. júlí**
Ferilskrá sendist á **hulda@hbu.is**

WAREHOUSE | Kringlunni, Smáralind

# netto

## GRAFARVOGI - HVERAFOLD









Vegna opnunar á nýrri verslun okkar í Hverafold óskum við eftir að ráða fólk í eftirfarandi störf:

- **Aðstoðarverslunarstjóri**
- **Lagerstjórn**
- **Starfsfólk í almenn afgreiðslustörf, hlutastörf og heilsdagsstörf**
- **Umsjón grænmetis- og ávaxtadeildar**
- **Umsjón kjötdeildar**
- **Umsjón í mjólkurdeild**
- **Umsjón með bakstri**

Aðeins þjónustulundaðir og drífandi einstaklingar koma til greina. Fólk á öllum aldri er hvatt til að sækja um á vinnustað þar sem ríkir góður starfsandi.

Upplýsingar veitir verslunarstjóri, Bjarki Þór Árnason í síma 895-0616. Umsóknir berist á netfangið hverafold@netto.is fyrir 28.júlí.

# AÐILI VANUR KÆLI- OG HEIMILISTÆKJA-VIÐGERÐUM

Egill þjónustuverkstæði auglýsir laust til umsóknar starf viðgerðarmanns í kælitækjum og almennum viðgerðum á heimilistækjum.

*Helsta starfssvið:*
- Viðgerðir á kælitækjum
- Viðgerðir á stærri heimilistækjum

*Menntunar- og hæfniskröfur:*
- Þekking/reynsla á kælitækjaviðgerðum
- Menntun tengd starfinu æskileg
- Þekking/reynsla tengd viðgerðum á heimilistækjum
- Áhugi á viðgerðum
- Iðnnemar koma til greina í starfið
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

Egill þjónustuverkstæði er ört vaxandi þjónustufyrirtæki í eigu BYKO. Hjá Agli starfa að meðaltali 15 starfsmenn og eru verkefnin fjölbreytt.

Nánari upplýsingar veitir Freyr í síma 554-4445 eða með tölvupósti, freyr@egill.is. Sækja skal um starfið á vef BYKO www.byko.is í síðasta lagi 28. júlí. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**EGILL** ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 9A (gul gata) • 200 Kópavogur • Sími 554 4445
Fax 554 4476 • Netfang: egill@egill.is • Veffang: www.egill.is

# ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# Mötuneyti leik- og grunnskóla Seltjarnarness

**Laus er til umsóknar störf í eldhúsi**

Aðstoðarfólk vantar í eldhús. Um er að ræða bæði 100% og 50% stöður.

Laun skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga við starfsmannafélag Seltjarnarness.

Áhugasamir hafi samband við:
Jóhannes Má Gunnarsson
í síma 5959-200, 845-2490 eða
johannesmar@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Þórhildar 2200.414

ísnet ÍSFELL www.isfell.is

## Starfsmaður óskast á víraverkstæði

Ísfell ehf. rekur alhliða veiðarfæraþjónustu með útgerðar-, rekstrar- og björgunarvörur ásamt rekstri neta- og víraverkstæða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.isfell.is

Starfsstöðin Ísnet Hafnarfjörður að Óseyrarbraut 28 óskar eftir starfsmanni vönum almennri víravinnu og netagerð.

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 1.ágúst næstkomandi**

Umsóknir óskast sendar á netfangið oddgeir@isfell.is eða hafa samband við Oddgeir Oddgeirsson rekstrarstjóra í s. 5 200 545 eða 660 8848.

---

Atvinna.is
Ráðningarþjónusta
þar sem leitin hefst

# Vantar þig starfsfólk !

Atvinna.is veitir fyrirtækjum snögga og góða þjónustu. Skoðið heimasíðu okkar.

Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

---

FORRÉTTINDI
Aðstoð - frelsi - lífsgæði
Forréttindi ehf • Farsími: 691 2722 • freyja@forrettindi.is
www.forrettindi.is
-fötlun þarf ekki að vera hindrun!

## VILT ÞÚ SLÁST Í HÓPINN?

Ég er 22 ára kona með hreyfihömlun sem óska eftir aðstoðarmanneskju til starfa frá og með 1. september.

Ég þarf á að aðstoð að halda við flestar athafnir daglegs lífs, m.a. við hreinlæti, klæðnað, keyrslu, tiltekt, vinnu og skóla. Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í eigin lífi og að viðhalda og auka lífsgæði mín.

Hjá mér starfa fjórar ungar konur sem aðstoða mig við það sem hver dagur ber í skauti sér. Fjölbreytni einkennir starfið því enginn dagur er eins hjá mér, frekar en hjá þér.

Inn í þennan góða hóp getur þú komið sterk til leiks – því með þér hef ég kost á að lifa með reisn.

Umsækjandi þarf að vera á aldrinum 20-30 ára, reyklaus og með bílpróf. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi og vilji til að auka þekkingu og leggja sig fram að metnaði við alla þætti starfsins.

**Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár berist á netfangið freyja@forrettindi.is.**

Ráðningardagsetning: Í síðasta lagi 1. september
Vinnutímabil: Framtíðarstarf
Vinnuhlutfall: 50% eða 100%
Laun: Góð laun í boði.

---

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

## Seljahlíð heimili aldraðra óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður:

**Starfsmaður óskast í heimaþjónustu og aðstoð við sjúkraþjálfun,** um er að ræða 80 % starf, vinnutími virka daga kl: 8 - 14.30. Aðstoð við sjúkraþjálfun fer fram milli kl: 10 - 12.

**Helstu verkefni og ábyrgð;**
- almenn heimilisþrif í vistarverum íbúa
- stuðningur í daglegu lífi til sjálfstæðrar búsetu
- aðstoð við sjúkraþjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara

**Hæfniskröfur;**
- lipurð í mannlegum samskiptum
- íslenskukunnátta skilyrði
- sveigjanleiki og samviskusemi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar. Umsóknarfrestur er til 5. ágúst nk. Umsækjandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september 2008.

Allar nánari upplýsingar veita Hlíf Hjálmarsdóttir eða Ólöf J. Stefánsdóttir virka daga milli kl: 10 og 15 í síma 540-2400 eða á staðnum Hjallaseli 55.

**Starfsmann í eldhús/borðstofu í 70 % starf, vaktavinna,** unnið er kl: 8 - 16, sjö vaktir á hálfum mánuði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst.

**Helstu verkefni**
- framreiðsla á málsverðum
- frágangur og uppþvottur

**Hæfniskröfur**
- íslenskukunnátta nauðsynleg
- lipurð í mannlegum samskiptum
- reynsla af skyldum störfum æskileg
- sveigjanleiki og samviskusemi

Laun skv. kjarasamningi Eflingar og Reykjavíkurborgar.

**Umsóknarfrestur er til 5. ágúst nk.**

Allar nánari upplýsingar veitir Björn Ólafsson matreiðslumeistari virka daga milli kl: 10 og 14 í síma 540-2400 eða á staðnum Hjallaseli 55, 109 Reykjavík.

Í Seljahlíð heimili aldraðra eru þjónustuíbúðir og lítil hjúkrunardeild með heimilislegum anda, starf með öldruðum krefst nærgætni og hæfni í mannlegum samskiptum, lögð er áhersla á að styðja við sjálfsbjargargetu íbúanna.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

FARICE

FARICE er lífæð fjarskipta Íslendinga við umheiminn. Markmið Farice hf. er að tryggja örugg fjarskipti við önnur lönd um sæstrenginn FARICE-1 og hin nýja DANICE-sæstreng sem tekinn verður í notkun í ársbyrjun 2009.

www.farice.is

# Fjármálastjóri

Farice hf. óskar að ráða fjármálastjóra. Um nýtt starf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.

**Starfssvið:**
- Dagleg fjármálastjórnun fyrirtækisins
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálastofnanir
- Samningagerð
- Innheimtumál
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðareftirlit

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Viðskiptamenntun, framhaldsmenntun æskileg
- Góð þekking á bókhaldi og rekstri
- Reynsla af sambærilegu starfi í alþjóðlegu umhverfi
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar:
Elísabet Sverrisdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi, elisabet@hagvangur.is.

Með allar fyrirspurnir og umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur** er til og með 28. júlí nk.

**Umsóknir óskast** fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Vélstjóri óskast

Skipið er Hrafn Sveinbjarnarson GK 255.
Lágmarksréttindi: VS1

Upplýsingar í síma: 852-3727 eða 892-2502

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

---

Þykkvabæjar

**Kartöfluverksmiðjan Þykkvabæ hf.**
**ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Í VERKSMIÐJU OKKAR Í ÞYKKVABÆ.**

Upplýsingar gefur Auðun í síma 487-5600
audun@karto.is

---

Leitum að ungum leikurum í sjónvarps-kvikmynd sem tekin verður upp í ágúst.

TAKA KVIKMYNDAGERÐ

Nr 1. Áræðin, ákveðin og hress 8 ára stelpa.
Nr 2. Duglegur 12 ára strákur.

Umsókn skal innihalda: fullt nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, áhugamál og ljósmynd/ljósmyndir.

**Umsóknir sendist á taka@taka.is eða í pósti til Töku Kvikmyndagerðar, Skúlaskeiði 28, 220 Hfj.**

---

ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR

# Hjúkrunarfræðingar

Hvernig væri að prófa eitthvað nýtt?

Við á hjúkrunarheimilinu Sólvangi viljum bjóða þér starf við öldrunarhjúkrun, starf sem er fjölbreytilegt, krefjandi, gefandi og þroskandi. Sólvangur er í fallegu umhverfi rétt við lækinn í Hafnarfirði. Þrjár deildir eru þar starfandi með 17-19 heimilismenn á deild. Við leggjum áherslu á umhyggju fyrir starfsfólki, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, að sérhver starfsmaður fái að njóta sín og sé ánægður í starfi.

**Okkur vantar til starfa:**

- Deildarstjóra á deild 3.
- Aðstoðardeildarstjóra á deild 2.
- Hjúkrunarfræðing á fastar næturvaktir (50% starf).
- Hjúkrunarfræðinga á allar deildir.

Nánari upplýsingar gefa Erla M. Helgadóttir hjúkrunarstjóri Sólvangi, erla@solvangur.is, í síma 5906500,netfang erla@solvangur.is og Birna G. Flygenring, framkvæmdastjóri hjúkrunar við STJS í síma 520100/5906500, netfang: bgf@stjo.is
Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast fyrir 10. ágúst nk. til Birnu G. Flygenring fram-kvæmdastjóra hjúkrunar, Suðurgötu 41, 220 Hafnarfirði.

Laun ofangreindra starfa er samkvæmt gildandi samningi viðko-mandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást á heimasíðu stofnunarinnar stjs.is, í upplýsingum STJS Suðurgötu 41 og á skrifstofu Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

PM EHF PARKET MEISTARINN

Vegna góðrar verkefnastöðu óskum við eftir að ráða laghenta menn í parketslípun, einnig smiði í parketlagnir sem sjálfstæða verktaka. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Sími 892-8861, 5675412 eða fridrik@pm.is**

---

IKEA®

## Hefur þú áhuga á hönnun og húsbúnaði?

Í húsgagnadeild og smávörudeild starfa sölufulltrúar við ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Við leitum að einstaklingum til starfa í báðar deildir.

**Hæfniskröfur:**

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samviskusemi
- Góð og rík þjónustulund
- Áhugi á hönnun og húsbúnaði
- Almenn tölvuþekking
- Þekking á Navision kostur en ekki skilyrði

Um fullt starf og hlutastarf er að ræða. Ráðið verður í stöðurnar sem fyrst.

*Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsóknarform á www.IKEA.is. Nánari upplýsingar veita Fjóla Kristín Helgadóttir (fjola@ikea.is) og Auður Gunnarsdóttir (audur@ikea.is) í síma 520-2500.*

Hjá IKEA starfa rúmlega 300 manns. Starfsmenn eru á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn og af ýmsum þjóðernum. Við fögnum slíkri breidd og viljum meina að það sé skemmtilegt að vinna hjá IKEA, þar sem allir standa saman í því að starfrækja eina vinsælustu verslun landsins. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

---

Reykjavíkurborg
Listasafn Reykjavíkur
LISTASAFN REYKJAVÍKUR REYKJAVIK ART MUSEUM

# Veitingarekstur

**Veitingarekstur í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi**

Listasafn Reykjavíkur leitar að áhugasömum starfsmanni með metnað og frumkvæði til að móta og sjá um veitingarekstur í Hafnarhúsi.

Hafnarhúsið er vettvangur samtímalista og fjölbreyttra viðburða sem þúsundir gesta sækja ár hvert. Óskað er eftir starfsmanni sem hefur frumkvæði og vill taka þátt í að móta nýja og ferska veitinga-stefnu staðarins.

Við leitum að framtíðarstarfsmanni í gott starfslið á skapandi og skemmtilegum vinnustað. Starfið felst í afgreiðslu, framleiðslu, innkaupum, starfsmannahaldi og almennri umsjón rekstursins.

Starfshlutfall er 100% virka daga frá kl. 9-17.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeig-andi stéttarfélags.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. september 2008.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Önnu Friðbertsdóttur, deildarstjóra rekstrardeildar sem jafnframt gefur upplýsingar í síma, s. 590-1200, Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Jafnframt er tekið á móti umsóknum á netfangið anna.fridbertsdottir@reykjavik.is.
Umsóknarfrestur er til 3. ágúst 2008

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

Hótel Hérað er 60 herbergja þriggja stjörnu hótel í miðbæ Egilsstaða. Veitingasalur rúmar um 100 manns og þar er glæsileg ráðstefnu-aðstaða. Hótel Hérað er rekið af Flugleiðahótelum sem er hluti af Icelandair Group.

HÓTEL HÉRAÐ





## MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST

Við leitum að dugmiklum, áreiðanlegum einstaklingi sem getur séð um stjórnun, skipulag, innkaup og eftirlit í eldhúsi.

- Góð samskiptahæfni
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Áreiðanleiki og stundvísi

Um er að ræða vaktavinnu.

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: tryggvi@icehotels.is fyrir 30. júlí 2008**

IH ICELANDAIRHOTELS

HÓTEL HÉRAÐ | 700 EGILSSTAÐIR
SÍMI: 471 1500 | www.icehotels.is

---

# Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra

**Staða skólastjóra við Grunnskóla Húnaþings vestra er laus til umsóknar**

**Starfssvið:**
Skólastjóri ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu í samstarfi við fræðsluráð og sveitarstjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
- Þekking og reynsla á sviði stjórnunar og rekstrar er æskileg.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Einlægur áhugi á metnaðarfullu skólastarfi.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Grunnskóli Húnaþings vestra er einsetinn og stunda um 160 nemendur nám við skólann í 1. - 10. bekk. Kennslustaðir skólans eru tveir, nemendur 1. - 4. bekkjar stunda nám sitt á Hvammstanga og nemendur 5. - 10. bekkjar á Laugarbakka. Vel er búið að skólanum og starfið er metnaðarfullt, við stuðlum að fjölbreyttri og skemmtilegri skólagöngu nemenda t.d. með áherslu á list- og verkgreinar. Skólinn er vel búinn tækjum og við hann er rekið gott mötuneyti. Allir fastráðnir kennarar skólans hafa lokið grunnskólakennaraprófi. Gott samstarf er milli grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Ýmsar nánari upplýsingar um starfsemi skólans má nálgast á heimasíðu hans http://www.hunathing.is/skoli Laun skólastjóra eru í samræmi við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasam-bands Íslands. Aðstoð verður veitt við útvegun húsnæðis ef með þarf.

**Umsóknarfrestur er til 6. ágúst nk.**
Umsóknir, sem skulu vera skriflegar, berist til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Í umsókn skal greina frá men-ntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst en í síðasta lagi 1. janúar nk. Upplýsingar um starfið veitir Ágúst Jakobsson skólastjóri, sími 455-2911 / 847-8812, netfang agustj@ismennt.is

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Íbúar í Húnaþingi vestra eru tæplega 1.200 og í sveitarfélaginu er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

# Kennarar

Við í Árskóla á Sauðárkróki getum bætt við okkur áhugasömum kennurum næsta skólaár.

Um er að ræða sérkennslu, dönskukennslu og almenna kennslu á yngsta og miðstigi.

**Umsóknarfrestur er til 5.ágúst.**

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 8221141/8221142.
Heimasíða skólans: http://www.arskoli.is

British Embassy
Reykjavik

## The British Embassy in Reykjavik

**is seeking to recruit a trade and investment officer**

The successful applicant will be responsible for managing and developing all aspects of the Embassy's trade and investment activity under the guidance of the Ambassador.

**These include:**
Identifying business opportunities and undertaking market research for UK companies in Iceland.

Co-ordinating and running UK business events in Iceland.

Identifying investment opportunities in Iceland and the UK.

Working with the British Government Trade and Investment organisation to develop and execute the UK's strategic trade and investment policy in Iceland and the Nordic region.

The Trade and Investment Officer also participates fully in the wider work of the Embassy.

Application should be made in writing in English and Icelandic and sent to Simon Minshull along with a CV to reach the Embassy by the 12th of August 2008. British Embassy P.O. Box 460 121 Reykjavík. Kindly note that electronic applications will not be accepted.

The selection will be made through interviews and tests.

For further information please contact Simon Minshull on 550 5100.

Þingeyjarsveit

## Sveitarstjóri

**Þingeyjarsveit óskar eftir að ráða sveitarstjóra.**

**Verksvið:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með fjármálastjórn, bókhaldi, áætlanagerð og starfsmannamálum
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Fulltrúi sveitarfélagsins út á við ásamt sveitarstjórn
- Umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Góð bókhalds- og tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg

Leitað er að öflugum einstaklingi sem býr yfir miklum drifkrafti og áhuga. Um er að ræða afar fjölbreytt og lifandi starf sem m.a. byggist á fjölþættum samskiptum við íbúa, sveitarstjórn, starfsmenn sveitarfélagsins og samstarfsaðila.

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit varð til við sameiningu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar í júlí 2008. Íbúar eru um 950 talsins og landsvæðið um 6.000 ferkílómetrar. Fjölmargar náttúruperlur eru í sveitarfélaginu sem nær milli Vaðlaheiðar og Þeistareykja/Gjástykkis annars vegar og frá Flatey á Skjálfandaflóa inn á Vatnajökul hins vegar. Mannlíf er gróskumikið og atvinnuvegir fjölþættir.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á vefsíðum Þingeyjarsveitar www.thingeyjarsveit.is og Aðaldælahrepps www.adaldaelahreppur.is.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins í Kjarna, 650 Laugar merkt "sveitarstjóri" eigi síðar en þriðjudaginn 5. ágúst næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Ólína Arnkelsdóttir oddviti í síma 8658882 og 4643322.



# SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

**INTERSPORT LINDUM OG BÍLDSHÖFÐA AUGLÝSA EFTIR STARFSFÓLKI Á LAGER OG Í SÖLUSTÖRF**

**Okkur vantar sölumenn í verslanir okkar í Lindum og á Bíldshöfða.
Einnig vantar starfsfólk á lager í Lindum.**

**Við hjá Intersport leggjum áherslu á góðan starfsanda, mikla þjónustulipurð og skemmtilegan vinnustað.**

- Starf sölumanna felst í sölu á íþróttavörum
- Starf lagerstarfsmanna felst í almennum lagerstörfum
- Reynsla af sölu/þjónustustörfum æskileg
- Þekking á íþróttavörum er kostur
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri
- Æskilegt er að umsækjendur séu 20 ára eða eldri

**Í boði eru krefjandi störf í líflegu umhverfi. Hlutastörf eru einnig í boði.
Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí.**

Umsóknir fyrir Bíldshöfða berist til Gunnars Guðmundssonar, verslunarstjóra, á gunnar@intersport.is.
Umsóknir fyrir Lindir berist til Harðar Bragasonar, verslunarstjóra, á hordur@intersport.is.

INTERSPORT®

# SECURITAS

## ÖRYGGISGÆSLA

► Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða í störf öryggisvarða á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtileg verkefni til framtíðar.

► Umsækjendur þurfa að vera ábyrgir og geta unnið sjálfstætt. Hreint sakavottorð og flekklaus ferill eru skilyrði.

**600-700 g grísalund**
**2 msk. hveiti**
**pipar**
**salt**
**1 msk. olía**
**1 lítill blaðlaukur, hreinsaður og smátt saxaður**
**1 dós kókosmjólk**
**½-1 dós/krukka satay-sósa**
**150 g blómkál, skipt í litla kvisti**
**150 g spergilkál, skipt í litla kvisti**
**1 lítil dós ananas í bitum**
**e.t.v. sósujafnari**
**soðin hrísgrjón, salatblöð, sítróna**

*Skerðu lundina í 1-1 ½ cm þykkar sneiðar og veltu þeim upp úr hveiti krydduðu með pipar og salti. Hitaðu olíuna á pönnu og brúnaðu sneiðarnar í um 1 mínútu á hvorri hlið við háan hita. Bættu blaðlauknum á pönnuna, lækkaðu hitann og steiktu í 1-2 mínútur. Helltu þá kókosmjólk og satay-sósu á pönnuna, hrærðu og hitaðu að suðu. Láttu malla í um 5 mínútur. Skerðu blómkál og spergilkál í litla bita og settu á pönnuna ásamt ananasinum. Láttu malla í 5-8 mínútur í viðbót. Bragðbættu með pipar og salti og þykktu sósuna ögn með sósujafnara ef þarf. Berðu réttinn fram með soðnum hrísgrjónum, salati og sítrónubátum.*

Duni
Duni í sumarlitum
Duni býður úrval af dúkum og servíettum í fjölbreyttum litum sem lífga upp á lautarferðir, grillveislur og aðrar veislur sumarsins.
Í verslunum liggur frammi bæklingur frá Duni þar sem finna má fjölmargar hugmyndir að servíettubrotum, sjá einnig www.duni.com.
ENNEMM / SIA / NM34674






# Gufuofnar frá Siemens

## Það besta sem getur komið fyrir grænmetið. Og steikina. Og fiskinn. Hollt og alveg án fitu. Fáðu þér gufuofn frá Siemens!

Gufuofnarnir frá Siemens eru kjörin lausn handa öllum hollustumeðvituðum kokkum og mathákum. Í þeim verður maturinn sérlega gómsætur. Kostir þeirra tala sannarlega sínu máli. Grænmeti heldur stinnleika sínum og safa, kartöflurnar verða ekki mauksoðnar. Eldað er í gufu einni saman. Við það heldur maturinn mjög vel bragðeiginleikum sínum, lit og angan; fjör- og steinefni varðveitast vel og þar með næringargildi hans. Loks er hvorki notuð fita né olía við matreiðsluna. Fitan úr matnum verður fljótandi og drýpur niður í pönnuna sem höfð er undir.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**...GÓÐU SKAPI.** Það er klárlega á lista yfir þá hluti sem eru algjörlega ómissandi í ferðina. Því hvað er ferðalag ef góða skapið vantar?



**...BAKPOKUM,** sem eru sniðugir og þægilegir í gönguferðir. Ofan í þá er hægt að stinga alls kyns girnilegum matvælum sem göngugarpar þarfnast til að halda þreki.



**...TÚNFÍFLUM.** Þá má tína víðs vegar um landið og nýta í matargerð. Blöð fíflanna má nota í salöt, stönglana má borða og blómin er hægt að steikja eða gera úr þeim vín.



**...REGNHLÍFUM,** sem eru frábærar í lautarferðir því þær er bæði hægt að nota til að skýla sér fyrir rigningu eða of mikilli sól. Svo eru þær bara svo léttar og meðfærilegar.



**...DÚKUM,** teppum og ábreiðum, sem hægt er að draga upp úr bakpokum eða nestikörfum og hafa undir dýrindis máltíðir. Svo kemur þetta líka í veg fyrir að fatnaður óhreinkist.


Bragðmikið sjávarfang




# Ljúffengur og litríkur



*Bjóðið upp á ...*
*ristaða humarhala*

Nú er tími fyrir humarveislu. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða ykkar í hentugum umbúðum og uppskrift fylgir með á bakhliðinni.

**Fjórir gæðaflokkar eru í boði:**

- Fyrsta flokks humarhalar
- Góðir humarhalar
- Valdir skelbrotshalar
- Smáhumar í súpur og smárétti

***Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!***



*humarfyllta nautalund eða humar-tagliatelle*

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV






ÚRVALS Eldhús

...með hækkandi sól

ÚRVALS ELDHÚS EHF AUSTURMÖRK 20 HVERAGERÐI SÍMI 555 3637 WWW.URVALS.IS

STOFA 53

# RE/MAX Lind

## Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður




**Velkomin á sölusýningu**
20/07 - Sunnudagur 16:00 - 17:00
21/07 - Mánudagur 17:30 - 18:30

**VERÐ FRÁ 27,2 millj.**

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft á neðri hæðum.

**Gott verð fyrir góða eign. - Húsin eru í byggingu.**

**Stærð 172,5 fm**
**Bílskúr**
**4 herbergja**

## Þrastarás 46 / 221 Hafnarfjörður



Anddyri er bjart, flísalagt gólf, tvöfaldur skápur. Barnaherb. er rúmgott með tvöföldum skáp parket á gólfi. Svefnherb. er stórt með sexföldum skáp, parket á gólfi. Glæsilegt eldhús með viðarinnrétt-ingu, flísar á gólfi og milli skápa. Stofan er stór og björt, flísar á gólfi, útgengt út á svalir.

**Verð 26,8 millj.**
**Stærð 101 fm**
**Sólpallur**
**Sérinngangur**
**3 herb.**



**Bóas**
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

BRB RE/MAX DESIGN CENTER - www.remax-ice.com

# Ás Fasteignasala

Frum

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–17**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

## Nýbyggingar

**Möguleiki á allt að 90% láni**



### HNOÐRAVELLIR 9-19

Ný og falleg raðhús á einni hæð í nýja VALLAHVERFINU í Hafnarfirði. Verð 29,9 miðja - 31,9 endi. Húsin eru 170 fm að stærð og teiknuð og hönnuð af Kára Skarphéð-inssyni arkitekt. Flott skipulag eignar. Laust fljótlega. 7469



### KVISTAVELLIR

Falleg og vönduð raðhús á tveim hæðum, stærð 173 fm, með bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan en fokheld að innan. Gott skipulag. Góð staðsetning. Verð 27,2 millj. miðjuhús og 27,9 millj. endahús. Einnig er hægt að fá húsin lengra komin s.s. tilbúin til innréttingar frá 34,2 - 34,9 millj. gott verð. 7359



### DREKAVELLIR 48-52 HFJ.

Falleg raðhús 189 fm sem skilast fullbúin að utan og fokheld að innan. Góður 35 fm bílskúr. Verð frá 27,9 millj. Húsin eru á tveim hæðum. Gott skipulag eignar. Einnig er möguleiki að fá eignirnar lengra komnar. Gott fermetraverð. 6411



### DREKAVELLIR

Fullb. að utan tilb. til innréttinga að innan Glæsilegar 157 fm 4ra herb. raðhúsaíbúðir með opnu bílskýli. Húsin eru á þremur hæðum. Fernar svalir í suður og norður, sér garðar. Afhent fullbúið að utan, rúmlega tilb. til innrétt-inga að innan. Verð frá 33,0 millj. 7123



### KVISTAVELLIR 4 OG 6 HFJ.

Falleg 191,3 fm raðhús m/bílskúr. 4 sv.herb. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Verð frá 28,9 millj. 4 svefnherbergi. Laust við kaupsamning. Hægt að fá húsið lengra komið. Gott skipulag eignar. 6781

# Opin hús sunnudag og mánudag 694-4000/694-4700

**RE/MAX Torg**

### Háaleiti 17 - 230 Keflavík




**Opið hús sunnudag frá 17:00 - 17:30**
Fallegt og mikið endurnýjað einbýli, húsið er afhent tilbúið til innréttinga. Búið er að fá samþykki fyrir stækkun á húsinu um 25 fm út frá stofu. Möguleiki er á auka íbúð niðri.
**Verð:** 35.900.000
**Herbergi:** 5 **Bílskúr:** Já
**Stærð:** 173 fm

### Gaukshólar 2 - 111 Reykjavík




**Opið hús sunnudag frá 15:00 - 15:30**
Falleg og töluvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 7.hæð. Tvær lyftur eru í húsinu. Eldhúsinnréttingin er mjög falleg sérsmíðuð. Baðherbergið er einnig endurnýjað.
**Verð:** 18.900.000
**Herbergi:** 3
**Stærð:** 81 fm

### Strandvegur 18 - 210 Garðabær




**Opið hús sunnudag frá 16:00 - 16:30**
Mjög rúmgóð og björt 5herb íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi byggðu af BYGG. Eitt besta fermetraverðið í Sjálandinu. Fjögur góð svefnherbergi eru í íbúðinni og tvennar svalir.
**Verð:** 39.900.000
**Herbergi:** 5 **Bílageymsla:** Já
**Stærð:** 141 fm

### Ránargata 2 - 101 Reykjavík




**Opið hús sunnudag frá 17:00 - 17:30**
Glæsileg 4 herbergja ( 2 stofur og 2 svefnherbergi). Íbúðin er á efstu hæð. Tvennar suður svalir eru í íbúðinni. Hún er mjög björt með mjög fallegum kvist gluggum.
**Verð:** 27.900.000
**Herbergi:** 4
**Stærð:** 85 fm

### Grundarás 1 - 110 Reykjavík




**Opið hús mánudag frá 17:30 - 18:00**
Rúmgott, fallegt og einstaklega vel staðsett 5-6 herb. endaraðhús með tvöföldum bílskur. Sundlaug og íþróttaaðstaða er í göngufæri. Fallegt útsýni er úr stofunni yfir Elliðaárdalinn.
**Verð:** 57.900.000
**Herbergi:** 5 **Bílskúr:** Já
**Stærð:** 252 fm

### Hæðarsel 12 - 109 Reykjavík




**Opið hús mánudag frá 18:30 - 19:00**
Glæsilegt og vel umgengið einbýlishús á grónum stað í Seljahverfinu. 5 svefnherbergi eru í húsinu. Bílskúrinn er mjög rúmgóður 30 fm. Garður og verönd eru í suður og vestur.
**Verð:** 59.500.000
**Herbergi:** 7 **Bílskúr:**Já
**Stærð:** 227 fm

### Strandvegur 26 - 210 Garðabær




**Opið hús mánudag frá 17:30 - 18:00**
Glæsileg og mjög rúmgóð 2ja herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi. Gott íbúðalánasjóðs lán getur fylgt. Stofa er rúmgóð. Innréttingar eru fallegar úr eik, HTH. Parket er einnig eik.
**Verð:** 26.500.000
**Herbergi:** 2 **Bílageymsla:** Já
**Stærð:** 84 fm

### Hrísmóar 11 - 210 Garðabær




**Opið hús mánudag frá 18:30 - 19:00**
Glæsileg og mjög vel skipulögð 4ja herbergja íbúð með bílskúr á 2. hæð í fallegu fjölbýli í hjarta Garðabæjar. Frábært útsýni er úr íbúðinni út á sjó. Íbúðin er á 1 og 1/2 hæð.
**Verð:** 32.900.000
**Herbergi:** 4 **Bílskúr:**Já
**Stærð:** 138 fm



**Berglind Hólm Birgisdóttir**
Sölufulltrúi
694 4000
berglind@remax.is



**Hafdís Rafnsdóttir**
Sölufulltrúi
694 4700
hafdis@remax.is



**Bergsteinn Gunnarsson**
Löggiltur fasteigna,- fyrirtækja og skipasali
bergsteinn@remax.is

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 520 9595 - www.remax.is

**GISELE BÜNDCHEN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1980.**

*„Ég klæðist ekki loðfeldum. Ég er einn mesti dýravinur heimsins, á fjóra hunda og tvo hesta. Ég hef bjargað dýrum allt mitt líf.“*

***Gisele Bündchen er fædd í Brasilíu og er ein frægasta og hæst launaða fyrirsæta heims.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SNÆDÍS LAUFEY BJARNADÓTTIR** Á fáum stöðum á landinu er fallegra en í Ásbyrgi. Eins og sést á myndinni eru landverðirnir einkar hressir þannig að hátíðin verður án efa skemmtileg. MYND/ANNA ÞORSTEINSDÓTTIR

ÁSBYRGISHÁTÍÐIN ENDURVAKIN:

## Ferðalag í tíma

Í dag verður Ásbyrgishátíðin endurvakin sem lifandi sögusýning.

Dagskráin byrjar klukkan 13 og stendur til 17 á planinu í botni Ásbyrgis. „Hátíðin var fyrst haldin árið 1938 og var hún þá inni í botni Ásbyrgis. Þá var meðal annars keppt í hlaupi og sundi. Tilgangur hátíðarinnar í ár er að færa okkur aftur í tímann og upplifa hátíðina eins og hún var,“ segir Snædís Laufey Bjarnadóttir, landvörður í Vatnajökulsþjóðgarði og einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Hátíðin í ár verður í anda fimmta áratugarins og verður klæðnaður gesta og gestgjafa og veitingar eftir því.

„Hátíðin gengur út á það að við erum með lifandi sögusýningu þar sem við, gestgjafarnir, ætlum að vera með veitingar og viðburði í anda fimmta áratugarins.“

Á hátíðinni verður keppt í ýmsum íþróttum. „ Við höfum sex vaska karlmenn á okkar snærum sem munu keppa í sundi, hlaupi og kúluvarpi.“

Ekki er aðeins um íþróttaviðburð að ræða heldur verða einnig áhugaverð skemmtiatriði á boðstólum.

„Við verðum með hressandi söng og síðan verða smá ræðuhöld. Áhugaverðar ljósmyndir frá fyrstu árum hátíðarinnar verða til sýnis fyrir gesti og einnig verður hér trúbador sem spilar skemmtilega tónlist í anda fimmta áratugarins.“

Ókeypis er inn á hátíðina en greiða þarf vægt gjald fyrir veitingar. Allar nánari upplýsingar má nálgast í síma 465 2195. **sigridurp@frettabladid.is**

## 80 ára afmæli

**á Óli í Háfi.**

**Hann tekur á móti ættingjum og vinum á afmælisdaginn mánudaginn 21. júlí í FákSheimilinu Víðidal milli kl. 17-21.**

**Ólafur S. Þórarinsson**

**Háfi, Rangárþingi.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**

**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Zophonías Kristjánsson**

Teigaseli 2, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 18. júlí. Útförin nánar auglýst síðar.

**Kristján Zophoníasson — Björk Ólafsdóttir**
**Viðar Zophoníasson**
**Steinunn Kr. Zophoníasdóttir — Árni Haukur Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og stjúpföður,*

**Hilmars Jóhannessonar**

rafeindavirkjameistara, Brekkugötu 19, Ólafsfirði.

Guð blessi ykkur öll.

**Hrafnhildur Grímsdóttir**
**Jóhann G. Hilmarsson — Anne I. Turunen**
**Haukur Hilmarsson**
**afabörn**
**Gunnar B. Þórisson — Helga Helgadóttir**
**Súsanna V. Þórisdóttir — Gunnar S. Sigurðsson**
**Gísli V. Þórisson — Guðný Ó. Viðarsdóttir**
**Grímur Þórisson — Anna Ingileif Erlendsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vigdís Matthíasdóttir**

Vallarbraut 1, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 16. júlí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 25. júlí kl. 13.

**Ingveldur Sveinsdóttir — Guðni G. Jónsson**
**Jóhanna Lýðsdóttir — Hlynur Eggertsson**
**Sigmundur Lýðsson — Þorgerður Benónýsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Ben Þorbjörnssonar**

vélvirkja, Pósthússtræti 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á deild 13e á Landspítalanum við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

**Maja Sigurgeirsdóttir**
**Ásta Ben Sigurðardóttir — Erlingur Bjarnason**
**María Ben Erlingsdóttir — Eyjólfur Ben Erlingsson**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Þór Björnsson**

fv. útgerðarmaður, Árskógum 8, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 28. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 8. júlí kl. 15.00.

**Magnús Þór Hilmarsson**
**Björn Ingþór Hilmarsson — Birna Katrín Ragnarsdóttir**
**Hilmar Þór Hilmarsson — Þórunn Arinbjarnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum af alhug öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar kæru*

**Jóhönnu Halldóru Elíasdóttur**

síðast til heimilis að Öldugötu 44, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar í Grindavík.

**Sigríður Elsa Óskarsdóttir**
**Jón Áskels Óskarsson**
**Valur Óskarsson — Ásdís Bragadóttir**
**Guðríður Óskarsdóttir**
**Hrafnkell Óskarsson — Þórhildur Sigtryggsdóttir**
**Rut Óskarsdóttir — Gunnar Tómasson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Friðrik Jónsson**

málarameistari, Ofanleiti 25 (áður Njálsgötu 8b),

lést á Landspítalanum sunnudaginn 13. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.

**Anna Lind Jónsdóttir — Guðmundur Guðmundsson**
**Arnfríður Jónsdóttir — Karl Þór Ásmundsson**
**Soffía Rut Jónsdóttir — Einar O. Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Inga Ásgrímsdóttir (Inga á Borg)**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést 16. júlí á Landspítalanum Fossvogi verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Páll Pálsson — Hafdís Halldórsdóttir**
**Ásgrímur Gunnar Pálsson — Helga Tryggvadóttir**
**Arndís Pálsdóttir — Rafn Árnason**
**Auðunn Pálsson — Anna Baldvina Jóhannsdóttir**
**Björgvin Rúnar Pálsson — Friður Reynisdóttir**
**Karl Ásgrímsson — Oddbjörg Júlíusdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Konráð Árnason**

Brekkugötu 38, Akureyri, áður Kringlumýri 27,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 9. júlí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.30.

**Nanna Kristín Bjarnadóttir**
**Björg Konráðsdóttir — Anton Benjamínsson**
**Heiðar Geir Konráðsson — Hjördís Stefánsdóttir**
**Halldóra Konráðsdóttir — Karl Símon Helgason**
**og barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,*

**Steinunnar Kristjánsdóttur**

Dalbraut 27, Reykjavík.

**Oddfríður Lilja Harðardóttir — Þórður Guðmannsson**
**Guðmundur Þ. Harðarson — Ragna María Ragnarsdóttir**
**Kristján Harðarson — Ruth Guðbjartsdóttir**
**og fjölskyldur.**














# STUÐ MILLI STRÍÐA Snilldin við ABBA

**ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR** SÁ JAMES BOND OG MARK DARCY SYNGJA ABBA-LÖG



Ég ólst upp við það að hlusta á ABBA. Það tók foreldra mína nokkur ár að taka hljómsveitina í sátt, enda þótti víst alls ekki nógu töff á sínum tíma að fíla ABBA. Ég hef oft heyrt söguna af því þegar móðir mín var stödd með vinkonum á einhverjum ónefndum skemmtistað í borginni og í tækjunum hóf að hljóma eitthvað rosalega skemmtilegt lag sem allir á staðnum virtust fíla og fóru því að dansa við það. Svo var það víst mikið svekkelsi þegar í ljós kom að lagið var ABBA-lag. Svo virðist nú sem ungir Íslendingar þeirra tíma hafi tekið bandið í sátt, enda engin ástæða til annars miðað við skemmtanagildi tónlistar þeirra.

Ég hef af þessum sökum séð leikritið sem gert var eftir lögunum og hlakkaði til að sjá myndina. Og nú er ég, ásamt tólf manns í fjölskyldunni minni, komin í hóp þeirra 25 þúsund Íslendinga sem hafa séð hana.

Söngvamyndir geta, og eru yfirleitt, frekar kjánalegar. En ef maður nær að leiða það hjá sér þá geta þær verið stórskemmtilegar. Það geta líka ekki hverjir sem er komist upp með að leika í svoleiðis myndum. Þegar ég frétti fyrst að Meryl Streep ætti að leika mömmuna í myndinni fannst mér það alls ekki passa. Ég veit ekki hvers vegna ég gerði mér ekki grein fyrir því að herra Mark Darcy – Colin Firth, og herra James Bond – Pierce Brosnan, væru líka að fara að leika og syngja.

Meryl truflaði mig nefnilega ekki neitt og það var einhvern veginn mjög eðlilegt að sjá hana syngja með miklum tilþrifum og tilfinningu. Hins vegar fékk ég mikinn kjánahroll þegar þeir tveir hófu upp raust sína. Það var samt alveg eins og þetta með söngvamyndirnar yfirhöfuð, það þarf bara að komast yfir kjánahrollinn og leiða hann hjá sér, og þá uppsker maður mikla skemmtun. Ég er samt ekki viss um hvort ég var að hlæja vegna þess hversu fyndið var að sjá þá syngja eða vegna þess að mennirnir sem voru James Bond og Mark Darcy á hátindi ferilsins eru nú farnir að leika í söngvamyndum...

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Til sölu



## Narfeyrarstofa í Stykkishólmi

Glæsilegt veitingahús í eigin húsnæði á besta stað í Stykkishólmi. Reksturinn hefur gengið vel og vaxið með hverju ári. Góður hagnaður.
Um er að ræða timburhús á tveimur hæðum sem stendur á steyptum kjallara. Húsið er 156 fm að stærð, auk stórs sólpalls sem nýtist vel á sumrin. Húsið er byggt árið 1906 og endurbyggt í gömlum stíl fyrir rúmum 10 árum. Það er í góðu ástandi með vönduðum innréttingum.

Nánari upplýsingar veitir Jens Ingólfsson í símum 414 1200 og 820 8658.

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

> FYRIRLÍTUR SLÚÐRIÐ

**Penelope Cruz** kann ekki að meta sífelldar slúðurfréttir sem birtast í fjölmiðlum úti um allan heim. Leikkonan segist sannfærð um að slúðrið hafi slæm áhrif á samfélag okkar og það ágerist með degi hverjum. Penelope segir slúðrið einnig hafa bein áhrif á hana sjálfa og að það muni hafa verri áhrif á komandi kynslóðir en við gerum okkur grein fyrir.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Skór í anda Oz

Í tilefni af 70 ára afmæli kvikmyndarinnar víðfrægu Galdrakarlinn í Oz á næsta ári munu tuttugu hönnuðir hanna rauða skó í anda þeirra sem Dóróthea skartaði. Í þeim hópi eru stórstjörnur á borð við Christian Louboutin, Manolo Blahnik og Jimmy Choo, sem venjulega takast á um viðskiptavini, Diane von Furstenberg og Betsey Johnson.

Hver hönnuður mun búa til tvö pör, öll skreytt Swarovski kristölum. Skórnir verða til sýnis á tískuvikunni í New York og á Art Basel í Miami áður en þeir verða svo boðnir upp til styrktar samtökunum Elisabeth Glaser Pediatric AIDS Foundation, sem vinna fyrir alnæmissmituð börn.

Þó að skórnir muni tæplega hafa þá eiginleika sem þeir upprunalegu höfðu þarf vart að draga í efa að þeir muni seljast fyrir háar fjárhæðir að ári.


NORDICPHOTOS/GETTY

**SKÓR FYRIR DÓRÓTHEU?** Tuttugu hönnuðir munu gera rauða skó í anda þeirra sem Dóróthea klæddist í myndinni góðu í tilefni afmælis hennar að ári.

## Gefur út lag

Svo virðist sem leikkonan Hayden Panettiere hafi hug á að leggja tónlistina fyrir sig, en hún lagði leið sína í hljóðver nýlega þar sem hún tók upp nýtt lag sem kallast Wake Up Call. Hayden segist hafa lagt mikið upp úr því að engin tvö lög hljómi eins á væntanlegri breiðskífu hennar, en ekki er vitað hvor leikkonan, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt sem klappstýra í sjónvarpsþáttunum Heroes, ætli að leggja sönginn alfarið fyrir sig eða halda áfram á leiklistarbrautinni.



# Federline fær forræðið

**Britney Spears og Kevin Federline hafa náð samkomulagi í forræðisbaráttu þeirra yfir sonunum Sean Preston og Jayden James. Federline fær fullt forræði.**

Britney Spears og Kevin Federline hafa bundið enda á löng og ströng málaferli vegna forræðisdeilu þeirra með því að semja um forræði yfir sonum sínum tveimur, en þau hefðu átt að mæta fyrir rétt í næsta mánuði til að halda deilunni áfram.

Lögfræðingur Federline, Mark Vincent Kaplan, var duglegur að tjá sig um lyktir málsins við fjölmiðla í gær, og greindi þá frá því að samkvæmt samkomulaginu myndi Federline hljóta fullt forræði yfir börnunum. „Britney mun halda umgengnisrétti sínum sem gæti aukist með tímanum," segir Kaplan, sem segir Federline yfir sig ánægðan með niðurstöðuna. Heimildir slúðurvefsins TMZ.com herma að umgengnisrétturinn muni aukast töluvert strax á þessu ári, en sem stendur fær Britney að hitta syni sína þrisvar í viku, þar af einu sinni yfir nótt. Það helst ágætlega í hendur við þær yfirlýsingar Federlines að hann vilji ekkert frekar en að Spears verði hluti af daglegu lífi og uppeldi barna þeirra.

Eins og flestir vita missti söngkonan forræðið yfir barnungum sonum sínum í október síðastliðnum. Hún hafði þá umgengnisrétt, en hann var skertur verulega eftir að söngkonan var lögð inn á sjúkrahús í janúar vegna geðrænna vandamála, eftir að hún neitaði að láta syni sína af hendi að loknum heimsóknartíma. Samkomulag hjónanna fyrrverandi kom mörgum í opna skjöldu á föstudag, þar sem Britney hefur vegnað töluvert betur síðustu vikur en það sem af var ári og töldu margir að hún myndi aftur fá sameiginlegt forræði. Talið er að bæði hún og Federline hafi þó viljað forðast það fjölmiðlafár og tilfinningalega álag sem áætluð réttarhöld myndu að öllum líkindum hafa í för með sér, og því ákveðið að semja utan réttar.

Hvað Britney varðar herma fréttir þessa dagana að hún hafi varið sumrinu við upptökur á nýrri plötu. „Hún er að vinna með teymi frábærra framleiðenda og lagahöfunda, og við erum mjög spennt yfir því sem hún er búin að gera nú þegar," segir umboðsmaður hennar, Larry Rudolph.



**AUKINN UMGENGNISRÉTTUR?** Talið er að samningur Spears og Federlines feli í sér að söngkonan fái með tíð og tíma aukinn umgengnisrétt við syni sína, en hún fær nú að hitta þá þrisvar sinnum í viku.



**YFIR SIG ÁNÆGÐUR** Lögfræðingur Kevins Federline segir kappann yfir sig ánægðan með niðurstöðuna.

# Justin hrósar David Beckham

Justin Timberlake segir David Beckham eiga allan heiður af því að hafa aukið fótboltaáhuga í Bandaríkjunum. Söngvarinn var kynnir á íþróttaverðlaunahátíðinni ESPY sem fram fór í Los Angeles á miðvikudagskvöld og mun hafa bent á David og Victoriu eiginkonu hans sem sátu á fremsta bekk í Nokia-leikhúsinu, til að þakka David fyrir að hafa ákveðið að spila með Los Angeles Galaxy.

David Beckham kveðst ekki sjá eftir því að hafa flutt búferlum vestur um haf. Á opinberri bloggsíðu sinni segist hann njóta þess að keppa í fótbolta í mismunandi borgum Bandaríkjanna. Einnig þakkar hann fyrir þær góðu móttökur sem hann og Victoria hafa fengið í Los Angeles og segist ekki geta ímyndað sér að búa neins staðar annars staðar í heiminum þessa stundina.



**SEGIR DAVID EIGA HEIÐURINN** Justin hrósar David fyrir að eiga allan heiðurinn af því að vekja áhuga Bandaríkjamanna á fótbolta.


París

27. júlí og 3. ágúst

frá kr. 17.900

Heimsferðir bjóða frábært verð á flugsætum til Parísar 27. júlí og 3. ágúst. París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latínuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríkum mæli. Notaðu tækifærið og bjóddu elskunni þinni til Parísar á frábærum kjörum eða skrepptu með fjölskylduna í hinn einstaka ævintýraheim Disney í París.

Kr. 17.900 Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð á mann.

Kr. 34.900 Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Rauði djöfullinn í stuði

Hellboy snýr aftur í nýrri kvikmynd þar sem hann berst ásamt Abe og Liz hjá hinu opinbera gegn skrímslum, stórum sem smáum, sem herja á mannkyn.

Það verður að segjast undarlegt að Spánverjinn Guillermo del Toro hafi tekið að sér að leikstýra framhaldi Hellboy, sem hann gerði fyrir nokkrum árum, eftir að hafa leikstýrt meistaraverkinu Pan's Labyrinth á síðasta ári. Stíll myndanna er jú ekki svo frábrugðinn, en innihald myndanna er eins og svart og hvítt. Pan's... er átakanleg drama-/ævintýramynd um saklausa stelpu sem upplifir grimman ævintýraheim, á meðan Hellboy II er hasardrifin mynd um skotglaðan son djöfulsins. Del Toro sannar að honum standa flestir vegir opnir; hvort sem það sé magnþrungin dramamynd eða ævintýra-/hasarmynd.

Nálgun del Toros á viðfangsefninu er frábrugðin nýlegri ofurhetjumyndum. Í fyrri myndinni var mennsk persóna sem áhorfendur gátu tengt sig við en hér fylgjast áhorfendur einungis með afbrigðilegum ofurhetjum, hver skrítnari en sú næsta. Hugmyndaflug del Toros og Mike Mignola, skapara teiknimyndabókarinnar, er magnað og getur maður nánast dáleiðst í frumlegum og forvitnilegum ævintýraheimi ríkum af skrautlegum persónum og sviðsmynd. Saga myndarinnar er áhugaverð og skemmtileg en það sem dregur hana einna helst niður er smá krókaleið með ástarmál smokkfisksins Abe, þótt myndin komist fljótlega aftur á skrið.

Ron Perlman fer vel með hlutverk Hellboys og fer ekki á milli mála að hann nýtur hverrar mínútu í gervi rauða djöfulsins. Það kom nokkuð á óvart að ólíkt fyrri myndinni er það Jeffrey Tambor sem stelur senunni en ekki Perlman sem Hellboy. Tambor leikur sjálfhverfa fífilið Tom Manning en hann kom einnig fram í fyrri myndinni. Seth MacFarlane ljáir hinum þýska Johann Krauss, nýjasta meðlimi hópsins, rödd sína af mikilli snilld.

Ofurhetjumyndir og myndir byggðar á teiknimyndasögum hafa verið að sækja í sig veðrið síðastliðin ár og er hægt að fullyrða að árið í ár er á þeim velli það besta frá upphafi, með Iron Man, Hulk og nú Hellboy II. Og ein mynd er ennþá eftir; sjálfur Batman í The Dark Knight.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Hellboy II: The Golden Army**

Leikstjóri: Guillermo del Toro.
Aðalhlutverk: Ron Perlman, Selma Blair, Seth MacFarlane, Jeffrey Tambor.

★★★★

Frumlegur og forvitnilegur ævintýraheimur með skrautlegum persónum og sviðsmynd. Flott hasarmynd.

# Coldplay í megrun

Chris Martin og félagar í hljómsveitinni Coldplay eru komnir í megrun. Eftir að hafa bætt á sig nokkrum kílóum við gerð nýjustu plötu sinnar, Viva la Vida or Death and All His Friends, ákváðu hljómsveitarmeðlimir að skipta út kaloríuríkum mat fyrir salat.

Í samtali við breska dagblaðið Daily Mirror segist Chris Martin nýlega hafa fengið óvenjulega ábendingu um megrunarráð. Það ku hafa verið Mani, bassaleikari hljómsveitarinnar Primal Scream, sem benti Chris á að enginn hefði áhuga á feitri poppstjörnu, en að sögn Chris fitnuðu allir meðlimir Coldplay talsvert meðan á gerð plötunnar stóð.

Mani hvatti Chris og félaga til að borða meira salat og í kjölfarið tóku þeir kaloríuríkar klúbbsamlokur af matseðli veisluþjónustunnar sem ferðast um með þeim félögum á meðan þeir kynna nýju plötuna. Meðlimir hljómsveitarinnar kunna víst vel að meta matarmiklar samlokur og myndu að sögn heimildarmanns falla í freistni ef þær væru á boðstólum.



**BORÐA MEIRA SALAT** Hljómsveitarmeðlimir Coldplay tóku matarmiklar klúbbsamlokur af matseðli sínum eftir að hafa bætt á sig nokkrum kílóum við gerð nýjustu plötu sinnar.

# Skráning hafin í Draggkeppni 2008

Skráning stendur nú yfir í Draggkeppni Íslands árið 2008. Keppnin fer fram í Íslensku óperunni 6. ágúst næstkomandi og þjófstartar þannig Hinsegin dögum, sem hefjast í borginni degi síðar. Skráning fer fram á netfanginu draggkeppni@gmail.com. Áhugasamir þurfa að láta aldur, fullt nafn og símanúmer fylgja umsókn sinni, og eru bæði kynin hvött til að skrá sig. Í fyrra var það Þorsteinn Blær Jóhannsson, eða Steini díva, sem fór með sigur af hólmi sem dragdrottningin Blær, en Ylfa Lind Gylfadóttir, fyrrum Idol-stjarna, varð Draggkóngur ársins.



**RÍKJANDI DROTTNING** Það var draggdrottningin Blær sem fór með sigur af hólmi í keppninni fyrir ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÁSTFANGNAR OG HAMINGJUSAMAR** Kærasta Marks Ronson segir þær Lindsay og Samönthu vera gott par. Enn er beðið eftir því að þær tjái sig um sambandið sem allir eru að tala um. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lindsay og Ronson hamingjusamar

Breska fyrirsætan Daisy Lowe talaði um samband Lindsay Lohan og Samönthu Ronson við dagblaðið The Sun þar sem hún hélt því fram að samband þeirra væri hamingjuríkt og gott.

Daisy er kærasta Marks Ronson sem er eldri bróðir Samönthu og segist hún hafa hitt Lindsay og Samönthu í fyrsta sinn fyrir stuttu.

„Samantha er frábær stelpa og Lindsay er mjög jarðbundin og almennileg. Þær eru mjög sætt par og virðast vera mjög hamingjusamar saman. Mark er mjög ánægður fyrir hönd Samönthu," sagði fyrirsætan um sambandið.

Nú eru það bara Lindsay og Samantha sem eiga eftir að tjá sig opinberlega um samband sitt. Fjölmiðlar hafa fylgst náið með parinu undanfarið en þær hafa hingað til harðneitað að ræða ástarmál sín.





MIÐBÆJARROTTA
... OG STOLTUR AF ÞVÍ



SKOÐAÐU MÁLIÐ Í DAG!

RENAULT CLIO
5 DYRA, BENSÍN, BEINSKIPTUR
VERÐ Á BÍL KR. 2.320.000
SÉRTILBOÐ Í DAG:
27.990*
KR. Á MÁNUÐI



RENAULT MEGANE II
5 DYRA, BENSÍN, BEINSKIPTUR
VERÐ Á BÍL KR. 2.750.000
SÉRTILBOÐ Í DAG:
33.353*
KR. Á MÁNUÐI

RENAULT MEGANE SALOON
4 DYRA, BENSÍN, BEINSKIPTUR
VERÐ Á BÍL KR. 2.790.000
SÉRTILBOÐ Í DAG:
33.830*
KR. Á MÁNUÐI

RENAULT MEGANE SPORT TOURER
5 DYRA, BENSÍN, BEINSKIPTUR
VERÐ Á BÍL KR. 2.850.000
SÉRTILBOÐ Í DAG:
34.623*
KR. Á MÁNUÐI

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða - 50/50 ísl./erl. myntkarfa Glitni – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,84%

www.renault.is

Með bílinn handa þér

**RENAULT CLIO ER EINS OG SNIÐINN FYRIR FÓLK SEM BÝR Í BORG.** Hann er einn af þessum bílum sem er stór að innan og lítill að utan. Með díselknúna verðlaunavél undir húddinu fær hann frítt í stæði í miðborginni. Renault Clio hefur alltaf átt góðu gengi að fagna á Íslandi og nýjasta útgáfa hans hefur slegið í gegn enda var hún valin bíll ársins í Evrópu.

Það er liðin tíð að alla Íslendinga dreymi um að aka um á amerískum pallbílum. Clio er augljós valkostur fyrir skynsamt fólk sem vill nettan og fallegan bíl. Hann kemst inn í smæstu bílastæði og það hversu eyðslugrannur hann er og umhverfisvænn, gerir að verkum stöðumælarnir í miðborginni skipta þig ekki máli. Clio hefur fengið hæstu mögulegu öryggisvottun frá EURO-NCAP og er byggður á margverðlaunaðri hönnun. Og þeir sem gera verðsamanburð sjá að verðið hefur aldrei verið eins gott. Clio er bíll dagsins í dag.

**B&L** Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

RENAULT

## > TaKesha Watson ekki með Keflavík

Hin bandaríska TaKesha Watson mun ekki leika með Íslandsmeisturum Keflavíkur í Iceland Express-deildinni næsta haust en þetta staðfesti Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, í viðtali við heimasíðuna Karfan.is í gær. Leikstjórnandinn snjalli hefur verið einn allra besti leikmaður deildarinnar undanfarin ár en hún var með 27,3 stig að meðaltali í leik í deildarkeppninni á síðasta tímabili og 26,8 stig að meðaltali í úrslitakeppninni og ljóst er að það er gríðarleg blóðtaka fyrir Keflavíkurliðið að missa hana. En Keflvíkingar ætla ekki að deyja ráðalausir og eru sagðir nálægt því að krækja í nýjan bandarískan leikmann í hennar stað.



# sport

sport@frettabladid.is

**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON:** ER EKKERT AÐ TAPA SÉR ÞRÁTT FYRIR GÓÐAN LEIK ÍSLANDS

## *Kemur í ljós um næstu helgi hvar liðið stendur*

Guðmundur Guðmundsson var sáttur eftir að hafa loksins landað sigri á Spáni í fjórðu tilraun.

„Þetta var frekar skrýtinn leikur. Við vorum komnir í vandræði í fyrri hálfleik en náðum að snúa leiknum. Við gerðum ákveðnar breytingar á liðinu og það heppnaðist rosalega vel. Við snúum leiknum og komumst yfir í hálfleik. Liðið var að spila mjög vel í síðari hálfleik. Þeir sem komu inn stóðu sig mjög vel og það er ánægjulegt að sjá það en Spánverjar voru greinilega þreyttir."

„Það er mjög jákvætt að það eru margir leikmenn sem koma inn sem standa sig mjög vel, bæði í vörn og sókn. Við fengum góða vörn með þessum breytingum og fríska sókn. Það kom hraðara tempó í leikinn og menn börðust fyrir þessu. Við ætluðum að sigra. Við höfum leitt alla leikina gegn Spáni að hluta til og tapað naumlega. Nú var kominn tími á sigur og það var mikilvægt að ná honum."



Guðmundur segist ekki horfa lengra fram í tímann en til næsta verkefnis sem fer fram í Strassborg í Frakklandi þar sem Ísland mætir heimamönnum, Egyptum og Spánverjum á þremur dögum.

„Nú tökum við næsta mót, sem er um næstu helgi. Þá kemur í ljós hvar við stöndum. Það er erfitt að meta liðið á þessari stundu." Guðmundur vildi ekkert segja um hvaða leikmenn hann hygðist taka með sér til Peking. „Það er ómögulegt að segja hversu margir hafa nú þegar tryggt sér sæti í lokahópnum."

Alexander Petterson lék mikið í hægri skyttunni í leiknum gegn Spáni og stóð sig frábærlega.

„Við höfum æft að vera með Alexander í skyttunni og það hefur gengið vel. Þess vegna ákváðum við að fylgja því eftir og hann stóð sig frábærlega."

„Flestir leikmenn eru í góðu formi og ég er bjartsýnn eins og alltaf en við verðum að sjá til. Fyrsta markmið er að komast upp úr riðlinum, vera meðal fjögurra efstu í riðlinum," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari um markmið liðsins á Ólympíuleikunum í Peking. **- gmi**

## ÚRSLIT

### *Vináttulandsleikur í handb.*

| | |
|---|---|
| **Ísland-Spánn** | **35-27 (16-15)** |

**Mörk Íslands (skot):** Alexander Petterson 8 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 6/3 (9/3), Logi Geirsson 5 (7), Ólafur Stefánsson 4 (7/1), Bjarni Fritzson 3 (4), Arnór Atlason 2 (3), Sturla Ásgeirsson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (4), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Rúnar Kárason 1 (3), Guðjón Valur Sigurðsson (2)
**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson13 /1 (33/4 39,4%), Björgvin Páll Gústavsson 11/1 (18/2 61,1%)
**Hraðaupphlaup:** 10 (Alexander 3, Bjarni 2, Sturla, Ólafur, Sigfús, Róbert, Ásgeir)
**Fiskuð víti:** 4 (Snorri 3, Arnór)
**Utan vallar:** 8 mínútur
**Mörk Spánar:** Cristian Malmagro 5/4 (12/5), Ruben Garabaua 4 (5), Juan Garcia 4 (5/1), Carlos Ruesga 3 (4), Albert Entrerrios 3 (5), David Davis 2 (2), Victor Tomas 2 (4), Ion Belaustegui 1 (3), Raul Entrerrios 1 (4), Albert Rocas 1 (4), Iker Romero 1 (4)
**Varin skot:** Jose Hombrados 13 (48/3 27,1%)
**Hraðaupphlaup:** 3 (Garcia 2, Tomas)
**Fiskuð víti:** 6 (Tomas 3, Garabaua 2, Prieto)
**Utan vallar:** 4 mínútur

### *Æfingaleikir í fótbolta*

| | |
|---|---|
| Wisla-Liverpool | 1-1 |
| 0-1 Andriy Voronin (6.), 1-1 Tomas Jirsak (12.). | |
| Kaizer Chiefs-Man. Utd | 1-1 |
| 1-0 Jonatan Quartey (38.), 1-1 Chris Eagles (59). | |
| Barnet-Arsenal | 1-2 |
| 1-0 Kenny Gillet (16.), 1-1 Jay Simpson (63.), 1-2 Nacer Barazite (73.). | |

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Kvöddu landann með góðum sigri

**Síðasti æfingaleikur strákanna okkar á Íslandi fyrir Ólympíuleikana endaði með stórsigri á einu besta landsliði heims. Lokatölur urðu 35-27 en íslenska liðið fór á kostum í leiknum, sérstaklega í seinni hálfleik.**

**HANDBOLTI** Ísland rúllaði yfir Spán, 35-27, í síðasta æfingaleik sínum á Íslandi fyrir Ólympíuleikana. Ísland lék frábærlega síðustu 40 mínútur leiksins og vann fyllilega verðskuldaðan sigur á óvenju þunglamalegu spænsku liði.

Spánverjar hófu leikinn af miklum krafti og þegar rétt rúmar 10 mínútur voru eftir af fyrri hálfleik höfðu Spánverjar náð sjö marka forystu, 7-14. Þá hófst frábær leikkafli hjá íslenska liðinu sem skoraði átta mörk í röð og komst yfir, 15-14. Ísland var einu marki yfir í hálfleik, 16-15.

Jafnræði var með liðunum í upphafi síðari hálfleik eða allt þar til staðan var 20-20. Þá kom Björgvin Gústavsson í markið og hélt hreinu í sjö mínútur og Ísland komst sjö mörkum yfir, 27-20. Ísland hélt forystunni allt til leiksloka og vann að lokum sannfærandi sigur á þungum Spánverjum.

Alexander Petterson fór á kostum í skyttustöðunni í sóknarleiknum og skoraði fimm mörk í síðari hálfleik. Alexander reiknar með að þurfa að leysa Ólaf af hólmi í skyttustöðunni á Ólympíuleiknum.

„Við höfum æft þetta þar sem Einar Hólmgeirsson verður ekki með á Ólympíuleikunum. Ég mun líka spila þessa stöðu hjá mínu félagi á næsta tímabili úti í Þýskalandi þannig að það er gott fyrir mig að æfa í þessari stöðu. Ég tel mig geta staðið mig vel í skyttunni."

„Það er mjög gott tilfinning að sigra þetta lið. Þeir eru eitt af fimm bestu liðum heims. Það er mjög gott að sigra þetta lið."

Hlutirnir fóru ekki að ganga hjá Íslandi fyrr en Guðmundur hóf að skipta varamönnunum inn á. „Þjálfarinn tók gömlu mennina útaf," sagði Alexander í léttum dúr um ástæðu hins mikla viðsnúnings sem varð í stöðunni 7-14.

„Við erum með góða leikmenn á bekknum og allir geta staðið sig vel," sagði Alexander í leikslok. **- gmi**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FYRIRLIÐINN** Ólafur Stefánsson reynir hér að brjóta sér leið í gegnum spænsku vörnina af miklu harðfylgi.

Ólympíufararnir kynntu fatnað íslenska hópsins og fengu tölvur að gjöf:

# Allt að verða klárt fyrir ÓL

**ÓLYMPÍULEIKAR** Undirbúningur íslensku keppendanna fyrir Ólympíuleikana í Peking er nú kominn á lokastig. Það er að mörgu að hyggja utan vallar sem innan og því er mikilvægt að allur aðbúnaður og þægindi séu eins og best verður á kosið fyrir Ólympíufarana.

Búnaður íslensku Ólympíufaranna var kynntur í Vodafone-höllinni í fyrrakvöld, í hálfleik á vináttulandsleik Íslands og Spánar.

Klæðnaðurinn samanstendur af inngöngufatnaði, skóbúnaði, daglegum fatnaði og keppnisgalla.

Inngöngufatnaður íslenska hópsins er hannaður af Kristínu Halldórsdóttur og saumaður af fyrirtækinu HEXA, en Kristín sá einnig um hönnun á inngöngufatnaði íslenska hópsins fyrir Ólympíuleikana í Sydney árið 2000 og Aþenu árið 2004.

Skóbúnaður hópsins fyrir inngönguna kemur frá Skókaupum og eru þeir frá fyrirtækinu Skechers en annar skóbúnaður hópsins kemur frá Icepharma og eru það Nike-skór.

Hinn daglegi fatnaður og keppnisgalli Ólympíuhópsins kemur frá Henson en þess utan hannaði fyrirtækið keppnisfatnaðinn fyrir frjálsíþróttir og badminton.

Íslenski hópurinn, keppendur og fylgdarlið, verður líka vel útbúinn tæknilega þar sem Tæknivörur og Vodafone hafa lagt til Samsung-farsíma og Nýherji leggur til Lenovo-fartölvur og Canon-myndavélar. **- óþ**



**FRÍÐUR HÓPUR** Ólympíufaranir íslensku voru með létta tískusýningu í Vodafone-höllinni í fyrrakvöld þar sem ÓL-fatnaðurinn var kynntur. Hér má sjá inngöngufatnaðinn sem Kristín Halldórsdóttir hannaði og keppnisgalla Henson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GJAFIR** Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, tekur hér við tölvu úr hendi Erlings Ásgeirssonar, framkvæmdarstjóra Notendalausna Nýherja. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




**Þeir sem elska smurt brauð í sólskini, listasafn og „bröns" á laugardagsmorgni, hjólatúra, eða Tívolí ættu að fara til Kaupmannahafnar.**

Farðu til Kaupmannahafnar, í helgarferð eða í sumarleyfi, taktu fjölskylduna með og dönsku málfræðina úr tíunda bekk. Værsågod! Þú átt skilið að hafa það „hyggeligt". Drífðu bara í því að panta far!

Safnaðu Vildarpunktum | VISA Punktarnir upp í | MasterCard Ferðaávísun gildir

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.


**VONBRIGÐI** Ólöf María var langt frá sínu besta í gær og fór hringinn á 78 höggum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Opna ítalska BMW-mótið:

## Ólöf María náði sér ekki á strik

**GOLF** Ólöf María Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr GK, er sem stendur í 54.-56. sæti á Opna ítalska BMW-mótinu sem fram fer á Argentario-vellinum í Toscana-héraði á Ítalíu. Hún var talsvert frá sínu besta á þriðja hring keppninnar í gær og náði sér í raun aldrei almennilega á strik og fór hringinn á 78 höggum eða sjö höggum yfir pari vallarins.

Ólöf hóf leik kl. 05.30 í morgun á lokahringnum en mótið er liður í Evrópumótaröðinni. - óþ


**FARINN** Guðni Rúnar Helgason hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir Fylkis. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Leikmannamál hjá Fylki:

## Guðni hættur hjá Fylki

**FÓTBOLTI** Húsvíkingurinn Guðni Rúnar Helgason hefur náð samkomulagi við forráðamenn Fylkis um að hann rifti samningi sínum við Árbæjarliðið og leiti á önnur mið.

Þetta var staðfest í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Guðni Rúnar, sem er 32 ára gamall, hefur leikið átta af ellefu leikjum Fylkis í Landsbankadeildinni í sumar en hann kom til félagsins frá Val fyrir keppnistímabilið árið 2004. - óþ

Lokadagur Opna breska meistaramótsins í golfi fer fram í dag:

# Greg Norman með forystu

**GOLF** Gamli refurinn Greg Norman frá Ástralíu heldur sínu striki á Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Royal Birkdale-vellinum á Bretlandi þessa dagana. Hvíti hákarlinn er efstur fyrir lokahringinn sem fram fer í dag.

**STAÐAN Á OPNA BRESKA**

| Kylfingur | högg yfir pari |
|---|---|
| 1. Greg Norman (Ástralía) | +2 |
| 2.-3. Padraig Harrington (Írland) | +4 |
| 2.-3. KJ Choi (Suður-Kórea) | +4 |
| 4. Simon Wakefield (England) | +5 |
| 5.-8. Ben Curtis (Bandaríkjunum) | +7 |
| 5.-8. Ross Fisher (Englandi) | +7 |
| 5.-8. Anthony Kim (Bandaríkj.) | +7 |
| 5.-8. Alexander Noren (Svíþjóð) | +7 |

Reynsla hins 53 ára gamla Norman kom til góðra nota í gær á Royal Birkdale-vellinum þar sem mikill vindur setti strik í reikninginn og skor kylfinga var eftir því. Aðeins fjórir kylfingar léku á pari í gær en Norman lék á tveimur höggum yfir pari og er því samtals á tveimur höggum yfir pari í efsta sætinu fyrir lokadaginn í dag. Padraig Harrington frá Írlandi og KJ Choi frá Suður-Kóreu eru jafnir í 2.-3. sæti á fjórum höggum yfir pari en Choi var eimitt efstur áður en keppni hófst í gær en hann lék á 75 höggum.

Norman getur orðið elsti kylfingurinn til þess að vinna Opna breska meistaramótið en hann hefur tvisvar sinnum áður unnið mótið, en í ár eru fimmtán ár frá því hann vann það síðast.

„Möguleikinn er vissulega fyrir hendi en það er enn langt í land. Ég er í fínu formi bæði líkamlega og andlega og ég ætla bara að halda áfram á sömu braut og ég hef verði að fylgja hingað til í mótinu,“ sagði Norman, sem sá ástæðu til þess að hrósa keppinautum sínum.

„Padraig er búinn að vera að spila virkilega vel og ég er að sama skapi mjög hrifinn af því sem Choi er búinn að vera að gera,“ sagði Norman. - óþ


**REFUR** Ævintýri Greg Normans hélt áfram í gær á Opna breska Meistaramótinu og Ástralinn gamalreyndi er efstur fyrir lokadaginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

McLaren-maðurinn Lewis Hamilton hélt áfram að aka vel í gær og náði besta tímanum í tímatökunni:

# Lewis Hamilton á ráslínu á Hockenheim

**FORMÚLA 1** Bretinn Lewis Hamilton á McLaren náði besta tímanum í tímatökum á Hockenheimbrautinni eftir harða baráttu við Brasilíumanninn Felipe Massa á Ferrari í gærdag.

Hamilton er búinn að vera í miklu stuði á Hockenheim-brautinni og hreinlega farið á kostum á æfingum þar síðustu daga. Það þarf því ekki að koma á óvart að Hamilton hafi náð besta tímanum í tímatökum í gær og verði fremstur á ráslínu í Þýskalandskappakstrinum sem fram fer í dag.

Massa kom fast á hæla Hamilton en þeir eru einmitt jafnir í stigakeppni ökuþóra með 48 stig fyrir kappaksturinn í dag, ásamt reyndar heimsmeistaranum Räikkönen sem náði einungis sjötta besta tímanum í gær. Heikki Kovalainen, liðsfélagi Hamilton hjá McLaren, náði þriðja besta tímanum og því gátu McLaren unað sáttir við sitt í gær en Hamilton varaði þó við því að ekkert hefði enn verið unnið.

„Ég er auðvitað ánægður með að vera fremstur á ráslínu en ég hins vegar engin stig fyrir það. Ég verð að sýna hvað ég get þegar í keppnina sjálfa er komið. McLaren stefnir að því að taka fyrsta og annað sæti í kappakstrinum, það er ósköp einfalt mál,“ sagði hinn 23 ára gamli Hamilton og hélt áfram.


**YFIRBURÐIR** Hamilton er búinn að aka eins sá sem valdið hefur frá því æfingar hófust á Hockenheim-brautinni og verður því að teljast líklegur til þess að halda uppteknum hætti þegar í keppnina er komið. NORDIC PHOTOS/GETTY


**KÁTUR** Hamilton hefur ríka áherslu til þess að vera ánægður með frammistöðu sína í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

**TÍMATAKA - HOCKENHEIM**

**Rásröð ökuþóra í Þýskalandi í dag:**

| | |
|---|---|
| 1. Lewis Hamilton | (McLaren) |
| 2. Felipe Massa | (Ferrari) |
| 3. Heikki Kovalainen | (McLaren) |
| 4. Jarno Trulli | (Toyota) |
| 5. Fernando Alonso | (Renault) |
| 6. Kimi Räikkönen | (Ferrari) |
| 7. Robert Kubica | (BMW Sauber) |
| 8. Mark Webber | (RedBull) |
| 9. Sebastian Vettel | (Toro Rosso) |
| 10. David Coulthard | (RedBull) |

„Þetta var mjög jöfn barátta í tímatökunni og jafnvel jafnari en ég átti von á, þannig að það eru margir ökumenn sem gera tilkall til sigurs þegar í keppnina er komið,“ sagði Hamilton að lokum.

Það var heldur þyngra hljóðið í Räikkönen í gær.

„Sjötta sæti er alls ekki viðunandi árangur en það er enginn heimsendir heldur og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að gera betur þegar í keppnina er komið,“ sagði Räikkönen, sem kvað Ferrari-liðið hafa lent í vandræðum.

„Við erum búnir að vera í smá vandræðum alla helgina en vonandi gengur þetta allt upp að lokum,“ sagði Räikkönen. - óþ



| Valur | 1-1 | Keflavík |
|---|---|---|

Vodafone-völlur, áhorf.: 1.353 Garðar Örn Hinriks. (7)

*0-1 Hólmar Örn Rúnarsson (23.), 1-1 Helgi Sigurðsson (79.). Rautt spjald Baldur Ingimar Aðalsteinsson (80.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11-12 (6-5) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Ómar 5 |
| Horn | 6-8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 20-15 |
| Rangstöður | 6-1 |

| VALUR 4–5–1 | | KEFLAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 7 | Ómar Jóhannsson | 8 |
| Einar Marteinsson | 4 | Guðjón Á. Antoníus. | 7 |
| (45., Baldur Ingimar | 6) | Kenneth Gustafsson | 6 |
| Atli Sveinn Þórarins. | 5 | (75., Guðmund. Mete | -) |
| Barry Smith | 4 | Hallgrímur Jónasson | 7 |
| (45., Henrik Eggerts | 6) | Nicolai Jörgensen | 5 |
| Rene Carlsen | 6 | Patrik Redo | 5 |
| Rasmus Hansen | 7 | Einar Orri Einarsson | 7 |
| Sigurbjörn Hreiðars. | 6 | ***Hólmar Ö. Rúnars** | **8** |
| Guðmundur Ben. | 5 | Símun Samúelsen | 6 |
| (67., Baldur Bett | 5) | Magnús Þorsteinsson | 7 |
| Pálmi Rafn Pálmas. | 7 | (71., Hans Yoo Mat. | -) |
| Bjarni Ó. Eiríksson | 6 | Þórarinn Kristjánsson | 6 |
| Helgi Sigurðsson | 7 | (61., Hörður Sveins. | 5) |

**Maður leiksins*

## STAÐAN

**LANDSBANKADEILD KARLA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Keflavík** | **12** | **8** | **2** | **2** | **26-16** | **26** |
| 2. FH | 11 | 7 | 1 | 3 | 22-12 | 22 |
| **3. Fjölnir** | **11** | **7** | **0** | **4** | **19-10** | **21** |
| 4. Valur | 12 | 6 | 2 | 4 | 19-15 | 20 |
| **5. KR** | **11** | **6** | **0** | **5** | **19-13** | **18** |
| 6. Breiðablik | 11 | 5 | 3 | 3 | 19-16 | 18 |
| **7. Fram** | **11** | **5** | **0** | **6** | **10-11** | **15** |
| 8. Grindavík | 11 | 4 | 2 | 5 | 15-19 | 14 |
| **9. Þróttur R.** | **11** | **3** | **4** | **4** | **15-20** | **13** |
| 10. Fylkir | 11 | 4 | 0 | 7 | 12-19 | 12 |
| **11. ÍA** | **11** | **1** | **4** | **6** | **8-17** | **7** |
| 12. HK | 11 | 1 | 2 | 8 | 12-28 | **5** |



**TILBÚINN** Persónulegur ráðgjafi brasilíska snillingsins Kaka telur að hann ætti að fara í Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kaka ráðlagt að yfirgefa AC:

## Kaka á leiðinni til Chelsea?

**FÓTBOLTI** Hinn brasilíski Kaka hjá AC Milan virðist vera að hugsa sér til hreyfings ef marka má ummæli Diogo Kotscho, persónulegs ráðgjafa leikmannsins, í viðtali við The Guardian í gær.

„Real Madrid bauð fúlgur fjár í Kaka síðasta sumar og þá litu forráðamenn AC Milan ekki einu sinni við boðinu, en tímarnir er breyttir núna. Vegna fjárhagsstöðu AC Milan, ekki síst eftir komu Ronaldinho til félagsins, þá held ég að það gæti verið gott fyrir alla aðila ef Kaka myndi fara,“ sagði Kotscho, sem heldur því fram að Chelsea sé tilbúið að borga metfé fyrir Kaka, en hæsta verð fyrir félagaskipti til þessa er 46 milljónir punda.

„Chelsea er rétta félagið til að vera hjá í dag, þar er verið að byggja lið til þess að vinna alla titla sem í boði eru. Möguleg félagaskipti myndu líka þýða það að Kaka fengi talsvert hærri laun,“ sagði Kotscho.

Kaka er búinn að vera sterklega orðaður við Chelsea allt síðan Luiz Felipe Scolari, fyrrverandi landsliðsþjálfari Brasilíu, var kynntur sem nýr knattspyrnustjóri Chelsea. - óþ

GANGA.IS
Ungmennafélag Íslands

# Toppbaráttan opin upp á gátt

**Valur og Keflavík skildu jöfn, 1-1, í bráðskemmtilegum leik í Landsbankadeild karla á Vodafone-vellinum í gærdag. Keflvíkingar eru sem fyrr í toppsætinu en FH og Fjölnir eru ekki langt undan og eiga möguleika á að brúa bilið, þar sem þau eiga leik til góða. Valsmenn hafa heldur ekki sagt sitt síðasta í toppbaráttunni.**

**FÓTBOLTI** Valur og Keflavík skildu jöfn í toppbaráttuslag eins og þeir gerast bestir á Vodafone-vellinum í gærdag.

Leikurinn fór fjörlega af stað í blíðskaparveðri að Hlíðarenda þar sem heimamenn höfðu undirtökin til að byrja með. Varnarjaxlinn Atli Sveinn Þórarinsson átti fyrsta færi leiksins þegar þrumuskot hans af stuttu færi var varið laglega af Ómari Jóhannssyni í marki Keflavíkur.

Keflvíkingar voru annars þéttir varnarlega og svo eldfljótir að sækja upp völlinn þegar færi gafst og á 12. mínútu bar eitt slíkt upphlaup þó nokkurn árangur. Magnús Þorsteinsson fékk þá sendingu inn í vítateig Valsmanna frá Þórarni Kristjánssyni og Barry Smith var allt of seinn til og braut klaufalega á framherjanum snögga og vítaspyrna réttilega dæmd. Það kom í hlut Þórarins að taka vítaspyrnuna en honum brást bogalistin hrapallega og Kjartan Sturluson varði auðveldlega frá honum.

Kefvíkingar létu það þó ekki slá sig út af laginu og héldu áfram að hrella varnarmenn Vals, sem voru ráðþrota gegn hröðum sóknarleik Suðurnesjamanna.

Keflvíkingar tóku svo forystu í leiknum á 23. mínútu og markið var heldur betur af dýrari gerðinni. Guðjón Árni Antoníusson skallaði boltann fyrir lappirnar á Hólmari Erni Rúnarssyni hægra megin fyrir utan vítateig Valsmanna og miðjumaðurinn skaut hnitmiðuðu utanfótarskoti upp í markhornið fjær, óverjandi fyrir Kjartan í markinu. En stuttu fyrir markið hafði Ómar varið vel í tvígang frá Valsmönnunum Sigurbirni Hreiðarssyni og Pálma Rafni Pálmasyni. Hlutirnir voru því fljótir að gerast og leikurinn hraður og skemmtilegur þar sem sótt var á báða bóga.

Keflvíkingar virkuðu hins vegar talsvert líklegri til þess að bæta við öðru marki en Valsmenn að jafna það sem eftir lifði hálfleiksins þar sem Magnús og Þórarinn voru líflegir. Valsmenn voru meira með boltann en voru allt of hægir að sækja fram völlinn, sem gerði það að verkum að Keflavíkurvörnin fékk nægan tíma til þess að stilla upp og loka á framherjann Helga Sigurðsson, sem fékk lítinn stuðning og var gjörsamlega týndur í fyrri hálfleik. Staðan var 0-1 í hálfleik.



**ÖFLUGUR** Ómar Jóhannsson átti góðan leik fyrir Keflavík í gær og greip nokkrum sinnum vel inn í á ögurstundu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, gerði tvær breytingar á liði sínu í hálfleiknum þegar varnarmennirnir Barry Smith og Einar Marteinsson fóru út af fyrir miðjumennina Baldur Ingimar Aðalsteinsson og Henrik Eggerts. Þetta var breyting til hins betra fyrir Valsmenn og allt annað var að sjá til liðsins, sem færði sig framar á völlinn og pressaði nokkuð stíft að marki Keflvíkinga.

Pálmi Rafn fékk fínt færi til þess að jafna leikinn fyrir Valsmenn á 67. mínútu en skot hans úr ágætri stöðu á markteignum fór framhjá markinu. Valsmenn voru sem fyrr meira með boltann en náðu lengstum ekki að skapa sér nógu afgerandi marktækifæri.

Jöfnunarmarkið kom hins vegar loksins á 79. mínútu þegar Rasmus Hansen átti sendingu fyrir markið frá hægri kantinum og Helgi Sigurðsson var réttur maður á réttum stað og afgreiddi boltann í netið af stuttu færi.

Skömmu síðar fékk Baldur Ingimar að líta beint rautt spjald fyrir tæklingu á Hans Yoo Mathiesen og Valsmenn því einum færri á lokakaflanum. Keflvíkingar voru í tvígang nálægt því að nýta sér liðsmuninn í blálokin. Fyrst átti Hans Yoo skot sem Kjartan náði að blaka í slá og svo átti Einar Orri Einarsson þrumuskot í uppbótartíma sem fór í innanverða stöngina, en allt kom fyrir ekki og lokatölur urðu 1-1.

Willum Þór var ánægður með sitt lið í leikslok.

„Þetta var hörkuleikur tveggja góðra liða og ég var mjög ánægður með mitt lið í dag. Við vorum kannski meira með boltann heilt yfir en áttum samt í talsverðum erfiðleikum með hraða sóknarmenn Keflavíkur. Það lagaðist þó talsvert í seinni hálfleik og mér fannst við vera öruggari á boltanum. Ég var náttúrlega mjög svekktur með að missa svo mann út af, þar sem mér fannst við vera á góðri siglingu og ég var að horfa fram á það við myndum auka sóknarþungann enn meira í lokin,“ sagði Willum Þór.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, tók undir með kollega sínum um skemmtanagildi leiksins en sá þó eitt og annað að leik sinna manna.

„Þetta var góður leikur þar sem bæði liðin þorðu að sækja og voru að skapa sér færi. Mér fannst við reyndar falla of mikið til baka í upphafi síðari hálfleiks og það er ekki okkar leikur. Okkur hefði kannski tekist að sigla þessu heim með þannig spilamennsku ef við hefðum verið tveimur mörkum yfir í hálfleik, en með aðeins eins marks forystu er það allt of hættulegt eins og raun bar vitni um,“ sagði Kristján og Hólmar Örn tók undir það.

„Ég er svekktur með hvernig við misstum þetta niður í jafntefli. Við áttum náttúrlega að bæta við fleiri mörkum í fyrri hálfleik og féllum of mikið til baka í seinni hálfleik og okkur gekk illa að halda boltanum innan liðsins. Annars var þetta opið og hefði getað endað hvernig sem er,“ sagði Hólmar.





**HÖRÐ BARÁTTA** Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson og Valsarinn Pálmi Rafn Pálmason háðu harða baráttu í jafnteflisleiknum í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Toppbaráttan opin upp á gátt**

Markaskorarinn Helgi Sigurðsson var ánægður með hvernig Valsmenn unnu sig inn í leikinn og kvað Íslandsmeistarana ekki hafa sagt sitt síðasta í titilbaráttunni.

„Við vissum að með tapi í þessum leik myndum við missa af Keflvíkingunum þannig að jafnteflið er ekkert alslæmt þrátt fyrir að maður vilji alltaf vinna. Toppbaráttan er opin upp á gátt og við vitum alveg hvar við viljum vera í haust,“ sagði Helgi að lokum.

omar@frettabladid.is

HK hefur ekki unnið leik í deildinni í tæpan einn og hálfan mánuð og ÍA hefur ekki unnið þar í tvo mánuði:

# Að duga eða drepast fyrir HK og ÍA

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fara fram í 12. umferð Landsbankadeildar karla í kvöld þar sem botnliðin HK og ÍA eiga erfiða útileiki fyrir höndum; HK fer í Krikann og mætir FH og ÍA heimsækir Breiðablik á Kópavogsvöll. Leikir kvöldsins hefjast báðir kl. 19.15.

HK-ingar eru á botni Landsbankadeildar og hafa ekki unnið þar leik síðan í 5. umferð þegar liðið lagði Íslandsmeistara Vals að velli 4-2 í Kópavogi en síðan þá hefur liðið gert tvö jafntefli og tapað fjórum leikjum. Rúnar Páll Sigmundsson er nýtekinn við sem þjálfari HK eftir að Gunnari Guðmundssyni var vikið úr starfi og leikurinn gegn FH í kvöld er annar leikur hans við stjórnvölinn. Hinn gamalreyndi Sinisa Valdimar Kekic mun að öllu óbreyttu leika sinn fyrsta leik fyrir HK í kvöld en varamaðurinn Hermann Geir Þórsson verður í leikbanni.



**ERFITT VERKEFNI** Rúnar Páll Sigmundsson nýráðinn þjálfari HK á erfitt verkefni fyrir höndum .FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FH-ingar eru sem stendur í öðru sæti Landsbankadeildarinnar en hafa verið að slaka örlítið á klónni undanfarið eftir gríðarlega sannfærandi spilamennsku framan af sumri og Hafnarfjarðarliðið hefur tapað síðustu tveimur leikjum sínum í deildinni. FH tók þátt í Evrópukeppni félagsliða á fimmtudaginn og þá var markvörðurinn og fyrirliðinn Daði Lárusson á varamannabekknum vegna eymsla í baki og Gunnar Sigurðsson stóð í markinu, en líklegt verður að teljast að Daði snúi aftur á milli stanganna gegn HK í kvöld.

ÍA voru einnig að keppa í Evrópukeppni félagsliða á fimmtudaginn. Þá voru Jón Vilhelm Ákason, Björn Bergmann Sigurðarson og Þórður Guðjónsson allir á varamannabekknum eftir að vera nýkomnir úr meiðslum en ættu að vera klárir í slaginn gegn Breiðabliki. Stefán Þórðarson gat ekki leikið með ÍA á fimmtudaginn vegna meiðsla í nára og hann verður ekki heldur með í kvöld. Skagamenn hafa ekki átt sjö dagana sæla í sumar og hafa ekki unnið leik í Landsbankadeild síðan í 3. umferð þegar liðið lagði Fram að velli en síðan þá hefur liðið gert þrjú jafntefli og tapað fimm leikjum.

Breiðablik er hins vegar á ágætri siglingu í Landsbankadeildinni og hefur unnið tvo leiki í röð. Þjálfarinn Ólafur H. Kristjánsson hefur verið óhræddur við að gefa ungum leikmönnum tækifæri með liðinu og það hefur gefið góða raun. - óþ



**SJALDAN SVARTARA** Reynsluboltinn Guðjón Þórðarson hefur líklega sjaldan séð það svartara en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HÁSPENNA Á HOCKENHEIM

Um helgina er keppt á hinni frægu Hockenheim braut í Þýskalandi.
Söguleg staða er komin upp í stigamótinu í Formúlu 1.

| | | |
|---|---|---|
| LEWIS HAMILTON | MCLAREN | 48 |
| FELIPE MASSA | FERRARI | 48 |
| KIMI RAIKKÖEN | FERRARI | 48 |
| ROBERT KUBICA | BMW | 46 |



**Í DAG KL. 11:30 - Í OPINNI DAGSKRÁ**

## KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING

**Í KVÖLD KL. 22:00**

## VIÐ ENDAMARKIÐ

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppninnar og þau krufin til mergjar.

**BEIN ÚTSENDING FRÁ TÍMATÖKUNNI OG KAPPAKSTRINUM Í OPINNI DAGSKRÁ.**

2 SPORT besta sætið

2 SPORT besta sætið

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > George Clooney

„Ég bætti á mig kílóum og lét skeggið vaxa af því það stóð í handritinu að þannig væri persónan sem ég lék. Auðvitað hefði ég getað notast við gervi en sem leikari næ ég meiri nánd við persónuna ef ég get verið sem líkastur henni án gervis,“ sagði Clooney um hlutverkið sitt í myndinni „Syriana“ en hún verður sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SÓLMUNDUR HÓLM UNDRAST VAL Á SJÓNVARPSLEIKJUM

## *Misrétti í sjónvarpsrétti*

Ég hef verið duglegur að hrósa Stöð 2 sport fyrir frábæra umfjöllun um Landsbankadeildina. Í þessum pistli ætla ég ekki að draga það hrós til baka. Þess í stað ætla ég að velta upp nokkrum spurningum varðandi val á sjónvarpsleikjum. Sem sagt hvaða leikir Landsbankadeildarinnar eru sýndir beint í sjónvarpi.

Ég hef tekið saman lista yfir það hve oft hvert lið hefur leikið svokallaðan sjónvarpsleik og er óhætt að segja að þar séu skiptin heldur betur ójöfn. Á toppnum trónir FH með sjö sjónvarpsleiki. Breiðablik og KR fylgja þar fast á eftir með fimm leiki. Keflavík og Valur koma næst með fjóra. Því næst koma Fylkir, Grindavík, HK og ÍA með þrjá. Fjölnir og Fram hafa fengið tvo leiki og Þróttur rekur svo lestina með einn leik. Leikur Þróttara var gegn Fylki uppi í Árbæ og leikir Fjölnis voru í Grindavík og í Kópavogi gegn HK. Þessi tvö lið eru einu liðin sem ekki hafa fengið heimaleik í sjónvarpi.



Ég velti oft fyrir mér hvað hefur úrslitavaldið þegar val á sjónvarpsleikjum er annars vegar? Í leikjum FH eru ekki skoruð mörg mörk að meðaltali og leikirnir oft passíft hnoð á báða bóga. Af hverju hefur botnlið HK fengið þrjá leiki í sjónvarpi? Er það af því að það spilar svo leiftrandi skemmtilega knattspyrnu sem skilar sér beint heim í stofu? Sama með Fylkismenn, svo ekki sé minnst á Skagann? Fá þeir sjónvarpsleiki af því að þeir spiluðu vel 1992-1996?

Það er bölvað ströggl fyrir nýliða í efstu deild að reka lið og allt í kringum það. Til þess að halda batteríinu á floti hafa liðin leitað til styrktaraðila. Þeir treysta á að skilaboð þeirra séu sýnileg, sem þau eru vissulega í þessar tvær mínútur meðan mörkin eru sýnd. Nú hafa þrír næstu sjónvarpsleikir verið ákveðnir og þar er enginn Þróttaraleikur, eins og við var að búast. Fjölnismenn fá þó einn leik – í Frostaskjóli gegn KR sem leikur tvo af næstu þremur sjónvarpsleikjum.

## EKKI MISSA AF



▶ **11.30** Formúla 1 Beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40** Út og suður
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** Monk
STÖÐ 2



▶ **20.45** Twenty Four 3
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50** MotoGP Beint
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir og Fínni kostur.

**10.00 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending frá 137. opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Birkdale-vellinum á Englandi og stendur yfir frá fimmtudegi til sunnudags. Mótinu lýsa Hrafnkell Kristjánsson og Ólafur Þór Ágústsson.

**18.45 Táknmálsfréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

▶**19.40 Út og suður** Viðmælendur Gísla Einarssonar að þessu sinni eru Þórir Jökull Þorsteinsson, sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn, og Sigríður Bergvinsdóttir, kartöflukona í Eyjafirði.

**20.10 Dresden** (1:2) Þýsk mynd í tveimur hlutum um ástarævintýri bresks hermanns á flótta og þýskrar hjúkrunarkonu. Aðalhlutverk: Felicitas Woll, John Light og Benjamin Sadler.

**21.40 Gátan um Galíndez** Argentínsk bíómynd frá 2003. Háskólastúlka fer til Spánar að rannsaka dularfullt hvarf baskneska þjóðernissinnans Jesús de Galíndez Suarez 30 árum fyrr. Henni verður lítið ágengt og CIA-maður gerir henni erfitt fyrir en í hvert sinn sem hún ætlar að gefa verkefnið upp á bátinn berast henni nýjar upplýsingar. Aðalhlutverk: Saffron Burrows, Harvey Keitel, Eduard Fernández og Guillermo Toledo.

**23.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Hot Shots!**

**10.00 Meet the Fockers**

**12.00 Bride & Prejudice**

**14.00 Hot Shots!**

**16.00 Meet the Fockers**

**18.00 Bride & Prejudice**

**20.00 Spin**

**22.00 Syriana** George Clooney hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessum pólitíska spennutrylli sem fjallar um valdatafl og meinta spillingu í olíuiðnaði nútímans.

**00.05 Something the Lord Made**

**02.00 The Deal**

**04.00 Syriana**

**06.05 The Wool Cap**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí.

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

**09.35 Tommi og Jenni**

**10.00 Kalli litli kanína og vinir**

**10.45 The Life and Times of Juniper**

**11.10 Bratz**

**11.35 The Powerpuff Girls**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.50 Neighbours**

**13.10 Neighbours**

**13.40 Neighbours**

**14.00 Neighbours**

**14.25 America's Got Talent** (12:12)

**15.55 Monk** (5:16)

**16.55 60 minutes**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Derren Brown - Hugarbrellur** (4:6) Derren Brown heldur áfram að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugarbrellum.

**19.35 Life Begins** (4:6)

▶**20.25 Monk** (14:16) Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn allra sérkennilegustu sakamálanna, sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

**21.05 Women's Murder Club** (5:13) Fjórar perluvinkonur sem gegna ólíkum störfum en þær vinna allar við morðrannsóknir.

**21.50 The Riches** (6:7) Svikahrappar af hjólhýsakyni sem hafa lifað sem sígaunar allt sitt líf, söðla rækilega um og setjast að í venjulegu úthverfi.

**22.35 Wire** (5:13) Fjórða syrpan í myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore þar sem eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**23.35 Cashmere Mafia** (5:7)

**00.20 Canterbury's Law** (1:6)

**01.05 Un long dimanche de fiancailles** (Langa trúlofunin)

**03.15 The Greatest Game Ever Played**

**05.10 Derren Brown - Hugarbrellur**

**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.20 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**10.50 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

▶**11.30 Formúla 1 2008** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Þýskalandi.

**14.15 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Thruxton þar sem Íslendingar eiga tvo fulltrúa.

**14.45 Landsbankadeildin 2008** Umferðir 1-11 gerðar upp í Landsbankadeild karla.

**15.50 Landsbankadeildin 2008** Valur - Keflavík. Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

**17.40 Sumarmótin 2008** Símamótið gert upp í máli og myndum. Á mótinu má sjá framtíðarstelpur íslenskrar knattspyrnu sína tilþrif af bestu gerð.

**18.30 Formúla 1 2008** Útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Þýskalandi.

**20.20 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.

**21.10 Umhverfis Ísland á 80 höggum**

**22.00 F1: Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**22.40 Landsbankadeildin 2008** Valur - Keflavík.

## SPORT 2

**17.10 PL Classic Matches** Wimbledon - Newcastle, 95/96. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**17.40 Bestu leikirnir** Newcastle - Man. Utd

**19.20 PL Classic Matches** Newcastle - Man United, 95/96.

**19.50 Vodacom Challange í Suður Afríku** Útsending frá leik Kaizer Chiefs og Man. Utd.

**21.30 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson** Áttundi þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.20 Bestu leikirnir** West Ham - Sunderland

## SKJÁREINN

**10.15 Vörutorg**

**11.15 MotoGP - Hápunktar** Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

**12.15 Dr. Phil** (e)

**15.15 The Real Housewives of Orange County** (e)

**16.05 The Biggest Loser** (e)

**16.55 Britain's Next Top Model** (e)

**17.45 Age of Love** (e)

**18.35 The IT Crowd** (e)

**19.00 Top Gear - Best of** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

**20.00 Are You Smarter than a 5th Grader?** Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.

▶**20.50 MotoGP** Bein útsending frá Laguna Seca í Bandaríkjunum þar sem ellefta mótið í MotoGP fer fram. Einungis er keppt á stærstu mótorhjólunum (800cc) og beina útsendingin er því talsvert styttri en frá öðrum keppnum í mótaröðinni. Brautin þar er 3600 kílómetrar og þar eru ellefu beygjur þar á meðal svokölluð „Corkscrew" sem er álitin erfiðasta beygjan í mótaröðinni.

**22.05 Children of Fortune** Sjónvarpsmynd frá árinu 2000. Dave Passenger er í rannsóknarlögregludeild sjóhersins og honum er falið að rannsaka morð á kærustu hermanns. Hann rekur slóðina til smábæjar í Arizona þar sem fjölkvæni er stundað. Með í för er unglingsdóttir hans en hann vonast til að bæta sambandið við dótturina með því að leyfa henni að fylgjast með rannsókninni. Aðalhlutverkin leika James Brolin, Virginia Madsen, Amanda Fuller og Michael Moriarty.

**23.35 Call Girls: The Truth** (e)

**00.25 Vörutorg**

**01.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**18:45 Gönguleiðir** Fyrsti þáttur í 12 þátta seríu „Lónsöræfi" Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.35
### Life Begins



Þriðja þáttaröð þessa rómaða breska þáttar úr smiðju höfunda Cold Feet. Þættirnir fjalla á ljúfsáran og gamansaman hátt um líf Maggie Mee og fjölskyldu hennar. Maðurinn hennar Phil fór frá henni og það tók hana langan tíma að jafna sig. Hún kynntist Paul, góðum manni, og það leit út fyrir að þau myndu ná saman. Þá fékk Phil, fyrrverandi eiginmaður hennar bakþanka og vildi koma aftur heim. Þriðja þáttaröðin hefst þegar Mee-hjónin hafa tekið saman aftur og virðist sem allt sé fallið í ljúfa löð. Maggie er þó ekki sama kona og hún var og margt hefur breyst.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Opna breska meistaramótinu í golfi
### Sjónvarpið kl. 10.00

Opna breska meistaramótið í golfi er sögufrægasta golfmót veraldar en það var fyrst haldið árið 1860. Í ár fer það fram í 137. sinn og er haldið á Birkdale-vellinum á Englandi. Sjónvarpið hefur verið með beinar útsendingar frá mótinu en í dag er lokadagurinn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlistargrúsk
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Þættir úr sögu tvífarans
**11.00** Guðsþjónusta í Snartarstaðakirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Listin og landafræðin
**14.00** Loftbelgur
**14.30** Lostafulli listræninginn
**15.00** Flækingur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Saga til næsta bæjar
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Af minnisstæðu fólki
**20.00** Leynifélagið
**20.25** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**21.10** Frá Orkneyjum og Hjaltlandi
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Umhverfis jörðina
**23.10** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Seinfeld** (22:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**18.30 Seinfeld** (1:13)
**19.00 Seinfeld** (21:22)
**19.30 Seinfeld** (22:22)
**20.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious** (7:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls. Hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum.
▶**20.45 Twenty Four 3** (8:24) Jack er staddur í Mexíkó og líf hans hangir á bláþræði. Hann reynir að komast að því hver bjó til og seldi Salazar vírusinn.
**21.30 Entourage** (15:20) Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
**21.55 Seinfeld** (22:22)
**22.20 Seinfeld** (1:13)
**22.45 Seinfeld** (21:22)
**23.10 Seinfeld** (22:22)
**23.35 Sjáðu**
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Only Fools and Horses **12.00** Only Fools and Horses **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Only Fools and Horses **14.00** Only Fools and Horses **14.30** Only Fools and Horses **15.00** Only Fools and Horses **15.30** Only Fools and Horses **16.00** Only Fools and Horses **16.30** Only Fools and Horses **17.00** Only Fools and Horses **17.30** Only Fools and Horses **18.00** Only Fools and Horses **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Only Fools and Horses **20.00** Only Fools and Horses **20.30** Only Fools and Horses **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Only Fools and Horses **22.00** Only Fools and Horses **22.30** Only Fools and Horses **23.00** Only Fools and Horses

## DR 1

**10.00** Historier fra Danmark **10.10** Boxen **10.25** Speedway: Hold VM finale **12.00** Det lille hus på prærien **13.10** Napoleon og Josephine: En kærlighedshistorie **14.40** Landsbyhospitalet **15.30** Postmand Per **15.55** Home things **16.00** Et dejligt hundeliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Kløvedal i Kina **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2008 **19.40** Hævn for dollars **21.45** Jagten på en morder **23.10** Mørkets gerninger

## NRK 1

**10.00** Golf: British Open **13.50** 4•4•2 **16.00** Lillefot og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Energikampen 2007 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.50** Med lisens til å sende: Underholdende øyeblikk **18.20** Millionær i forkledning **19.10** Kavanagh **20.25** NM friidrett **21.00** Kveldsnytt **21.20** Autofil **21.50** Du tror det du ser **23.15** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.35** En film om när män badar **11.05** Jag samlar inte på gårdagar **11.35** Hollywoodredaktionen **12.00** Tango gräl och ledbesvär **13.00** Mitt i naturen **13.30** Sommartorpet **14.00** Kärlek med förhinder **15.00** Anaconda **15.30** VeteranTV **16.00** Anki och Pytte **16.30** Sagoberättaren **17.00** Hundkoll **17.30** Rapport **18.00** Håll tyst, världen! **18.30** Sportspegeln **19.00** Baronessan **19.25** Affärskvinna på 91 **19.30** Mia och Klara **20.00** Muslim i Europa **20.30** En svensk berättelse **21.00** Rapport **21.10** I sinnets våld **22.10** På luffen i Norden




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Mér finnst yndislegt að hún stóð með því að gera það sem hana langaði til. Það vissu allir í kringum hana að skrifin væru það sem hún vildi fást við og eru hennar ástríða. Ég er náttúrlega rosalega stolt af henni og það er gaman að sjá hana vaxa í þessu.“*

Mínerva Haraldsdóttir um dóttur sína Guðrúnu Evu Mínervudóttur rithöfund. Kvikmyndafélagið Pegasus keypti nýverið kvikmyndarétt á skáldsögu hennar Yosoy.

## HIN HLIÐIN SNÆBJÖRN BRYNJARSSON LEIKLISTARMAÐUR

# *Viðkunnanlegur eftir annan kaffisopann*




**Hvað er að frétta?** Í augnabliki vinn ég í gjörningalist með Stígis og leikstýri svo hinum frábæra leikhópi Sýni á kvöldin.
**Augnlitur:** Gráblár.
**Fæðingardagur:** 30. nóvember 1984.
**Starf:** Ég er leiklistarmaður.
**Fjölskylduhagir:** Ég á tvær systur, plús foreldra, en því miður ekkert gæludýr.
**Hvaðan ertu?** Ég hef nánast alla ævi búið í Hafnarfirði og lít á mig sem Hafnfirðing. Á ættir að rekja annars út um allt.
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei, en ég trúi á hið góða í manninum.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** The IT Crowd eða The Mighty Boosh.
**Uppáhaldsmatur:** Kebab er uppáhaldsskyndibitinn minn. Við þurfum að hvetja fleiri Tyrki til að setjast hér að.
**Fallegasti staðurinn:** Hellisgerði í Hafnarfirði. Ég held að það væri frábær staður til þess að setja upp leiksýningu. Hafið því augun opin fimmtudaginn 8. ágúst. Svo er Þórsmörk líka ágæt.
**iPod eða geislaspilari?** Grammófónn, það er svona ekta.
**Hvað er skemmtilegast?** Að fá sér bjór með vinum sínum.
**Hvað er leiðinlegast?** Röfl um krónuna. Tökum bara upp evruna og hættum að væla.
**Helsti veikleiki:** Ég fer aldrei að sofa nógu snemma og verð sökum þess oft úrillur.
**Helsti kostur:** Eftir annan kaffisopa dagsins klukkan 10.30 er ég mjög viðkunnanlegur.
**Helsta afrek:** Útskriftarverkefnið mitt. Ég hef ekki verið jafn stoltur af neinu listaverki eftir mig.
**Mestu vonbrigðin:** Fagra Ísland. Það er jafnvel enn ömurlegra en árangur okkar í Eurovision.
**Hver er draumurinn?** Að læra níu tungumál áður en ég dey.
**Hver er fyndnust/-astur?** Þar sem George Carlin er dauður þá annað hvort Kjartan eða Arnór vinir mínir.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Fólk sem er ókurteist að ástæðulausu.
**Hvað er mikilvægast?** Að geta látið gott af sér leiða.

## FRÉTTIR AF FÓLKI





Hið ómálaða málverk **Hallgríms Helgasonar**, sem seldist fyrir rúmar 20 milljónir á fjáröflunarkvöldi UNICEF, fyrir tveimur árum mun komið málað á vegg kaupandans. Fréttablaðið heyrir að veggurinn sá sé undir þaki **Þorsteins M. Jónssonar** sem betur er þekktur sem Steini í Kók. Myndefnið mun vera sjálfur Jesús Kristur á gangi eftir Skúlagötu.

- jbg

„...fyrst á vísir.is“

vísir.is
...ég sá það á vísir.is

SVERRIR GUÐJÓNSSON: AUKABÚGREIN VINDUR UPP Á SIG

# Tónlistarmaður selur te á Michelin-veitingastað

„Ég hef alltaf verið áhugamaður um te og teblöndur og leikið mér að því að búa til teseið til margra ára,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Guðjónsson sem selur teblöndurnar Hvíta galdur, Svarta galdur og Nornaseið, en teblöndur hans hafa teygt anga sína út fyrir landssteinana þar sem þær eru notaðar í matargerð á Noma, einu flottasta veitingahúsi heims.

„Það var fyrir algjöra tilviljun sem ég kynntist eigandanum, René Redzepi, fyrir nokkrum árum. Þá var hann að leita af hugmyndum fyrir veitingastaðinn og sækjast eftir afurðum af norrænum slóðum. Þegar ég bauð honum svo upp á tebolla var hann strax ákveðinn í að nota teið í matargerðina,“ útskýrir Sverrir, en Noma sem er staðsettur í Kaupmannahöfn hefur hlotið tvær Michelin-stjörnur og er í tíunda sæti yfir bestu veitingastaði heims 2008. René vann fyrstu Food and fun keppnina sem haldin var fyrir fjórum árum, þar sem hann notaði Nornaseið í frauð sem var hluti af eftirrétti, en Gunnar Karl Gíslason yfirmaður veitingastaðarins Vox notar Nornaseiðinn nú til að grafa steinbít og lax.

„Ég vildi ekki gefa upp blönduna svo ég útbjó sjálfur tegundirnar þrjár og fékk aðstoð við að útfæra miða utan á pakkningarnar,“ segir Sverrir sem framleiðir allt teið sjálfur. „Ég geri svolítið magn þegar ég kemst í testuð, en ég ákvað að hafa þetta bara handgert og vil frekar að fólk þurfi að hafa aðeins fyrir því að leita tein uppi,“ segir Sverri og hlær, en tein eru aðeins fáanleg í Kaffifélaginu á Skólavörðustíg.



**GERIR TEBLÖNDUR FYRIR HEIMSFRÆGAN VEITINGASTAÐ** Teblöndur Sverris Guðjónssonar hafa meðal annars verið notaðar í eftirrétti og til að grafa fisk, en hann framleiðir allt teið sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Hugmyndin af teinu er víðtæk og er byggð á sögu víkinga, en sem tónlistarmanni finnst mér teblöndurnar í raun vera tónlist í tebolla. Nú ætla ég aðeins að fara að pressa á sjálfan mig og koma þessu til Akureyrar og Egilsstaða og svo hefur Te og Kaffi sýnt blöndunum mikinn áhuga. Ég er einnig búinn að hanna eina nýja tegund í viðbót sem er barnate, einungis gert úr fræjum, en fræin eiga eftir að vaxa líkt og börnin, sem er umhugsunarvert í spegli samtímans,“ segir Sverrir að lokum.

alma@frettabladid.is



**50 HJÓL TIL SÝNIS** Heiðar Jóhannsson hafði safnað 22 mótorhjólum þegar hann lést í mótorhjólaslysi í júlí 2006, en safnið á Akureyri verður reist í minningu hans.

# Opna mótorhjólasafn á Akureyri

„Föðurbróðir minn lést í mótorhjólaslysi fyrir tveimur árum síðan, en þá hafði hann ætlað sér að opna mótorhjólasafn og var komin með 22 hjól. Við ákváðum því að taka við kyndlinum og opna safn í minningu hans,“ segir Jóhann Freyr Jónsson, safnstjóri á mótorhjólasafni sem reist verður til minningar um Akureyringinn Heiðar Jóhannsson. Safnið verður á safnasvæðinu sunnan við Iðnaðarsafnið á Krókeyri og verður alls um 800 fermetrar að stærð.

„Fjölskylda og vinir Heiðars hafa stofnað sjálfseignarstofunun um bygginguna og reksturinn, en stefnt er að því að framkvæmdum við fyrsta áfanga verði lokið næsta sumar. Auk þeirra hjóla sem Heiðar átti hefur safnið fengið mörg að gjöf og á nú orðið um 50 mótorhjól sem munu vera til sýnis,“ útskýrir Jóhann Freyr.

„Safnið verður án efa skemmtileg viðbót við safnaflóruna í Eyjafirði, en ekki síður heimildageymsla um sögu mótorhjóla sem er stór hluti samgöngusögu Íslands,“ segir Jóhann.

- ag



Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1,
210 Garðabær, s: 585 8300

# Skjóta upp eldflaug í ágúst

AIR, eða Amateur Icelandic Rocketry, er áhugafélag um eldflaugar á Íslandi. Magnús Már Guðnason, nemi í efnaverkfræði í DTU í Danmörku, og Smári Freyr Smárason pípari standa að verkefninu. AIR sendi upp fyrstu eldflaug sína 18. nóvember 2006 og aðstoðaði nemendur í HR við eldflaugaskot fyrr á árinu. Nú stefna þeir á að senda aðra flaug, 3,5-4 metra háa, upp í lok ágúst.

„Við stofnuðum þetta áhugamannafélag 2006. Markmiðið frá upphafi var að smíða eldflaug sem myndi brjóta hljóðmúrinn og notast við blöndu af sykri og saltpétri. Svo vildum við bara smíða eldflaugar og almennt gera eitthvað skemmtilegt annað en að hanga í skólanum,“ segir Magnús. Verkefnið er talsvert stærra en þá. „Það var bara tilraunaflaug. Hún átti aldrei að fara yfir hljóðhraða. Hún fór upp á 590 km/klst hraða og upp í 1,1 km hæð. Það var bara fyrsta skrefið í áttinni að þessari flaug sem við erum að gera núna.“ En hvað gera AIR þegar þeir hafa náð markmiði sínu?

„Það er góð spurning. Það er alltaf hægt að gera eitthvað meira. Við stefnum á að koma þessari flaug sem við erum að smíða núna upp í um það bil 1.500 km/klst. Hljóðhraðinn er 1.220 km/klst. Hún mundi fara upp í um 5 km hæð. Næst yrði þá bara að fara yfir 10 kílómetrana.“



**FYRSTA TILRAUN** Fréttablaðið fylgdist með frumraun AIR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eldflaugasmíði er dýrt áhugamál. „Allur efniskostnaður er styrktur af fyrirtækjum. Við erum alltaf að leita að styrkjum. Hingað til hafa um 15 fyrirtæki styrkt verkefnið og þetta hefur kostað um tvær milljónir í efniskostnað. Ef einhver hefur áhuga þá má hann hafa samband.“ Flaugin fer upp í lok ágúst, gangi allt að óskum. „Það fer eftir því hvort allt klárast í tíma.“ Hægt er að fylgjast með ferlinu á eldflaug.com.

- kbs


NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
FRISSI FRÍSKI
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast
VERÐ FRÁ KR. 99
Íslensk tónlist - erlend tónlist
TÓNLIST
klassík - jazz - DVD tónlist
Takmarkað magn
Bestu plötur allra tíma fást á Risamarkaðinum
Þúsundir titla í boði
TÖLVULEIKIR
Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo
VERÐ FRÁ KR. 999
DVD MYNDIR
VERÐ FRÁ KR. 199
Nóg af bílastæðum
NÝTT KORTA-TÍMABIL
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

## *Minni frumleika, meiri hæfileika*

Á síðustu öld gerðu listamenn í stórum stíl uppreisn gegn formi og reglum sem þeim fannst sníða sköpun sinni of þröngan stakk. Skáldin sprengdu utan af sér formið og sögðu hefðbundinni bragfræði stríð á hendur. Myndlistarmenn lögðu pensla og striga til hliðar og unnu með öðrum verkfærum. Jafnvel gat listin verið í því einu fólgin að setja gamlan hlut í nýtt samhengi. Fyrir þetta uppgjör standa allir sæmilega listhneigðir menn í þakkarskuld við þá enn þann dag í dag.

**ÞEIR** sem fylgdu í kjölfarið virðast hins vegar upp til hópa algerlega hafa misskilið um hvað uppreisnin snerist, gegn hverju andófið beindist. Uppreisnin var nefnilega ekki gegn forminu sem slíku, heldur gegn list sem þjónaði engum tilgangi öðrum en forminu, list sem var ekki um neitt annað en uppskriftina að sjálfri sér. Þannig er það vandræðalega augljóst að ástæða þess að langflest skáld yrkja formlaus ljóð nú á dögum er ekki að þau hafi sprengt formið utan af sér, heldur að þau gætu ekki fyllt upp í það þótt þau reyndu.

**EINU** sinni sagði leikstjóri við leikhóp sem ég var í að við ættum alls ekki að hafa gaman af þessu. Það væri ekki tilgangurinn, tilgangurinn væri að áhorfendur hefðu gaman af þessu. Það tókst. Áhorfendur höfðu gaman af sýningunni og viti menn: Það veitti okkur aðstandendum hennar ánægju. Þetta rifjaðist upp fyrir mér um daginn vegna þess að ég varð vitni að listsköpun ungmenna. Þau spiluðu ekki óhljóð af bandi í sal með flöktandi ljósum eða héngu hreyfingarlaus í neti eins og nú tíðkast aðallega, heldur stilltu þau sér upp á almannafæri og sungu rammfalskt. Gjörningurinn var sennilega í því fólginn hvað þau voru í bjánalegum búningum og með asnalega andlitsmálningu. Eflaust höfðu þau sjálf mjög gaman af þessu. En ef þau hefðu lagt einhverja vinnu í að æfa sönginn hefði ánægja áheyrenda af uppákomunni hugsanlega orðið einhver. Fyrir vikið hefði ánægja þeirra sjálfra af henni kannski rist dýpra.

**ÞESS** vegna langar mig að frábiðja mér allan þennan frumleika og óska eftir því að fá að sjá einhverja hæfileika. Það er ólíkt skemmtilegra að heyra gamalt lag leikið vel en að heyra glænýtt glamur. Mér finnst nefnilega mun merkilegra að kunna á hljóðfæri en að geta misþyrmt því á áður óþekktan hátt.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er sunnudagurinn 20. júlí, 203. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.57 | 13.34 | 23.08 |
| Akureyri | 3.17 | 13.19 | 23.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Þegar þú brosir, þá brosum við!

Með persónulegri þjónustu, hlýju viðmóti og liðlegheitum viljum við senda farþega okkar út í heim og skila þeim aftur ánægðum eftir vel heppnað ferðalag í útlöndum.

Nú fer hver að verða síðastur til að bóka flug út í sumar. Smelltu þér á **icelandexpress.is** og skoðaðu frábært úrval áfangastaða!

Iceland Express
með ánægju

Fíton/SÍA


